

HALLDÓR

skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn






Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
6. apríl 2011
80. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




## Æðisleg upplifun

*Hin 14 ára Magdalena Sara Leifsdóttir sigraði í Elite-fyrirsætukeppninni.*

fólk 24

## Bjartsýnin borgar sig

*Bílaleigan Hertz á Íslandi er fjörutíu ára.*

tímamót 18



## Afgreitt mál

*Real Madrid og Schalke eru bæði komin með annan fótinn í undanúrslit Meistaradeildarinnar.*

sport 26

## veðrið í dag




**SKÚRAVEÐUR** Í dag má búast við strekkingi við S- og V-ströndina og skúrum en heldur hægari vindi annars staðar. Úrkomulítið NA- og A-lands verður úrkomulítið.

VEÐUR 4

# Tíu kynferðisbrotamál á borð kirkjunnar 2010

**Fagráð þjóðkirkjunnar fékk tíu mál inn á borð til sín á síðasta ári. Öll varða þau kynferðisbrot af hendi starfsfólks kirkjunnar. Tveimur hefur verið vikið úr starfi. Eitt mál var sent til barnaverndarnefndar og fór ekki inn á borð fagráðs.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** Fagráð um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar fékk tíu ný mál inn á borð til sín á síðasta ári. Tveimur hefur verið vikið úr starfi, en hvorugur starfaði sem prestur.

Fagráðið lítur á öll tilvik sem alvarleg brot. Sum málanna áttu sér stað þegar þolendur voru börn að aldri og eru fyrnd að lögum. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu fagráðs þjóðkirkjunnar.

Formaður fagráðsins, Gunnar Rúnar Matthíasson, segir að í öllum tilvikum sé þolendum bent á sem fyrsta valkost að leita til lögreglu. Ekkert af málunum hafi þó ratað þangað, líklega vegna þess að mörg þeirra séu fyrnd. „Við erum greinilega enn að vinda ofan af fortíðinni og ég vona að við séum að gera það vel,“ segir Gunnar.

### 13 mál til fagráðs

Fagráð þjóðkirkjunnar var stofnað árið 1998. Fram til ársins 2010 höfðu þrjú mál komið inn á borð þess. Nú eru þau orðin þrettán. Sex af þeim tíu málum sem komu til fagráðsins á síðasta ári bárust á síðustu fjórum mánuðum ársins. Þá lét fagráð sig einnig varða eldri mál um ásakanir á hendur Ólafi Skúlasyni, fyrrverandi biskupi. Þau eru ekki tilgreind með heildarfjöldanum.

Ekki er gerður greinarmunur á því hvort gerendur séu prestar eða gegni öðrum störfum innan kirkjunnar.

„Brotin eru ekki síður alvarleg þegar þau verða af hendi þeirra sem hafa minni skyldum að gegna, eins og í æskulýðsstarfi, kórastarfi, safnaðarþjónustu eða öðru,“ segir Gunnar. „Þó höfum við ekki þurft að sinna mörgum slíkum málum.“

Gunnar segir að nauðsynlegt sé að vera vakandi fyrir því að gerendur geti verið af báðum kynjum. „Það er eins með þolendur. Þar horfum við ekki á kynferðisþáttinn, heldur þátt ofbeldis og misnotkunar í hverju máli fyrir sig. Og hann vegur jafnt ef einstaklingur í trúnaðarstöðu brýtur á einhverjum sem treystir honum,“ segir Gunnar.

Eitt tilvik var tilkynnt til barnaverndaryfirvalda á síðasta ári og er það ekki eitt af þeim tíu sem komu á borð fagráðsins. Það mál kom upp í æskulýðsstarfi innan kirkjunnar og er gerandinn annar þeirra sem vikið hefur verið úr starfi. - sv



**SNÚ SNÚ Í MELASKÓLA** Krakkarnir í Melaskóla fögnuðu mildu veðri sem gældi við landsmenn í gær og brugðu sér í snú snú og aðra gamla og góða sumarleiki. Búast má við strekkingi víða um land í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Puttalingar af þjóðvegunum:

# Fylla bílaleigubíla með húkki

**FERÐALÖG** Færst hefur í vöxt að erlendir ferðamenn óski eftir puttalingum í bílaleigubíla sína til að deila með sér eldsneytiskostnaði sem og upplifun sinni á landinu.



BIRGIR ÞÓR HALLDÓRSSON

Þetta segir Birgir Þór Halldórsson eigandi vefsíðunnar samferda.is sem tekið hefur við sem helsti viðkomustaður puttalinga af þjóðvegum landsins.

Birgir segir að eftir að kreppti að í buddum landsmanna hafi orðið sprenging í notkun vefsíðunnar.

„Puttalingar nútímans skipuleggja ferðir sínar með auglýsingum á netinu og tryggja sér far með ókunnugum fram í tímann, en á sama tíma leita æ fleiri bíleigendur að samferðafólki til lengri ferða, og með góðum árangri,“ segir Birgir.

- þlg / Allt í miðju blaðsins

Skýrsla Matvælastofnunar:

# Díoxín-mengað ryk talið fjúka

**UMHVERFISMÁL Sérfræðingahópur Matvælastofnunar óttast að mengað ryk frá sorpbrennslunni Funa fjúki um í Skutulsfirði og viðhaldi menguninni þrátt fyrir að brennslunni hafi verið hætt.**

**Í bráðabirgðaskýrslu segir að fram að þeim tíma sem brennslu var hætt hafi borist stöðug mengun frá Funa. Mikið af því mengandi efni sé enn á svæðinu og sennilegt er að það verði á ferðinni þar um nokkurn tíma. „Því er líklegt að mengun sé enn að eiga sér stað á svæðinu,“ segir í skýrslunni.**

**Hætta er á að díoxín mengi jarðveg í Engidal næstu áratugina, að mati sérfræðings.**

- shá / sjá síðu 6

Samtök atvinnulífsins leggja til 35 ára kvóta og tengingu veiðigjalds við hagnað:

# Gefa ekki eftir í sjávarútvegsmálum

**STJÓRNMÁL** Samtök atvinnulífsins hafa kynnt ríkisstjórninni tillögur sem meðal annars fela í sér að aflaheimildum verði úthlutað til minnst 35 ára en ekki ótímabundið eins og nú sé. Einnig að veiðigjald miðist við hagnað útgerða í stað framlegðar.

„Það er alveg klárt að það verður ekki skrifað undir neina kjarasamninga á meðan verið er að rústa sjávarútveginum eins og er samkvæmt frumvarpi sem búið er að smíða eftir því sem við komust næst. Ég held að forystumenn ríkisstjórnarinnar séu ekki farnir að skilja það ennþá að við ætlum ekki að gefa þetta eftir,“ segir Vilmundur Jósefsson, formaður SA.

Ekki fengust viðbrögð forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar eða forystu sjávar- og landbúnaðarnefndar Alþingis í gær. Vilmundur segir SA hafa átt tvo fundi með Jóni Bjarnasyni sjávarútvegsráðherra. „Það er bara talað út og suður,“ segir Vilmundur um þá fundi. - gar


SANYL ÞAKRENNUR



- RYÐGA EKKI
- PASSA Í GÖMLU RENNUJÁRNIN
- STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
- AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
- ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

„Ótrúlega grípandi.“ Now

Ný bók eftir Dorothy Koomson, höfund Dóttir hennar, dóttir mín og Góða nótt, yndið mitt

www.forlagid.is






FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.

HÚSASMIÐJAN

**SPURNING DAGSINS**



*Haukur, ertu enn með á nótunum?*

„Ég vona það. Maður reynir að tryggja að maður sé það.“

Orgelleikarinn Haukur Guðlaugsson lætur áttræðisaldurinn ekki aftra sér frá því að spila á hljóðfærið sitt á hverjum degi.

Flóknar samningaviðræður um brotthvarf Gbagbos fram á síðustu stundu:

# Gbagbo hrökklast frá völdum

**FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP** Laurent Gbagbo hafði hreiðrað um sig í kjallarabyrgi ásamt fjölskyldu sinni í gær, umkringdur herliði andstæðinga sinna, en neitaði fram á síðustu stundu að semja um brotthvarf sitt frá völdum.

Stjórnarherinn var hættur að berjast gegn liði uppreisnarmanna en leiðtogi þeirra lagði áherslu á að hann kæmist frá átökunum lifandi.

Gbagbo hefur verið forseti Fílabeinsstrandarinnar í áratug, en tapaði í forsetakosningum í nóvember. Hann neitaði að viðurkenna þau úrslit, þótt bæði Sameinuðu þjóðirnar og Afríkubandalagið segi ekkert athugavert við framkvæmd kosninganna.

Sigurvegari kosninganna, Alassane Ouattara, reyndi lengi vel að fá hann til að láta af völdum með friði. Leiðtogar nágrannaríkjanna fóru sömuleiðis margsinnis á fund hans til að semja um málið.

Frakkar settu Gbagbo þau skilyrði í gær, að hann myndi undirrita staðfestingu þess að hann hafi látið af völdum og viðurkenna Ouattara sem eftirmann sinn í embætti.

Hann hafnaði þeim skilyrðum í gærkvöld. **- gb**



**SIGURVISSIR** Liðsmenn Ouattaras komnir inn í Abidja, þar sem Gbagbo hafði hreiðrað um sig í kjallarabyrgi. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkið getur ekki setið hjá:

# Vill fundi um díoxínmengun

**ALÞINGI** Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, telur brýnt að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis komi saman og ræði sérstaklega stöðu bænda í Engidal og Skutulsfirði vegna díoxínmengunar.

Ríkið hefur bannað sölu afurða frá þeim bændum. „Ríkisvaldið getur ekki setið hjá í þessu máli og látið tjónþolana eina um að þurfa að sækja sinn rétt án þess að fyrir liggi skýr stefna um opinbert aðgerðaplan í sambærilegum málum,“ segir Sigurður Ingi.



**SPRENGJUR FALLA** Uppreisnarmenn voru hraktir frá Brega. NORDICPHOTOS/AFP

Átökum linnir ekki í Líbíu:

# Stjórnarherinn nær Brega á ný

**LÍBÍA, AP Atlantshafsbandalagið segir að loftárásirnar á Líbíu hafi nú þegar eyðilagt þriðjunginn af þungavopnum Múammars Gaddafí og liðsmanna hans.**

**Engu að síður hröktu liðsmenn Gaddafís uppreisnarmenn frá olíuborginni Brega, sem nokkrum sinnum hefur fallið í hendur uppreisnarmanna eða stjórnarhersins á víxl í átökunum undanfarnar vikur.**

**Liðsmenn Gaddafís eru teknir upp á því að fara með þungavopnin inn í borgirnar, í von um að NATO geri ekki loftárásir á þau vegna hættu á manntjóni.** **- gb**

Sænskt par í hremmingum:

# Brúðkaupsferð á hamfaraslóðir

**SVÍÞJÓÐ, AP** Þau Stefan og Erika Svanström kynntust ýmsum verstu hamförum sögunnar á brúðkaupsferð sinni í vetur.

Þau héldu fyrst til Þýskalands í desember síðastliðnum, þar sem þau urðu strandaglópar vegna einnar mestu snjóatíðar síðustu áratuga. Þaðan héldu þau til Ástralíu þar sem þau lentu í fellibyl í Cairns og stórflóðum í Brisbane, en rétt sluppu við kjarreldana í Perth.

Þaðan lá leiðin til Christchurch á Nýja-Sjálandi, þar sem 6,3 stiga jarðskjálfti reið yfir. Loks varð 9 stiga jarðskjálfti í Tókíó þegar þau voru komin þangað.

Heim til Svíþjóðar komust þau heilu og höldnu í lok mars. **- gb**

# Sat inni fyrir árás á móðurina og afann

**Faðirinn sem situr í gæsluvarðhaldi, grunaður um að hafa beitt son sinn á áttunda ári kynferðislegu ofbeldi, hefur verið dæmdur fyrir ofbeldisverk. Síðast var hann dæmdur árið 2007 fyrir að ráðast á móður drengsins og föður hennar.**

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður um fimmtugt sem situr í gæsluvarðhaldi, grunaður um að hafa beitt son sinn á áttunda ári grófri kynferðislegri misnotkun, á að baki langan sakaferil og hefur meðal annars verið dæmdur fyrir ofbeldisbrot. Frændi föðurins sætir einnig gæsluvarðhaldi, grunaður um sömu brot.

Mennirnir voru handteknir fyrir síðustu helgi og úrskurðaðir í gæsluvarðhald, sem rennur út í dag, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Þeir verða yfirheyrðir í dag og í framhaldinu tekin ákvörðun um hvort lögð verður fram krafa um framlengingu gæsluvarðhalds yfir þeim.

Við handtökur mannanna var húsleit gerð á heimilum þeirra og hald lagt á tölvubúnað. Marijúana og hvítt efni, sem grunur leikur á að sé kókaín, fannst við leitina. Lögregla vann að því í gær að leita í tölvum mannanna, en grunur leikur á að þar sé að finna myndir af börnum, þar á meðal syni mannsins, sem sýna þau á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Þeirri leit var ekki lokið þegar fréttin var skrifuð.

Foreldrar drengsins eru skilin og dvaldi drengurinn stundum hjá föður sínum um helgar. Talið er að þá hafi kynferðisbrotin gegn barninu átt sér stað. Talið er að þau hafi verið mjög gróf og átt sér stað í nokkurn tíma. Málið barst ofbeldisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá barnaverndarnefnd Kópavogs.

Í fréttum Bylgjunnar í gær kom fram að móðir drengsins og stjúpi hans hafi þurft að flýja heimili sitt með drenginn og börn sem þau eiga vegna hótana frá mönnunum tveimur, sem nú sitja bak við lás og slá. Þau vildu ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið.

Faðirinn, sem grunaður er um að hafa brotið gegn drengnum, hefur hlotið tíu refsidóma, þar á meðal fyrir líkamsárásir, fjársvik, fíkniefnalagabrot og fleira. Síðast var hann dæmdur í fangelsi á árinu 2007 fyrir að ráðast á móður drengsins og föður hennar. Þá sparkaði hann í og skemmdi bíl afa drengsins.

jss@frettabladid.is




**LÖGREGLUSTÖÐIN Á HVERFISGÖTU** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun yfirheyra mennina tvo í dag.


FRÉTTABLAÐIÐ

Taldir hafa misnotað lítinn dreng grófega

Æpti upp yfir mig af gleði

**FORSÍÐA FRÉTTABLAÐSINS** Sagt var frá máli litla drengsins í Fréttablaðinu í gær.

Leyniskjal birt á Wikileaks:

# Sendiherra rekinn frá Ekvador

**EKVADOR, AP** Stjórnvöld í Ekvador hafa rekið úr landi Heather Hodges, sendiherra Bandaríkjanna, vegna þess að hún sagði fyrrverandi lögreglustjóra landsins vera spilltan.



**HEATHER HODGES**

Þetta sagði hún í trúnaðarskýrslu frá sendiráðinu til utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna. Skjalið var birt á vefsíðu Wikileaks eins og þúsundir annarra leyniskjala bandarískra sendiráða víða um heim.

Ricardo Patino, utanríkisráðherra Ekvadors, kallaði Hodges á sinn fund á mánudag, en hún heyrði þó ekki af brottrekstri sínum fyrr en opinber tilkynning um hann var gefin út í gær. **- gb**

Nýjar tölur frá Creditinfo:

# Stöðug fjölgun á vanskilaskrá

**FJÁRMÁL Einstaklingum fjölgar stöðugt á vanskilaskrá og fjöldi einstaklinga með mál í löginnheimtu er nú meiri en nokkru sinni fyrr eða 24.260 manns miðað við 1. apríl síðastliðinn. Fjölgað hefur um rúmlega 1.800 í þessum hópi á síðustu 6 mánuðum eða að meðaltali um 305 á mánuði, að því er fram kemur í nýjum gögnum frá Creditinfo.**

**Eins og áður eru það einstæðir foreldrar sem virðast vera hvað verst settir þar sem yfir 14 prósent eru í alvarlegum vanskilum. Einstæðar mæður standa þar sýnu verr en einstæðir feður. Næst á eftir einstæðum foreldrum koma karlkyns einstaklingar sem eru ekki í sambúð en tæplega 13 prósent þeirra eru í alvarlegum vanskilum.**






Ríkisstjórnin leggur fé í vegagerð, ofanflóðavarnir og ýmis átaksverkefni:

# Fimm milljarðar til Vestfjarða

**STJÓRNMÁL** Á fundi sínum á Ísafirði í gær samþykkti ríkisstjórnin sextán verkefni sem eiga að efla byggð og atvinnuskópun í landshlutanum.

Samtals á að leggja um 5,4 milljarða króna í þessi verkefni, en af þeirri fjárhæð eru 1,5 milljarðar nýtt fé.

Í tilkynningu frá stjórninni hafa þessi verkefni verið undirbúin í samvinnu allra ráðuneyta og í samráði við heimamenn.

„Verkefnin snúa meðal annars að menntun, velferð, umhverfismálum og auknum framkvæmdum í vegagerð og snjóflóðavörnum,“ segir í tilkynningunni.

„Ætlunin er að fylgja verkefnunum eftir á samráðsvettvangi stjórnvalda og sveitarfélaga með það að markmiði að ábyrgð þeirra færist í auknum mæli heim í hérað. Sú vinna tengist gerð sóknaráætlana landshluta og markmiðum sem sett eru fram í stefnumarkandi skjali stjórnvalda, Ísland 2020.“

Stærstur hluti fjárins fer í vegagerð, eða 4,3 milljarðar, en einn milljarður fer í ofanflóðavarnir á Vestfjörðum.



**FRÁ FUNDINUM** Ríkisstjórnarfundur var haldinn á Ísafirði í gær. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Afgangurinn, um 102 milljónir króna, fer í ýmis verkefni, svo sem uppbyggingu í menntamálum og rannsóknum, aukið framlag til Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, stofnun Látrabjargsstofu og til að tryggja rekstur Melrakkasetursins.

Þá verður sett fé í öldrunarþjónustu og ýmis átaksverkefni til atvinnusköpunar. **- gb**

## GENGIÐ 05.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,12 | 114,66 |
| Sterlingspund | 185,21 | 186,11 |
| Evra | 161,59 | 162,49 |
| Dönsk króna | 21,666 | 21,792 |
| Norsk króna | 20,729 | 20,851 |
| Sænsk króna | 17,923 | 18,029 |
| Japanskt jen | 1,3519 | 1,3599 |
| SDR | 180,52 | 181,60 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,3759

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Geislamengun í hafi við kjarnorkuverið í Fukushima mælist mikil:

# Japanskir sjómenn óttast um lifibrauð sitt

**JAPAN, AP** Sjómenn í Fukushima, sem margir hverjir misstu bæði heimili sitt og fiskibáta, óttast nú að geislamengun í hafinu muni eyðileggja lifibrauð þeirra.

„Jafnvel þótt stjórnin segi að fiskurinn sé öruggur, þá mun fólk ekki vilja kaupa fisk frá Fukushima,“ segir Ichiro Yamagata, sjómaður sem bjó í næsta nágrenni við kjarnorkuverið í Fukushima.

„Sennilega getum við ekki veitt fisk næstu árin.“

Geislamengun bæði í vatni við verið og í hafinu fyrir utan hefur mælst mjög há síðustu daga. Geislavirkt vatn hefur lekið úr verinu, en ekki hefur tekist að finna nákvæmlega hvar lekinn á upptök sín.

Geislavirkni hefur einnig fundist í fiski, sem veiðst hefur þar út af ströndinni, jafnvel yfir nýjum hættumörkum, en stjórnvöld hækkuðu mörkin nú í vikunni.

Japanar flytja reyndar inn meira af fiski en þeir flytja út, en engu að síður seldu þeir sjávarafurðir úr landi fyrir 265 milljarða króna á síðasta ári.

Indverjar sögðust í gær hafa bannað innflutning á fiski frá Japan í þrjá mánuði, eða þangað til hættan er talin liðin hjá. **- gb**



**ERFIÐLEIKAR FRAM UNDAN** Þessir sjómenn í bænum Iwaki, skammt frá Fukushima í norðvesturhluta Japans, voru heldur vondaufir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ódýrari lyf lækka kostnað:

## Útgjöld Sjúkratrygginga lækka um 10%

**HEILBRIGÐISMÁL Kostnaður Sjúkratrygginga Íslands vegna lyfja lækkaði um 1.150 milljónir króna, eða um 10,7%, í fyrra þrátt fyrir að notkun mæld í dagskömmtum hafi aukist um 5,9%. Þetta kemur fram á vef Sjúkratrygginga.**

**Þar kemur fram að meginástæða lækkunarinnar hafi verið aukin notkun ódýrari lyfja í kjölfar breytinga á reglum um greiðsluþátttöku lyfja í nokkrum lyfjaflokkum. Sem dæmi hefur lyfjakostnaður vegna beinþéttnilyfja lækkað um 120 milljónir króna og vegna ákveðinna blóðþrýstingslyfja um 410 milljónir króna á einu ári.**

**Til viðbótar notkun ódýrari lyfja átti hagstæð gengis- og verðlagsþróun þátt í lækkuninni og er áætlað að um 224 milljónir króna megi rekja til hennar. - jhh**

Beiting hryðjuverkalaganna:

## Gætir áhrifa laganna enn?

**ALÞINGI** Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur farið fram á að fjármálaráðherra meti og skrifi skýrslu um hvaða áhrif beiting Breta á hryðjuverkalögum hafði fyrir íslensk fyrirtæki.

Í kjölfar hrunsins á Íslandi í október 2008 yfirtóku bresk stjórnvöld starfsemi Landsbankans í London og kyrrsettu eignir hans á grundvelli laga um varnir gegn hryðjuverkum og glæpum og um öryggi.

Telja þingmenn Sjálfstæðisflokksins nauðsynlegt að upplýsingar um áhrif beitingar laganna liggi fyrir, hversu lengi þeirra hafi gætt og hvort þeirra gæti jafnvel enn. **- bþs**

# Vilja kvóta til minnst 35 ára með rétti til að framlengja

**Samtök atvinnulífsins vilja að veiðileyfagjald miðist við hagnað en ekki framlegð útgerða. Samtökin leggja til að kvóta verði úthlutað til minnst 35 ára með einhliða rétti útgerða til að framlengja afnotaréttinn.**

**STJÓRNMÁL** Samtök atvinnulífsins hafa kynnt ríkisstjórninni útspil sem þau kalla „tillögu til sátta um efnislega útfærslu samningaleiðar í sjávarútvegi.“

„Tillagan felur í sér grundvallarbreytingar á stjórn fiskveiða frá því sem nú er og komið er verulega til móts við sjónarmið stjórnarflokkanna í þessum efnum,“ segir í yfirlýsingu frá SA.

Lagt er til að gerðir verði samningar á milli ríkisins og útgerða um tímabundin afnot útgerða af kvótanum. „Afnotatími útgerða af aflahlutdeild verði til að minnsta kosti 35 ára. Samningarnir feli í sér að þegar hluti samningstímans er liðinn, til að mynda þegar hann verður hálfnaður, þá hafi útgerðir rétt til framlengingar þannig að jafn langur tími og liðinn er bætist við þann tíma sem eftir er,“ segir SA um tillögurnar. Innan svokallaðar sáttanefndar sem skilaði af sér niðurstöðum í fyrrahaust var rætt um allt frá tíu árum upp í 65 ár í þessu sambandi.

Þá er lagt til að veiðigjald miðist við hagnað útgerðarfyrirtækja í stað reiknaðrar framlegðar eins og nú. Framlegð er upphæð sem svarar til tekna fyrirtækja að frátöldum breytilegum kostnaði en ekki föstum kostnaði á borð við vaxtakostnað. SA segir veiðigjaldið vera hátt í þrjá milljarða króna á fiskveiðiárinu 2010 til 2011.

Vilmundur Jósefsson, formaður SA, segir samtökin leggja til að aðeins um þrjú prósent af heildarkvótanum verði tekin út fyrir kerfið til sérstakrar úthlutunar ráðherra en ekki fimmtán prósent eins og þeir telji stefna í af hálfu ríkisstjórnarnar.

> Ég held að forystumenn ríkisstjórnarinnar séu ekki farnir að skilja það ennþá að við ætlum ekki að gefa þetta eftir.
>
> VILMUNDUR JÓSEFSSON
> FORMAÐUR SA



VILMUNDUR JÓSEFSSON



JÓN BJARNASON

„Það er alveg klárt að það verður ekki skrifað undir neina kjarasamninga á meðan verið er að rústa sjávarútveginum eins og er samkvæmt frumvarpi sem búið er að smíða eftir því sem við komust næst. Ég held að forystumenn ríkisstjórnarinnar séu ekki farnir að skilja það ennþá að við ætlum ekki að gefa þetta eftir,“ segir Vilmundur.

Hvorki náðist tal af Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra né Jóni Bjarnasyni sjávarútvegsráðherra vegna þessa máls í gær. Ekki náðist heldur í Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, formann sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis. Ólína Þorvarðardóttir, varaformaður nefndarinnar, var erlendis og kvaðst ekki hafa kynnt sér tillögu SA. Þeir fulltrúar stjórnarflokkanna sem rætt var við í gær sögðu hins vegar að tillögur SA breyttu engu um afstöðu ríkisstjórnar. Það eigi bæði við um sjávarútvegsmálin sjálf og tengingu þeirra við kjaraviðræður SA og ASÍ.

Vilmundur segir SA hafa átt tvo fundi með sjávarútvegsráðherra um tillögurnar. „Það er bara talað út og suður,“ segir formaður SA um þá fundi.

gar@frettabladid.is



**Í REYKJAVÍKURHÖFN** Formaður Samtaka atvinnulífsins segir samtökin leggja til að aðeins þrjú prósent aflaheimilda verði útlhutað að ráðherrar en ekki fimmtán prósent eins og ríkisstjórnin stefni að. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**SKÚRAVEÐUR**
Suðlægar áttir ríkja áfram á landinu næstu daga. Það hvessir heldur til morguns en lægir aftur á föstudaginn, síst V-til. Horfur eru á skúrum S- og V-lands en NA-til verður bjart með köflum og á föstudaginn lítur út fyrir nokkuð bjart veður allra austast.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 20° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 15° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 14° |
| París | 22° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# 10 góðar ástæður til að segja NEI

### 1. Engin lagaskylda að verða við kröfum Breta og Hollendinga

Athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA hafa verið kyrfilega hraktar af innlendum og erlendum lögfræðingum. Segjum NEI og krefjumst þess að ríkisstjórn Íslands taki til varna gegn óréttmætum ásökunum ESA.

### 2. Það er ólíðandi að skuldum einkabanka sé velt á almenning

Það er ófært að eigendur banka hirði hagnað en almenningur taki á sig tap. Ef við mótmælum þessu ekki núna, skapast fordæmi til framtíðar.

### 3. Þeir fengu ekki leyfi okkar

Bresk og hollensk stjórnvöld ákváðu einhliða að greiða innistæðueigendum Icesave að fullu og með vöxtum. Tilgangurinn var að halda uppi trausti á þarlenda banka. Við vorum ekki spurð en nú á að senda okkur allan reikninginn með vöxtum.

### 4. Þeir vilja frekar beita hótunum en að fara dómstólaleiðina

Þegar íslenskir ráðamenn létu ekki undan þrýstingi beittu Bretar hryðjuverkalögum, bökuðu okkur gríðarlegt tjón og dýpkuðu viljandi okkar erfiðleika. Þeir hafa reynt að torvelda aðgang okkar að fjármagni. Það er okkar réttur að leita til dómstóla með þetta ágreiningsmál.

### 5. Bretar og Hollendingar fá 1175 milljarða þótt við segjum Nei

Með neyðarlögunum eru hagsmunir innistæðueigenda í Bretlandi og Hollandi tryggðir mun betur en tilskipun ESB um innistæðutryggingar fer fram á: Í stað 674 milljarða munu þeir fá 1175 milljarða. En þeir vilja enn meira: Að við berum ábyrgð á endurheimtum úr þrotabúinu og borgum líka vexti. Okkur ber engin skylda til að verða við því, hvorki lagaleg né siðferðileg.

### 6. Samningurinn felur í sér of mikla áhættu fyrir þjóðina

Enginn veit endanlegan kostnað af samningnum. Í besta falli er hann 32 milljarðar en gæti líka orðið 233 milljarðar (m.v. 2% veikingu krónu á ársfjórðungi og 10% lækkun eignasafnsins). Ef neyðarlögunum yrði hnekkt myndi kostnaður við samningsleiðina hækka um hundruði milljarða í viðbót - og við gætum aldrei staðið undir því.

### 7. Samningurinn breytir krónuáhættu í gjaldeyrisáhættu

Þótt við töpuðum dómsmáli yrðu bætur og vextir greiddir í krónum. Samningsgreiðslur eru hins vegar allar í gjaldeyri. Hvernig sem fer er alltaf miklu auðveldara fyrir okkur að greiða í krónum en gjaldeyri. Jafnvel versta útkoma úr dómsmáli yrði viðráðanleg, en meðalslæm útkoma úr samningi gæti endað með greiðsluþroti ríkisins.

### 8. Málstaður Íslands nýtur stuðnings erlendis

Meðal íbúa erlendra ríkja er mikil og vaxandi andstaða gegn því að velta skuldum gjaldþrota fjármálafyrirtækja yfir á almenning. Ritstjórar Financial Times og Wall Street Journal hafa fordæmt framkomu breskra og hollenskra stjórnvalda í garð Íslendinga.

### 9. Já – leysir ekki vanda atvinnulífsins

Það er ekki Icesave sem heftir atvinnulífið um þessar mundir. Fjárfestar hafa meiri áhyggjur af gjaldeyrishöftum, skattaóvissu og óvæntum lagabreytingum.

### 10. Það er ekkert að óttast

Það eru mörg hundruð milliríkjamál í gangi innan Evrópusambandsins á hverjum tíma. Þjóðir verða sér ekki til minnkunar með því að leggja ágreining fyrir dómstóla. Að láta undan hótunum, yfirgangi og löglausum kröfum annarra þjóða er hins vegar ávísun á mannorðsmissi.

## Taktu upplýsta ákvörðun.
## Fellum Icesave 9. apríl!

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl.
Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is

**KJÖRKASSINN**



*Á að halda ríkisstjórnarfundi oftar utan höfuðborgarsvæðisins?*

| | |
|---|---|
| Já | 33,5% |
| Nei | 66,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu í vanskilum með lán?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Lögreglan í New York-sýslu hefur fundið lík 8 kvenna við strönd á stuttum tíma:

# Raðmorðingi í New York-ríki

**NEW YORK** Lík átta kvenna hafa nú fundist með stuttu millibili á strönd við New York. Lögreglan á svæðinu telur nú að um raðmorðingja sé að ræða. Frá þessu er greint á fréttavef BBC.

Fjögur lík vændiskvenna fundust á svæðinu seint á síðasta ári. Enn á eftir að bera kennsl á eitt lík sem fannst í síðustu viku. Síðasti líkfundurinn var í gær, þegar þrjár konur til viðbótar fundust látnar við Gilgo-strönd, um 70 kílómetra austan við New York.

Lögregla kembir nú svæðið með hundum og þyrlum og verður leit haldið áfram í dag. Grunað er að Shannen Gilbert, vændiskona frá New Jersey, sé nú látin, en síðast sást til hennar í maí þegar hún ætlaði að hitta kúnna á svæðinu. Lögregla skoðar nú kúnnalistann hennar til þess að finna hugsanlega grunaða.

Richard Dormer yfirlögregluþjónn segir að leitin sé erfið, þar sem svæðið er að mestu þakið mýri og sjávargróðri, ásamt grófgerðum furutrjám. Það tók mánuð að bera kennsl á fyrstu konurnar, en þar var notast við DNA-sýni og tannlæknaskýrslur. **- sv**



**LEITAÐ AÐ LÍKUM** Lögreglumaður og leitarhundur leita að fleiri líkum í þykkum runnum við Oak Beach í New York-ríki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kýldur í andlitið:

## Nefbrotnaði á skemmtistað

**LÖGREGLUMÁL** Ungur maður var sleginn hnefahöggi í andlitið á skemmtistað á Selfossi um helgina með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði.

Lögregla var ekki kölluð á staðinn en fórnarlambið tilkynnti um árásina eftir að hann kom á heilsugæslustöðina á Selfossi þar sem hann lét gera að sárum sínum. Ekki liggur fyrir hvað árásarmanninum gekk til, að sögn lögreglu, en málið er í rannsókn og vitað er hver árásarmaðurinn er. **- jss**

Setning opin almenningi:

## Stjórnlagaráð kemur saman

**STJÓRNLAGARÁÐ** Stjórnlagaráð verður sett í dag í húsakynnum sínum við Ofanleiti.

Við setninguna mun Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnlaganefndar, afhenda ráðinu skýrslu nefndarinnar um stjórnarskrána. Með því mun stjórnlaganefnd hafa lokið störfum.

Allir fulltrúar sem kosnir voru á stjórnlagaþing hafa tekið sæti í stjórnlagaráði, fyrir utan Ingu Lind Karlsdóttur. Íris Lind Sæmundsdóttir tekur hennar sæti.

Eftir setninguna mun stjórnlaganefnd kynna efni skýrslunnar. Setning stjórnlagaráðs verður klukkan tvö í dag og verður hún opin almenningi. **- þeb**

Hreyfingin vill auka traust:

## Fyrirtæki fái ekki að styrkja stjórnmálastarf

**ALÞINGI** **Þingflokkur Hreyfingarinnar hefur lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um fjármál stjórnmálaflokka og frambjóðenda.**

**Er meðal annars lagt til að framlög fyrirtækja til flokka verði bönnuð og að framlög einstaklinga verði takmörkuð við 200 þúsund krónur.**

**Hreyfingin vill líka að allir flokkar fái jöfn framlög úr ríkissjóði, óháð stærð, og að þeim verði gert kleift að reka skrifstofu í hverju kjördæmi og hafa starfsmann á sínum snærum. Hreyfingin segir breytingatillögur sínar miða að auknu trausti á stjórnmálum og efla lýðræði.** **- bþs**



**SORPBRENNSLAN FUNI** Talið er víst að mikið magn mengandi efna sé til staðar í nágrenni sorpbrennslunnar. Fjúkandi ryk, sem inniheldur díoxín og fleiri efni, viðheldur menguninni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Díoxín í ryki talið valda endurmengun

**Mengandi efni frá sorpbrennslunni Funa hafa safnast upp og sérfræðingar óttast endurmengun af völdum fjúkandi ryks. Díoxín er líklegt til að finnast í jarðvegi næstu áratugina. Rannsaka þarf jarðveginn og villt dýr af nákvæmni.**

**UMHVERFISMÁL** Eitrið díoxín er talið líklegt til að verða bundið í jarðvegi í Engidal í Skutulsfirði áratugum saman. Ekki eru taldar forsendur til að undanskilja nein dýr á svæðinu þegar talað er um mengun frá sorpbrennslunni Funa, hvorki búfénað né villt dýr. Líklegt er talið að mengun sé enn að eiga sér stað á svæðinu með fjúkandi ryki sem inniheldur eiturefnin.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri áfangaskýrslu sérfræðihóps Matvælastofnunar sem fjallað hefur um mengun í búfé og framtíð búskapar í Skutulsfirði vegna mengunar frá Funa.

Kjartan Hreinsson, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, segir það líklegt að díoxín verði bundið í jarðvegi í Skutulsfirði í áratugi. Hversu lengi nákvæmlega er ekki vitað þar sem það fari eftir samsetningu mengunarinnar eða hvaða díoxín á í hlut. „Það var bara hætt að brenna þarna í desember og ekki er vitað hvað efnin bindast hratt. Þau geta fokið um eins og eldfjallaaska og valdið endurmengun á grasi og gróðri,“ segir Kjartan.

Í skýrslunni kemur fram að samkvæmt gögnum Veðurstofunnar er ríkjandi vindátt á staðnum inn dalinn. „Fram að þeim tíma að brennslu var hætt, hefur sennilega borist stöðug mengun út í umhverfið í formi ryks og agna. [...] Mikið af þessu efni er enn á svæðinu og sennilegt er að það verði á ferðinni þar um nokkurn tíma, hversu lengi er erfitt að segja til um. Því er líklegt að mengun sé enn að eiga sér stað á svæðinu, alla vega hvað skepnur varðar.“

Sérfræðihópurinn gerir það að tillögu sinni að gerð verði tilraun í sumar til að kanna upptöku díoxíns og fleiri efna í Engidal. Kjartan segir að þá yrðu fengnar kindur með lömbum frá ómenguðu svæði til beitar á fyrirfram tilgreindu svæði. „Þetta teljum við vænlegustu leiðina til að meta heildarástandið með tilliti til framtíðar nýtingar.“ Án slíkrar tilraunar er ekki óhætt að hleypa afurðum á markað nema að undangengnum ítarlegum rannsóknum, að mati sérfræðihópsins.

Framtíð nytja í Engidal, sem og aðra nýtingu svæðisins er í lausu lofti. Mælt er með því að aðkomufé sé haldið frá svæðinu, öllu heyi beri að farga og huga þurfi að sýnatöku úr rjúpu og berjum fyrir veiðitíma og uppskeru.

Kjartan telur einnig að taka verði sýni úr villtum fiski úr ánni í Engidal og lóni þar sem setið geti verið mengað.

**svavar@frettabladid.is**









Skáksamband Íslands vill skrá og safna munum sem tengjast einvígi aldarinnar:

# Harma sölu sögulegra skákminja

**MENNING** Skáksamband Íslands harmar að munir úr einvígi Bobby Fishers og Boris Spasskí árið 1972 hafi verið seldir úr landi. Sambandið vill skrá hvar aðrir munir úr einvíginu eru niðurkomnir og að þeim sé safnað á einn stað.

Eins og komið hefur fram í fréttum voru taflmennirnir sem Spasskí og Fisher notuðu í frægri einvígsskák, ásamt árituðu skákborði, boðnir upp hjá uppboðsfyrirtækinu Philip Weiss á dögunum. Munirnir voru í eigu Guðmundar G. Þórarinssonar, fyrrverandi forseta SÍ, sem sá sig knúinn til að selja munina vegna skulda. Fyrir munina fékk Guðmundur tæpar átta milljónir króna.

Í tilkynningu SÍ er þetta harmað og segir jafnframt að mat Skáksambandsins sé að hér hafi verið um að ræða þjóðargersemar sem áttu að tilheyra íslensku þjóðinni.

Gunnar Björnsson, forseti SÍ, segir að þann lærdóm megi draga af sölu munanna úr landi að nú sé nauðsynlegt að kanna hvaða munir séu til sem tengjast einvíginu 1972. „Í dag vita menn ekki hvar þessir munir eru niður komnir. Við verðum að draga lærdóm af þessu atviki. Við megum ekki missa meira úr landi.“ Í tilkynningu SÍ kemur fram að bókað hafi verið í fundargerð á stjórnarfundi Skáksambandsins haustið 1972 að Guðmundur fengi borðið að gjöf.



**VERÐMÆTIR TAFLMENN** Taflmennirnir voru notaðir í þriðju einvígisskákinni sem tefld var í bakherbergi Laugardalshallarinnar.

Það sama haust er einnig bókað í fundargerð að allir stjórnarmenn fái einnig árituð borð af Fischer og Spasskí. **- shá**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS



# LAUGARDAGINN 28. MAÍ KL. 21:00 HEIÐRUM VIÐ BOB DYLAN SJÖTUGAN MEÐ HÁTÍÐARTÓNLEIKUM

## MEMFISMAFÍAN OG GESTIR:

Jón Ólafsson píanóleikari og söngvararnir
Björgvin Halldórsson,
Bubbi Morthens,
Helgi Björnsson,
KK,
Lay Low,
Ólöf Arnalds,
Páll Rósinkranz,
Sigurður Guðmundsson
og Þorsteinn Einarsson

ásamt einu sérhæfðu Dylan-sveit Íslands,
**SLOW TRAIN.**

**KYNNIR** er Ólafur Páll Gunnarsson.

## FLUG OG MIÐI Á ÞESSA EINSTÖKU TÓNLEIKA:

frá Akureyri eða Ísafirði **21.840 kr.***
frá Egilsstöðum **24.180 kr.***

## TRYGGÐU ÞÉR MIÐA OG FLUG STRAX Í DAG ÞVÍ MIÐAFJÖLDI ER TAKMARKAÐUR.

Fyrir þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu
er miðasala á tónleikana á **HARPA.IS**

Bókanlegt hjá hópadeild í síma 570 3075 eða á netfanginu hopadeild@flugfelag.is

*Verð á mann með miða á tónleika og flugi fram og til baka til Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

**FLUGFELAG.IS**

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað á ríkið margar bújarðir?*
2. *Hvaða rithöfundur og myndlistarmaður hlaut Sögusteininn um helgina?*
3. *Hversu stór hluti þeirra sem eru endurlífgaðir hér á landi lifir af?*

**SVÖR**

**1.** *400* **2.** *Ragnheiður Gestsdóttir* **3.** *Fjórðungur*

Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendir ráðherra bréf:

# Sérleyfi Herjólfs verði aflétt

**SAMGÖNGUMÁL** Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, hefur ritað innanríkisráðherra og siglingamálastjóra bréf þar sem hann óskar eftir því að sérleyfi Herjólfs til siglinga í Landeyjahöfn verði þegar aflétt og öðrum bátum og skipum með leyfi til farþegaflutninga heimilað að nýta Landeyjahöfn.

Elliði bendir á að siglingar í Landeyjahöfn hafa legið niðri frá áramótum og enn virðist sem nokkur dráttur verði á að dýpi við höfnina verði nægjanlegt fyrir Herjólf. Ekkert sé hins vegar sem hindri að skip sem rista minna en Herjólfur noti höfnina.

Að sögn Elliða hefur samfélagið í Vestmannaeyjum orðið fyrir miklum skaða vegna vandamála sem komið hafa upp við Landeyjahöfn og ber hann því fram ósk sína með sérstöku tilliti til þess að háannatími í ferðaþjónustunni nálgast. Í fréttum RÚV í gær kom fram að Siglingamálastjórn leggst gegn hugmynd Elliða meðal annars af öryggisástæðum. **- þeb**



**HERJÓLFUR** Elliði vill að aðrir bátar og skip fái að sigla í Landeyjahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Icesave-kosning fer vel af stað:

## Tæplega tíu þúsund kosið

**ICESAVE** Tæplega tíu þúsund manns hafa greitt atkvæði utankjörfundar í Icesave-kosningunum á landinu öllu. Um þúsund manns kusu í Laugardalshöll í gær.

Alls hafa 6.105 greitt atkvæði í Reykjavík sem er mun meira en í þjóðaratkvæðagreiðslunni um fyrri samning. Hægt er að greiða atkvæði utankjörfundar frá klukkan 10 til 22 fram á laugardag, en þá verður opið til klukkan 17. Kjörstöðum verður hins vegar lokað klukkan 22.




Flugslys í Kongó:

## Tugir friðargæsluliða fórust

**KONGÓ, AP Farþegaflugvél á vegum Sameinuðu þjóðanna hrapaði í Austur-Kongó á mánudag með þeim afleiðingum að 32 fórust. Einn komst lífs af og var fluttur á sjúkrahús.**

**Vélin fórst við lendingu á flugvellinum í Kinshasa, höfuðborg landsins, en þangað kom hún frá borginni Kisangani. Orsök slyssins var ekki ljós en vélin brotnaði í nokkra parta.**

**Um borð voru friðargæsluliðar og áhöfn vélarinnar. Í Kongó eru nærri 20 þúsund friðargæsluliðar á vegum Sameinuðu þjóðanna. - gb**

Koddaslagur í 130 löndum:

## Bareflið verður að vera mjúkt

**FÓLK** Alþjóðlegi koddaslagsdagurinn var haldinn hátíðlegur um helgina. Þetta er í fjórða sinn sem dagurinn er haldinn. Í tilefni dagsins kom fólk konum saman í 130 löndum og slóst með koddum.

Þrjár reglur gilda á þessum degi: aðeins má lemja þá sem eru með kodda, bareflið þarf að vera mjúkt og þátttakendur mega ekki vera með gleraugu. **- rat**




**TALIÐ UM ALLT LAND** Í atkvæðagreiðslunni í fyrra voru allir atkvæðaseðlar fluttir til Reykjavíkur til talningar. Nú verður talið í hverju kjördæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fyrstu tölur verða klárar fyrir ellefu

**Norðanmenn eru sannfærðir um að fyrstu tölur úr Icesave-atkvæðagreiðslunni verði klárar fyrir ellefu á laugardagskvöld. Lokatölur ættu að liggja fyrir á fimmta tímanum. Veður gæti sett strik í reikninginn.**

**ICESAVE** Von er á fyrstu tölum úr þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave-samninginn á laugardag fyrir klukkan ellefu um kvöldið. Þær munu líkast til koma úr Norðausturkjördæmi, ef marka má orð formanns yfirkjörstjórnar kjördæmisins en hann er sá eini sem segist sannfærður um að hægt verði að kynna tölur fyrir þann tíma.

„Það er alveg klárt,“ segir Páll Hlöðversson, formaður yfirkjörstjórnar í Norðausturkjördæmi. „Við verðum tilbúin með fyrstu tölur nálægt ellefu, jafnvel enn fyrr.“

Formenn yfirkjörstjórna í Norðvestur-, Suður- og Suðvesturkjördæmum segjast stefna að því að kynna fyrstu tölur klukkan ellefu, og í Reykjavík er talað um að fyrstu tölur verði líklega tilbúnar „einhvern tíma á tólfta tímanum“.

Talning hefst í öllum kjördæmum á slaginu tíu en í þremur kjördæmum stendur til að byrja að flokka atkvæðin nokkrum klukkustundum fyrr.

Í Reykjavíkurkjördæmunum tveimur og í Norðausturkjördæmi verða kjörkassarnir hins vegar ekki opnaðir fyrr en klukkan tíu.

Sveinn Sveinsson, formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurkjördæmi suður, segir að það verði gert til að taka enga óþarfa áhættu, í ljósi ógildingar Hæstaréttar á kosningunum til stjórnlagaþings.

Með hliðsjón af þeirri ákvörðun hefur landskjörstjórn nú skipað tólf manns sem umboðsmenn ólíkra sjónarmiða í Icesave-málinu, tvo í hverju kjördæmi, til að fylgjast með á kjörstöðum og að talningin fari rétt fram.

Óljóst er hvenær talningu mun ljúka en líklega er það mjög breytilegt eftir kjördæmum. Í Reykjavík og Suðvesturkjördæmi búast menn við því að lokatölur gætu legið fyrir um klukkan tvö. Í landsbyggðarkjördæmunum er óvissan meiri, enda þarf í mörgum tilfellum að flytja kjörkassa um langan veg á talningarstaði.

Ekið verður með kjörkassa frá Höfn í Hornafirði á Selfoss klukkan tíu. Sá akstur tekur fjóra tíma, og þá á eftir að telja atkvæðin. Það er það einnig háð veðri á kjördag hvort hægt verður að fljúga með atkvæði frá Ísafirði til Akraness, enda þarf góð veðurskilyrði til að hægt sé að fljúga þar í myrkri. Annars þarf að aka langa leið.

Ef allt gengur hins vegar að óskum má búast við að endanlegar tölur af landinu öllu liggi fyrir í síðasta lagi á fimmta tímanum.

**stigur@frettabladid.is**



Kostnaður við **JÁ** og **NEI** í milljörðum króna. Athugið að möguleikinn **„EKKI BORGA NEITT“** – er ekki til.

# Hvað kostar ICESAVE?




Mat samninganefndar á kostnaði sem að lokum fellur á ríkissjóð

Lánshæfismat Íslands mun lækka ef samningurinn verður felldur. Ef síðan tekst að ljúka málaferlunum á 5 árum verður kostnaðurinn a.m.k. 135 milljarðar – og hækkar ef málin dragast.

Útreikningar Tryggva Þórs Herbertssonar hagfræðings *(FB.01.04.2011.)* sýna að aukin vaxtabyrði þjóðarbúsins verður á bilinu 135–216 milljarðar. Hér eru neðri mörkin notuð.

Hér vantar margvíslegan kostnað og tekjuskerðingu ríkisins, fyrirtækja og almennings á þessu erfiða tímabili sem framundan væri og nefnt hefur verið Fimm ára frostið.

Hér bætist við munurinn á fyrirliggjandi samningsvöxtum og þeim sem gætu staðið til boða í kjölfar dóms.

Samvæmt upplýsingum unnum fyrir Lárus Blöndal, hrl., fulltrúa stjórnarandstöðunnar í samninganefndinni er munurinn á 5,55% vöxtum og fyrirliggjandi samningsvöxtum Íslendinga miðað við sama höfuðstól 171 milljarður.

Hér er mjög varfærið mat og miðað við 5,55% á meðan samningsvextir Íra vegna neyðarlána eru t.d. 5,8%.

Hér bætist enn við aukinn vaxtakostnaður vegna tæplega 500 milljarða hækkunar á höfuðstól.

Samkvæmt upplýsingum Lárusar Blöndal, hrl. og fulltrúa stjórnarandstöðunnar í samninganefnd yrði hann líklega 150 til 200 milljarðar.

Til varúðar er miðað við lægri mörkin.

## Já er fyrir þjóðarhag
## *– sátt og endurreisn –*
## gegn áhættu og óvissu

*Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirliggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfboðavinnu fjölda fólks.*

***Viljir þú leggja fjárhagslegt lið: 0111-26-100244 og kt. 640311-0530. Það munar um allt.***

***Já er leiðin áfram!***

***Facebook | www.afram.is***

# Aðalfundur NBI hf. fyrir árið 2010

**Aðalfundur Landsbankans** (NBI hf.) verður haldinn fimmtudaginn 28. apríl kl. 15.00 á Hilton Nordica Reykjavík, sal A/B. Á dagskrá fundarins eru hefðbundin aðalfundarstörf.

NBI HF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

**Dagskrá**

» Skýrsla Bankaráðs um starfsemi bankans árið 2010.

» Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.

» Ákvörðun um meðferð hagnaðar á reikningsárinu 2010.

» Tillaga Bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.

» Tillögur um breytingar á samþykktum.

» Kosning Bankaráðs.

» Kosning endurskoðenda.

» Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi.

» Önnur mál.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000


## Þriggja mánaða fangelsi og greiðsla skaðabóta eftir árás á Akureyri:

# Dæmd fyrir að kýla snyrtifræðing

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítug kona hefur verið dæmd í þriggja mánaða fangelsi og til greiðslu rúmlega 200 þúsunda króna í skaðabætur fyrir að kýla aðra konu í andlitið. Hin síðarnefnda hlaut glóðarauga og blóðnasir.

Árásarkonan kvaðst hafa verið á leið á dansgólf skemmtistaðar á Akureyri ásamt vinkonu sinni þegar karlmaður hefði farið að dansa í kringum hana og strjúka á henni rassinn og mjaðmirnar. Hún hefði hellt úr glasi yfir hann, hann haldið sér fastri, hin konan þá skorist í leikinn og hún slegið hana óvart. Dómurinn taldi þetta ótrúverðugt þegar mikill áverki fórnarlambsins var hafður í huga. Að auki báru konan, sem fyrir árásinni varð, svo og vitni, að árásarkonan hefði átt upptökin á dansgólfinu. Þá kom fram að vegna áverka fórnarlambsins varð hún að vera frá vinnu dögum saman, því ekki þótti boðlegt að láta hana mæta til vinnu sem snyrtifræðingur, með bólgið og blátt auga, vegna eðli starfsins.

Árásarkonan hafði áður verið dæmd fyrir ofbeldisbrot og rauf nú skilorð. **- jss**




**HÉRAÐSDÓMUR** Héraðsdómur Norðurlands eystra dæmdi konuna.

## Ógnaði afgreiðslukonu:

# Rændi verslun með skærum

**LÖGREGLUMÁL Rán var framið í verslun Samkaupa á Selfossi síðastliðið fimmtudagskvöld. Ungur drengur, sextán ára, kom inn í verslunina, otaði skærum að afgreiðslukonu og krafðist þess að hún léti hann hafa sígarettur. Drengurinn komst undan með einn sígarettupakka. Hann var handtekinn stuttu síðar.**

**Vegna aldurs drengsins var barnaverndaryfirvöldum tilkynnt um atvikið. Við yfirheyrslu næsta dag viðurkenndi hann að hafa ætlað að komast yfir tóbak með þessari aðferð. Þar sem hann er sakhæfur mun málið sent til ákæruvalds til ákvörðunar. - jss**

**STJÓRNMÁL**

### Hvað kosta ferðalögin?

Vigdís Hauksdóttir hefur lagt fram fyrirspurn til forsætisráðherra um fjölda og ástæður utanlandsferða starfsmanna ráðuneyta og stofnana á árunum 2007-2010 og heildarkostnað við þær.



**ÍSLENSK BÖRN** Samtök um velferð barna hér á landi telja brýnt að íslensk stjórnvöld lögbindi barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Fylgja ekki sáttmála SÞ

**Mikill skortur er á heildarstefnu í málefnum barna hér á landi, samkvæmt skýrslu Barnaheilla. Brestur er á því að stjórnvöld uppfylli Barnasáttmála SÞ.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Íslensk stjórnvöld standa ekki við fjölmörg atriði í samningi um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (SÞ). Í nýrri skuggaskýrslu Barnaheilla – Save the Children, Mannréttindaskrifstofu Íslands og UNICEF – Barnahjálpar SÞ á Íslandi, er farið yfir stöðu barna á Íslandi í samræmi við fjölmörg ákvæði Barnasáttmálans.

Skortur er á heildarstefnu stjórnvalda í málefnum barna og barnafjölskyldna. Brestur er talinn á því að 37. grein Barnasáttmálans sé uppfyllt hér á landi. Hún varðar ungmenni sem brjóta af sér og þurfa að sæta fangelsisrefsingu. Þau eru ekki alltaf vistuð aðskilin frá fullorðnum föngum. Samningur á milli Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu um vistun ungra afbrotamanna er í gildi en samkvæmt skýrslunni virkar hann ekki sem skyldi. Vinna mun vera hafin hjá innanríkisráðuneytinu til að tryggja að ungmenni séu aðskilin frá fullorðnum föngum, að því er kemur fram í skýrslunni.

Íslensk stjórnvöld staðfestu sáttmálann árið 1992, en samt sem áður er honum enn ekki fylgt að fullu.

Tilgangur skýrslunnar er meðal annars sá að veita stjórnvöldum aðhald og leiðbeiningu. Gerðar hafa verið tvær aðgerðaáætlanir, annars vegar um barnavernd og hins vegar til að bæta stöðu barna og unglinga. Stjórnvöld eru hvött til aðgerða strax, meðal annars með því að nýta sér þær umfangsmiklu upplýsingar sem safnað er á hinum ýmsu sviðum í samfélaginu er varða börn og stöðu þeirra.

Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, segir brýnast að móta heildarstefnu í málefnum barna og að þeim aðgerðaáætlunum sem eru til staðar verði fylgt að öllu leyti.

„Við höfum lagt áherslu á börn innflytjenda og að það þurfi að fylgja þeim sérstaklega eftir," segir hún. „Einnig er mörgu ábótavant er varðar málefni fatlaðra barna."

Petrína segir mikilvægt að Barnasáttmálinn verði lögfestur og kynntur því fagfólki er vinnur með börnum, bæði í námi og starfi.

„Þannig er hægt að sækja mál fyrir íslenskum dómstólum og vitna í Barnasáttmálann," segir hún. **sunna@frettabladid.is**

### Atriði sem tilgreind eru í skýrslunni og mættu betur fara

- Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri. Hér á landi er talið misræmi í löggjöf er varðar börn.
- Hagsmunum barna er varða forræðismál er ábótavant
- Aðstoð við nemendur af erlendum uppruna
- Takmörkuð löggjöf gegn mismunun
- Fjölgun mála sem tilkynnt eru til barnaverndaryfirvalda
- Heilbrigðisþjónusta barna ætti að fá meira fjármagn
- Lítið hefur verið gert fyrir börn sem upplifa heimilisofbeldi


# Hvernig líður þjóðinni?

## Meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum

### Meistaranám í lýðheilsu

(MPH, Master of Public Health)

er tveggja ára þverfræðilegt nám sem veitir hagnýta þekkingu á framkvæmd heilbrigðisrannsókna og útfærslu forvarnaraðgerða. Námið er mikilvægur undirbúningur fyrir þá sem ætla sér forystuhlutverk á hinum fjölmörgu sviðum heilbrigðismála.

**Í boði er:**

» kennsla frá helstu sérfræðingum Íslands á sviðum lýðheilsu

» valnámskeið úr fjölmörgum fræðasviðum Háskóla Íslands, þar á meðal: heilsuhagfræði, heilsusálfræði, næringarfræði, opinberri stjórnsýslu, umhverfisfræði og vinnuvernd

» kennslu- og rannsóknarsamstarf við fremstu menntastofnanir heims, þar á meðal Harvardháskóla í Boston og Karolinskaháskólann í Stokkhólmi

» rannsóknarsamstarf við innlendar stofnanir, þar á meðal: Hjartavernd Krabbameinsfélag Íslands, Landlæknisembættið, LSH og Lýðheilsustöð

Kynningarfundur **8. apríl** kl. 12 í stofu 210 í Stapa við Hringbraut · www.publichealth.hi.is · sími 525 4956



**Hólmdís Freyja Methúsalemsdóttir,** Iðjuþjálfi
Meistaraverkefni:
*Litlir fyrirburar á Íslandi: Lífsgæði á unglingsárum*



**Hildur Guðný Ásgeirsdóttir**, Sjúkraþjálfari
Meistaraverkefni:
*Langvinnir verkir hjá ekklum 4–5 árum eftir missi*



**Védís Helga Eiríksdóttir**, Matvælafræðingur
Meistaraverkefni:
*Áhrif efnahagshrunsins á Íslandi 2008 á tíðni léttbura- og fyrirburafæðinga*



**Guðlaugur Birgisson**, Sjúkraþjálfari
Meistaraverkefni:
*Langtímaárangur af offitumeðferð á Reykjalundi – með eða án magahjáveituaðgerðar*



**Kjartan Gunnsteinsson**, Stoðtækjafræðingur
Meistaraverkefni:
*Faraldfræði aflimana og útlimamissis á Íslandi*

Verið velkomin í öflugan nemendahóp!
**Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2011**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
MIÐSTÖÐ Í LÝÐHEILSUVÍSINDUM


ÓDÝRT OG GOTT
FYRIR BAÐIÐ
STÆKKUNARSPEGILL Á ARMI
stgr. 2.500
STURTUHLEMMAR verð frá
stgr. 3.900
HERT ÖRYGGISGLER
HERT ÖRYGGISGLER
BAÐHLÍFAR verð frá
stgr. 14.900
STURTUHURÐAR
70, 80, 90 sm
stgr. 26.900
til afgreiðslu af lager
HITASTÝRÐ BLÖNDUNARTÆKI
STURTU/BAÐTÆKI 14.900
HITASTÝRÐ BLÖNDUNARTÆKI
STURTUTÆKI m/STÚT UPP EÐA NIÐUR 11.900
STURTUBARKI 1.200
DREIFARI Á KRANA 450
STURTUHAUSAR MEÐ BARKA OG VEGGFESTINGU 1.750
STURTUHILLA Í HORN 1.690
stgr. 12.900
verð frá 27.900 stgr.
STURTUSTANGARSETT
BARKATENGT
STURTUSTÖNG
MEÐ HITASTÝRÐU
BLÖNDUNARTÆKI
STURTUSTANGIR
MEÐ STURTUHAUS
BARKA OG SÁPUSKÁL
stgr. 2.750
sh-58020
BAÐÁHÖLD - SETT
4.900
sh-58050
BAÐÁHÖLD - SETT
3.900
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
ÞVOTTAHÚS innréttingar
Djúpar mjúklokandi skúffur og full útdraganleg vinnuborð
verð frá 58.970 stgr.
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
www.i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**FRÉTTASKÝRING:** Hver er kostnaður við Icesave samanborið við önnur útgjöld? **7. hluti**

# Lítill hluti kostnaðar við hrun bankanna

**Standist áætlun samninganefndar Íslands vegna Icesave mun 32 milljarða króna kostnaður falla á ríkissjóð samþykki landsmenn Icesave-samninginn næsta laugardag. Þótt sú upphæð sé há í flestu samhengi bliknar hún í samanburði við annan kostnað ríkisins vegna bankahrunsins.**



Áætlaður kostnaður ríkisins vegna Icesave-samningsins er 32 milljarðar króna, samkvæmt nýjasta mati íslensku samninganefndarinnar. Það er há upphæð, og myndi ein og sér slaga hátt í að duga fyrir rekstri Landspítalans í heilt ár. Milljarðarnir 32 myndu líka duga til að borga fyrir tónlistarhúsið Hörpu og Héðinsfjarðargöngin.

Kostnaður upp á 32 milljarða virðist þó varla meira en skiptimynt þegar þeir eru bornir saman við annan kostnað vegna bankahrunsins. Gylfi Zoëga og Friðrik Már Baldursson, prófessorar í hagfræði við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, bentu á það í nýlegri grein í Fréttablaðinu að áætla megi að heildartjón lánardrottna íslensku bankanna sé um 7.350 milljarðar króna.

Kostnaður þeirra sem lánuðu fyrir útrásinni er því nærri 230 sinnum hærri upphæð en falla mun á ríkið vegna Icesave. Þeir Gylfi og Friðrik segja þetta sýna að erlendir lánardrottnar hafi ekki aðeins tekið á sig að greiða fyrir íslenska útrásarævintýrið, heldur einnig fyrir mestan hluta af neyslu og fjárfestingu heimila og fyrirtækja umfram þjóðartekjur á árabilinu 2003 til 2008.

Ýmsir hafa reynt að leggja mat á kostnað íslenska ríkisins vegna bankahrunsins. Þar er hægt að ganga misjafnlega langt, enda erfitt að draga mörkin. Í þrengstum skilningi má líta svo á að kostnaður ríkisins vegna bankahrunsins skiptist í fernt.

### 166 milljarðar í Seðlabankann

Í fyrsta lagi ber ríkið kostnað af því að endurreisa viðskiptabankana þrjá, sem fóru í þrot við hrunið. Ríkissjóður hefur lagt út um það bil 210 milljarða króna til að endurfjármagna bankana. Á móti kemur að ríkið á hluti í bönkunum og vonast til að fá peningana til baka síðar.

Í öðru lagi ber ríkið kostnað vegna endurfjármögnunar Seðlabanka Íslands. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2011 er sá kostnaður 166 milljarðar króna. Það er ríflega fimm sinnum hærri upphæð en talið er að Icesave muni kosta ríkissjóð. Eins og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði á Alþingi í febrúarlok fást þeir peningar aldrei til baka í ríkissjóð.

Í þriðja lagi ber ríkið kostnað af því að leggja föllnum fyrirtækjum og ríkisstofnunum öðrum en bönkunum til fé. Gylfi og Friðrik áætla að ríkið hafi lagt tæplega 38 milljarða króna til að verja Íbúðalánasjóð falli. Ríflega 22 milljörðum hefur verið varið til að bjarga Sjóvá og SpKef frá því að fara í þrot.

### Óvissa um Icesave-kostnað

Í fjórða lagi þarf að telja með í kostnaði ríkisins við bankahrunið kostnað vegna Icesave. Eins og fjallað hefur verið um í fréttaskýringum hér í blaðinu undanfarna daga áætlar samninganefnd Íslands í Icesave-málinu að kostnaður ríkisins fari ekki yfir 32 milljarða króna.

Þetta mat samninganefndarinnar byggir á áætlunum skilanefndar Landsbanka Íslands á endurheimtum úr þrotabúi bankans, og því nokkurri óvissu háð. Samninganefndin setti því fram tvær fráviksspár, eina bjartsýna og aðra svartsýna.

Í bjartsýnni spánni er miðað við betri endurheimtur úr búi Landsbankans en nú er reiknað með. Út úr því fær samninganefndin að kostnaður ríkisins vegna Icesave verði enginn, raunar verði eftir þrír milljarðar króna þegar allt verði greitt.

Svartsýnni spáin gerir ráð fyrir því að um 20 prósentum minna fáist fyrir aðrar eignir þrotabús Landsbankans en peninga og skuldabréf hjá nýja Landsbankanum. Það myndi þýða að kostnaðurinn færi úr 32 milljörðum króna í 98 milljarða. Aðrir eru enn svartsýnni og spá því að kostnaðurinn geti farið vel yfir 100 milljarða.

Samþykki kjósendur Icesave-samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag verður samanlagður kostnaður íslenska ríkisins af bankahruninu um 468 milljarðar króna, sé miðað við kostnaðarmat samninganefndarinnar á Icesave-samningnum. Nákvæmur kostnaður veltur meðal annars á því hver kostnaðurinn við Icesave-samninginn verður þegar upp er staðið.

Gagnlegt getur verið að bera saman útgjöld ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, sem er samanlagt verðmæti allra vara sem framleiddar eru í landinu á einu ári að viðbættu verðmæti allrar þjónustu sem veitt er hér á landi á árinu.

### Töpuðu landsframleiðslu í fimm ár

Á síðasta ári var verg landsframleiðsla um það bil 1.500 milljarðar króna. Borið saman við þá tölu sést hversu gríðarlegt áætlað tjón lánardrottna íslensku bankanna er í raun og veru. Lánardrottnarnir töpuðu upphæð sem jafnast á við alla framleiðslu og veitta þjónustu á Íslandi á fimm ára tímabili.

Kostnaður ríkisins af bankahruninu gæti orðið samanlagt 468 milljarðar króna, um 31 prósent af vergri landsframleiðslu. Af þeirri upphæð eru 210 milljarðar, um 14 prósent af vergri landsframleiðslu, vegna endurfjármögnunar bankanna. Um 166 milljarðar falla á ríkið vegna Seðlabankans, um 11 prósent af vergri landsframleiðslu.

Við þetta bætist um það bil 60 milljarða kostnaður vegna endurfjármögnunar Íbúðalánasjóðs, Sjóvár og SpKef, um fjögur prósent af vergri landsframleiðslu.

Miðað við áætlaðan kostnað við Icesave, 32 milljarða, mun Icesave kosta stjórnvöld ríflega tvö prósent af vergri landsframleiðslu. Rætist svartsýnni spá samninganefndarinnar upp á 98 milljarða mun kostnaðurinn verða um 6,5 prósent af vergri landsframleiðslu.

**468** milljarðar króna er áætlaður beinn kostnaður íslenska ríkisins vegna bankahrunsins.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



## Samanburður við ýmsar hagstærðir




## Áætlaður kostnaður ríkisins af bankahruninu




## Milljarðar króna í ýmsu samhengi

### Orkuveita Reykjavíkur




Skuldir Orkuveitu Reykjavíkur

### Aflaverðmæti

Verðmæti afla íslenskra skipa á síðasta ári




### Landspítalinn




Kostnaður við rekstur og viðhald Landspítalans á árinu 2011.

### Icesave




Kostnaður ríkisins við Icesave-samninginn samkvæmt áætlun samninganefndar Íslands

### Harpa

Byggingarkostnaður tónlistarhússins Hörpu




### Héðinsfjarðargöng

Kostnaður við Héðinsfjarðargöng, uppreiknaður á meðalverðlagi ársins 2010




### Háskóli Íslands

Kostnaður við rekstur Háskóla Íslands á árinu 2011




### Sendiráð

Kostnaður við rekstur allra sendiráða Íslands á árinu 2011








VORTILBOÐ
RON THOMPSON ÖNDUNARVÖÐLUR OG SKÓR
PAKKATILBOÐ AÐEINS
24.900,-
SCIERRA CC3 ÖNDUNAR-VÖÐLUR OG SKÓR
PAKKATILBOÐ AÐEINS
29.900,-
DAM HYDROFORCE NEOPRENVÖÐLUR
Fullt verð 16.995,-
VORTILBOÐ AÐEINS
13.995,-
DAM TASLAN NYLON VÖÐLUR
Fullt verð 8.995,-
VORTILBOÐ AÐEINS
6.995,-
MAD NEO-PRENVÖÐLUR Í FELULITUM
Fullt verð 19.995,-
VORTILBOÐ AÐEINS
16.995,-
PROLOGIC FELUGALLI
Jakki og smekkbuxur.
Fullt verð 29.900,-
VORTILBOÐ AÐEINS
25.900,-
MAX-4
RON THOMPSON ONTARIO JAKKI
Vatnsheldur jakki sem hægt er að breyta í vesti.
Fullt verð 12.995,-
VORTILBOÐ AÐEINS
9.995,-
SCIERRA AQUATEX PRO VEIÐIJAKKI
Vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 29.995,-
VORTILBOÐ AÐEINS
23.995,-
NYLON BARNAVÖÐLUR
í stærðum 34/35 og 36/37.
AÐEINS
6.995,-
OKUMA AIRFRAME FLUGUHJÓL
3 aukaspólur og taska.
Fullt verð 12.995,-
VORTILBOÐ AÐEINS
9.995,-
RON THOMPSON STEEL-HEAD KASTSTÖNG
Fullt verð 8.995,-
RON THOMPSON TYRAN KASTSTÖNG
Fullt verð 8.995,-
VORTILBOÐ AÐEINS
6.995,-
SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLS 5 - SÍMI 517 8050
VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410
VEIÐIBÚÐ ALLRA LANDSMANNA Á NETINU
Veiðimaðurinn
1940
VEIDIMADURINN.IS
MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN OKKAR!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kirkjan tekur á kynferðisbrotamálum – hvernig eru aðrar stofnanir í stakk búnar til þess?

## Þögnin ekki í boði

Fréttablaðið segir í dag frá nýrri skýrslu fagráðs þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota, en þar kemur fram að til kasta fagráðsins komu tíu mál á síðasta ári, þar af sex á síðustu fjórum mánuðum ársins. Flest eru málin gömul og jafnvel fyrnd að lögum, þannig að þau hafa ekki komið til kasta lögreglu. Tveir af gerendunum voru hins vegar enn í starfi á vegum kirkjunnar eða tengdra stofnana og hefur báðum verið vikið frá störfum.

Kirkjan gekk á síðasta ári í gegnum erfiða umræðu um ásakanir á hendur fyrrverandi biskupi um kynferðisbrot. Sú staðreynd, að í fyrra voru kærð til fagráðsins tíu brot í samanburði við þrjú á tólf árum þar á undan, er fyrst og fremst til merkis um að sú umræða skilaði árangri. Kirkjan breytti um kúrs og tók skýra afstöðu gegn því að kynferðisbrot væru þögguð niður. Málafjöldinn bendir ekki til að í röðum starfsmanna kirkjunnar séu fleiri kynferðisbrotamenn en í öðrum stéttum, heldur sýnir hann að fólk sem brotið var á fyrir mörgum árum og hafði borið harm sinn í hljóði, þorði loksins að stíga fram og segja frá því sem gert var á hlut þess. Brottvikningarnar sem sagt er frá í ársskýrslunni sýna sömuleiðis að þjóðkirkjan hefur ekki eingöngu hlustað á fórnarlömbin, heldur tekið fast á gerendunum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Allt mun þetta, ásamt starfi rannsóknarnefndarinnar, sem nú skoðar ásakanirnar á hendur hinum látna biskupi og hvernig ýmsir kirkjunnar menn brugðust við þeim á sínum tíma, stuðla að því að hreinsa andrúmsloftið og hindra að slík brot verði nokkurn tímann aftur látin liggja í þagnargildi innan þjóðkirkjunnar.

Þetta leiðir hugann að því hvernig aðrar stofnanir og fagstéttir hafa brugðizt við umræðu um kynferðisbrot. Fréttablaðið sagði frá því síðastliðið haust að eftir að biskupsmálið komst í hámæli á nýjan leik, leituðu fjölmargir, ekki sízt eldra fólk, til Stígamóta og sögðu frá kynferðisofbeldi sem þeir höfðu verið beittir fyrir löngu, oft í skjóli einhvers konar embættisvalds. Þar var, að sögn starfsmanna Stígamóta, oft um að ræða menn í valdastöðum í mörgum öðrum stofnunum en kirkjunni. „Fyrir fólki er draumurinn um viðurkenningu á ofbeldinu ný tilfinning þó að sjaldnast sé hægt að uppfylla hann,“ sagði Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, í samtali við blaðið í september síðastliðnum.

Það sem kirkjan hefur gert, er að bjóða upp á skýran farveg fyrir ásakanir um kynferðisbrot. Hlustað er á fórnarlömbin og tekið á gerendum, sem enn eru í starfi innan stofnunarinnar, jafnvel þótt ekki sé hægt að koma lögum yfir þá. Full ástæða er til að aðrar fagstéttir, ekki sízt þær sem vinna með börnum, skoði hvort boðið sé upp á svipuð úrræði á þeirra vettvangi. Af hálfu Kennarasambandsins hefur komið fram að verið sé að móta nýjar verklagsreglur um viðbrögð við kynferðisbrotamálum, þannig að allir skólar séu með skýra stefnu sem bæði starfsfólk og nemendur þekki. Margar fleiri stofnanir þurfa klárlega á slíkri stefnu að halda og geta líkast til dregið lærdóma af erfiðri reynslu þjóðkirkjunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Bestun Birtingahús

Lífstíll 20+
Súperform
Peak Pilates

World Class
ICELAND

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tryggvi traustur

Enn fá ráðherrar ofanígjöf. Og enn frá Tryggva Gunnarssyni, umboðsmanni Alþingis. Um daginn setti hann ofan í við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fyrir að svara ekki erindi útgerðarmanns norður í landi sem taldi á sér brotið við kvótaúthlutun árið 2007. Nú er það fjármálaráðherrann sem fær til tevatnsins. Umboðsmaður krefur ráðherrann svara um ástæður þess að hann neitar að veita fjölmiðlum upplýsingar um kostnað við Icesave-samninganefndina fyrr en sömu upplýsingar hafi verið veittar á þingi, þrátt fyrir að fjölmiðlar hafi beðið um upplýsingarnar áður en beiðni þar um barst úr þinginu.



### Engar refjar

Umboðsmanni duga ekki einfaldar skýringar. Hann vill sjá á grundvelli hvaða laga fjármálaráðherrann neitar að veita fjölmiðlum – og þar með almenningi – upplýsingarnar. Fjármálaráðherrann hefur frest til föstudags til að skýra sína lagalegu hlið málsins. Ekki eru miklar líkur á að til þess komi. Ráðherrann bara hlýtur að veita þessar upplýsingar strax í dag.



### Upplýsingaástin

Annars er með ólíkindum að ráðherra í ríkisstjórn sem hefur gert kjörorð á borð við „allt uppi á borðum“ og „gagnsæi“ að sínum skuli ekki sjá sóma sinn – og jafnvel sérstaka ástæðu – til að upplýsa þjóðina um jafn einfalt atriði og hver kostnaðurinn við samninganefndina er. Að sama skapi er kyndugt að fylgjast með pólitískum andstæðingum ráðherrans hamast á honum vegna málsins. Þegar þeir voru í stjórnarliðinu voru þeir ekki allir beint elskir að upplýsingum til almennings.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Skuldir óreiðumanna

Icesave



Jón Baldvin Hannibalsson
Fyrrverandi fjármálaráðherra

Tvær fullyrðingar um Icesave eru endurteknar daglega og oft á dag til að réttlæta nei í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Hvorug fullyrðingin stenst skoðun, eins og nú verður sýnt fram á:

**1.** Við borgum ekki skuldir óreiðumanna (fyrrum eigenda Landsbankans). Icesave 3 snýst ekki um það. Samningurinn snýst um að borga lágmarkstryggingu sparifjáreigenda hjá íslenskum bönkum, skv. íslenskum lögum. Okkur þykir sjálfsagt, að stjórnvöld tryggi innistæður Íslendinga í íslenskum bönkum. Ríkisstjórnin gerði það í nafni neytendaverndar. Ella hefðum við þurft að borga skuldir óreiðumanna með sparifé okkar. Ef ríkisstjórnin neitar að gera það sama varðandi útibú íslenskra banka í útlöndum, verðum við einfaldlega dæmd til að gera það. Upphæðin, sem þá verður krafist, er tvöfalt hærri en lágmarkstryggingin skv. Icesave 3, að sögn Lee Buchheits, aðalsamningamanns. Ef við segjum nei við Icesave 3, verður dómstólaleiðin farin. Þá verða gerðar ýtrustu kröfur um vexti, greiðslutíma og kjör. Þá er víst, að eignir Landsbankans munu ekki hrökkva fyrir reikningnum. Þar með yrðum við dæmd til að borga skuldir óreiðumanna.

**2.** Það er engin lagaskylda að borga. Hið rétta er, að það er engin ríkisábyrgð á tryggingasjóði innistæðueigenda. Tryggingasjóðnum ber hins vega skylda til að standa við lögbundna lágmarkstryggingu sparifjáreigenda. Þar brugðust íslensk stjórnvöld eftirlitsskyldu sinni. Þeim mátti ljóst vera, að tryggingasjóðurinn var því sem næst tómur. Íslenskum stjórnvöldum bar því skylda til að grípa til ráðstafana til að tryggja, að skuldbindingar sjóðsins lentu ekki á íslenska ríkinu (þ.e. skattgreiðendum). Það gerðu Norðmenn, félagar okkar í EES. Þeir innleiddu sömu lög og við um lágmarkstryggingu sparifjáreigenda hjá norskum bönkum, sem starfa víða um heim. En þeir settu eitt skilyrði: Norski tryggingasjóðurinn tryggir bara innistæður í norskum krónum. Þar af leiðir, að norskir bankar í útlöndum verða að starfa þar sem dótturfyrirtæki (ekki útibú). Þar með eru þeir undir eftirliti og á ábyrgð tryggingasjóða í gistiríkinu. Þess vegna er ekkert Icesave í Noregi. Norsk stjórnvöld gerðu skyldu sína. Íslensk stjórnvöld brugðust skyldum sínum. Það gerir gæfumuninn. Þá sem bregðast lögbundnum skyldum sínum, má sækja til saka.

**Niðurstaðan:** Ef við höfnum Icesave 3, verðum við dæmd til að borga Icesave 4 – skuldir óreiðumanna. Það mun reynast okkur dýrkeypt. Við tryggjum ekki eftir á.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Æseifskviða

Icesave

Gylfi Magnússon
dósent í Háskóla Íslands og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra



Grunnurinn að Icesave-deilunni er sú einfalda staðreynd að þegar eigum þrotabús Landsbankans var ráðstafað var það gert þannig að útkoman varð hagstæðari fyrir þá sem áttu innlánsreikninga á Íslandi en í Bretlandi eða Hollandi. Nú hafa náðst samningar um það hvernig á að gera þetta upp með sanngjörnum hætti fyrir báða aðila. Íslenska ríkið bætir Hollendingum og Bretum upp hluta kostnaðarins við að gera innstæðueigendur í þeim löndum jafnsetta innstæðueigendum á Íslandi. Miðað er við afar lága vexti, sem er mikið hagsmunamál fyrir íslenska ríkið. Vextirnir eru til dæmis um helmingi lægri en Evrópulönd hafa boðið ríkissjóðum Grikklands og Írlands sem eiga í miklum kröggum.

Þetta er góð og sanngjörn niðurstaða fyrir Ísland og við eigum ekki að kveinka okkur undan því að þurfa með þessum hætti að koma til móts við nágrannaþjóðir okkar.

Kostnaður íslenska ríkisins er áætlaður um 30 milljarðar króna. Líklega er það fremur ofmat en vanmat, því að eigur þrotabúsins eru varlega metnar. Myndin af þrotabúinu hefur orðið skýrari eftir því sem tíminn hefur liðið. Það dregur úr áhættu. Gengisáhætta hefur einnig minnkað mikið og mun fyrirsjáanlega hverfa að miklu leyti síðar á þessu ári þegar stór hluti forgangskrafna verður greiddur.

Verði dómstólaleiðin farin hverfur engin áhætta en við bætist óvissa um vexti, skiptingu höfuðstóls (hlutdeild íslenska ríkisins gæti allt að tvöfaldast) og greiðslutíma, auk þess sem öryggisfyrirvarar Íslands í núverandi samningi væru ekki lengur tryggir. Það væri engu betra fyrir íslenska ríkið að vera dæmt til að greiða í krónum en að semja um greiðslur í erlendri mynt. Það hefur sömu áhrif á innlendan gjaldeyrismarkað.

Kostnaður vegna tafa við að ljúka málinu er þegar orðinn gríðarlegur og eykst enn með frekari töfum. Sá kostnaður kemur fyrst og fremst fram á tvennan hátt.

Í fyrsta lagi vegna verri vaxtakjara á erlendum skuldum landsmanna. Þar kostar hvert prósentustig rúma 30 milljarða á hverju ári. Þetta lækkar þjóðartekjur.

Í öðru lagi verður fjárfesting minni vegna lakari aðgangs að fjármagni og meiri óvissu. Þetta leiðir til minni hagvaxtar (eða meiri samdráttar) en ella og aukins atvinnuleysis. Lítil fjárfesting er helsti dragbítur á hagvöxt á Íslandi nú. Eitt prósentustig í töpuðum hagvexti, sem ekki tekst að vinna upp aftur, má meta til um 300 milljarða króna í framtíðarlandsframleiðslu, m.v. 5% vexti. Eitt prósentustig í töpuðum hagvexti sem tekur 10 ár að vinna upp aftur má meta til um 70 milljarða króna í framtíðarlandsframleiðslu m.v. sömu forsendur.

Þessi tafakostnaður er langstærsti reikningurinn vegna Icesave. Þær greiðslur sem á endanum kunna að fara úr ríkissjóði vegna uppgjörsins verða aldrei nema lítið brot af þessu. Það er vitaskuld sorglegra en tárum taki. Því getur dómstólaleiðin aldrei skilað Íslendingum neinum ávinningi, jafnvel þótt svo ólíklega færi að dómsmál ynnist.

> Þetta er góð og sanngjörn niðurstaða fyrir Ísland og við eigum ekki að kveinka okkur undan því að þurfa með þessum hætti að koma til móts við nágrannaþjóðir okkar.

Þegar líklegur reikningur ríkisins vegna Icesave, 30 milljarðar, er skoðaður má hafa í huga að íslenska ríkið hafði um 450 milljarða í tekjur á árunum 2003 til 2007, sem beint má rekja til góðærisbólunnar og þess fjár sem íslensku bankarnir dældu inn í hagkerfið, m.a. af Icesave-reikningunum.

Þótt um helmingur þessa fjár hafi tapast við gjaldþrot Seðlabankans og hallarekstur ríkisins árin 2008 til 2012 kosti mikið verður ríkissjóður þegar upp er staðið litlu skuldsettari en hann var undir lok tíunda áratugarins, áður en ballið byrjaði, í hlutfalli við landsframleiðslu.

Féð sem bankarnir dældu inn í íslenska hagkerfið skilaði sér líka í því að fjármunaeign landsmanna jókst um hátt á annað þúsund milljarða árin 2003 til 2009. Eftir sitja hús, virkjanir, vegir, jarðgöng, tónlistarhús, sundlaugar, hafnir og svo framvegis. Árið 2008 voru 8.340 Toyota Land Cruiser jeppar á landinu, sem myndu líklega kosta um 80 milljarða króna nýir. Svona mætti nær endalaust telja.

Á sama tíma batnaði hrein skuldastaða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og hefur líklega ekki verið betri í um aldarfjórðung. Ekki síst vegna þess að erlendir kröfuhafar urðu að sjá á eftir um 7.000 milljörðum sem þeir höfðu lánað íslensku bönkunum og þeir fá ekki til baka.

Hvað er þjóðarbúið lengi að afla 30 milljarða króna? Afgangurinn af utanríkisviðskiptum landsmanna, viðskiptajöfnuðurinn, er nú meiri en nokkurn tíma áður eða sem samsvarar um 3 milljörðum króna á viku. Það tekur því þjóðarbúið 10 vikur að afla nægs gjaldeyris í þetta verkefni. Jafnvel miðað við allra svartsýnustu spár um þróun gengis og endurheimtur eigna Landsbankans verður reikningurinn innan við eins árs afgangur af viðskiptajöfnuði.

Allt útlit er fyrir að málið verði að fullu gert upp árið 2016, m.v. núverandi samning. Þangað til eru 5 ár. Þeir sem telja að börnin okkar greiði reikninginn mega hafa það í huga að eftir 5 ár verða þau, merkilegt nokk, að jafnaði 5 árum eldri en þau eru núna. Flest þeirra verða enn börn, þau elstu orðin unglingar. Þeirra skattgreiðslur munu ekki renna til að greiða þennan reikning. Þau erfa hins vegar alla þá innviði sem góðærið skilur eftir.

Þeir sem vilja fara dómstólaleiðina hafa sumir hverjir vitnað í ýmsar hetjur Íslandssögunnar og bókmenntanna máli sínu til stuðnings. Vísað í garpa sem þeir telja víst að hefðu sagt nei. Það er dálítið til í þessu. Til dæmis má væntanlega slá því föstu að Egill Skallagrímsson hefði sagt nei. Líklega hefði hann gert það utan kjörstaðar í ránsferð í útlöndum. Dottið svo í það og vegið mann og annan.

Það er ekki hægt að vona annað en að á þúsund árum hafi meirihluti þjóðarinnar náð meiri þroska en það. Skilji að það eru hagsmunir Íslands að berjast á sanngjarnan hátt fyrir góðum málstað og taka í útrétta sáttahönd þegar hún býðst. Ekki að ryðjast áfram eins og naut í flagi, fífldjarfir, ósáttir hver við annan og vinafáir.

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




BESTU RITDEILURNAR, ÁDREPURNAR, SKAMMIRNAR OG ALLAR HINAR AÐSENDU GREINARNAR ERU Á VÍSI.

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp–upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

# Siðaðra þjóða háttur

Icesave

Benedikt Jóhannesson



Þegar fulltrúar allra helstu flokka sameinuðust um að skipa nýja samninganefnd um Icesave vorið 2010 gátu landsmenn verið vissir um að í nefndinni væru þeir menn sem best myndu halda á málstað Íslands. Færustu lögmenn sem vöruðu við undanslætti fyrri samninga. Það er einróma álit þeirra að ekki verði lengra náð með samningum en nú. Í nóvember 2008 sagði Björn Bjarnason frá því á vefsíðu sinni að ákveðið hefði verið að semja um málið: „Þegar samið er, hafa báðir nokkuð til síns máls. Ég hef aldrei hallast að þeirri skoðun, að samningar séu svik, þegar deilur milli ríkja eru leystar. Mér heyrist örla á því sjónarmiði í gagnrýni stjórnarandstöðu á samninginn um Ice-Save. Það er siðaðra þjóða háttur að ljúka deilum með samkomulagi – hins vegar má ekki greiða samninga of dýru verði eða afsala sér rétti til að halda lagaskilyrðum til haga og nýta lögfræðilega túlkun til hins ýtrasta.“

Þessi orð Björns eru eins og vegvísir að lokaáfanga samninganna. Samningamenn Íslands héldu svo vel á spilum að fyrir liggur samkomulag sem takmarkar mjög áhættu Íslendinga. Samkvæmt síðasta eignamati skilanefndar Landsbankans var skuldbinding ríkisins liðlega 25 milljarðar króna. Vegna þess hve varfærnislega eignir hafa verið metnar er mjög líklegt að þær verði meira virði. Sennilega munu útgjöld ríkisins verða milli 0 og 10 milljarðar króna þegar upp er staðið. Sumir telja það ríma illa við 26 milljarða króna greiðslu nú. Svo er ekki. Af þeim koma 20 milljarðar króna úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda og liðlega 6 milljarðar lán úr ríkissjóði.

### 500 krónur á mánuði

Öllum finnst blóðugt að borga fyrir óreiðumenn. En málið snýst ekki lengur um það. Því má ekki gleyma að þeim var hleypt lausum og eftirlitsaðilar gættu þess ekki að þeir ættu eignir fyrir skuldum. Við getum litið á þetta sem sekt fyrir að óreiðumenn voru leiddir að peningum almennings. Greiðsla upp á 10 milljarða króna á fimm árum jafngildir 500 krónum á hvern einstakling á mánuði. Það jafngildir til dæmis pulsu og kókflösku á mánuði. Ef samningnum er hafnað hefur matsfyrirtæki boðað að lánshæfi Íslands fari í ruslflokk. Tryggvi Þór Herbertsson hefur reiknað það út að fjármögnunarkostnaður ríkisins verði 27-43 milljörðum hærri á ári vegna lélegra lánshæfismats sem gefur 135 til 216 milljarða á fimm árum. Nei eykur áhættu Íslands af málinu sjálfu. Og lánakostnaður á ári vex meira en sem nemur heildarkostnaðinum við Icesave-samninginn.

Við eigum að segja JÁ vegna þess að það er ódýrara og öruggara en nei. Það er siðaðra þjóða háttur að ljúka deilum með samkomulagi og það er skynsamra manna háttur að samþykkja góða samninga.




# Lágmörkum áhættu og segjum NEI

Alþingi Íslendinga samþykkti nýverið lög til heimildar á staðfestingu nýjustu Icesave-samninganna en forseti lýðveldisins synjaði þeim staðfestingar. Gengur þjóðin því til atkvæðagreiðslu um lögin nk. laugardag, þann 9. apríl. Við undirritaðir viljum hér gera stutta grein fyrir því hvers vegna við teljum farsælast fyrir þjóðina að hafna samningunum.

### Áhættusamir samningar

Fullyrðingar um að kostnaður ríkissjóðs vegna samninganna sé aðeins nokkrir tugir milljarða eru reistar á forsendum um mjög hagstæða þróun ákveðinna lykilstærða. Þetta kostnaðarmat hvílir á hagstæðri þróun gengis og eignasafns þrotabúsins. Það er hins vegar ljóst að lítið þarf út af að bregða til að upphæð þessarar skuldbindingar margfaldist og þar með byrði íslensku þjóðarinnar, jafnvel til áratuga. Slíkt er undirstrikað með því að hægt er að framlengja samningana til næstu 35 ára.

### Gjaldeyrisáhætta

Seðlabanki Íslands metur það svo að falli gengi krónunnar um 25% á tímabilinu til 2016 þrefaldast skuldbinding þjóðarinnar vegna Icesave. Séð í sögulegu samhengi er sú lækkun alls ekki ótrúleg. Þar má einnig taka mið af núverandi aflandsgengi krónunnar sem er 40-60% lægra en opinbert gengi innanlands er í skjóli gjaldeyrishafta.

### Gjaldeyrishöft

Hætt er við að samþykkt samninganna muni framlengja gjaldeyrishöftin til margra ára, eins og reyndar ríkisstjórnin og Seðlabanki hafa einmitt boðað nýverið. Þessi höft eru til mikils skaða fyrir íslenskt efnahagslíf og koma í veg fyrir að hagkerfið vaxi af krafti. Þá eru þau ekki fullkomin trygging fyrir því að gengi krónunnar falli ekki, enda ræðst gengið af þróun efnahagsmála en ekki óskhyggju einstakra stofnana um verð hennar.

### Jafnvægisraungengi

Því hefur verið haldið fram að jafnvægisraungengi muni leita til fyrra jafnvægis og því sé gjaldeyrisáhættan hverfandi. Jafnvægisraungengi síðustu 8-10 ár var óeðlilega hátt, m.a. vegna útlánabólu og innstreymis á erlendu fjármagni sem leiddi til styrkingar krónu óháð öllum grundvallar jafnvægislögmálum. Þróun gengis allra næstu árin ræður mestu um mögulegt tjón sem Icesave-samningarnir geta valdið íslenskum efnahag og raungengi getur verið fjarri langtíma meðaltali í fjölda ára í senn. Þá má benda á að raungengi krónu á móti bresku pundi í dag er ekki veikara heldur þvert á móti sterkara en það var fyrir 10 árum. Allar væntingar um að raungengi krónunnar styrkist verulega á næstu árum eru vægast sagt ótraustar.

### Aðgangur að lánsfé

Þá er fullyrt að samþykkt samninganna opni dyr að alþjóðlegum lánsfjármörkuðum. Vandséð er hvernig aukin skuldsetning með samþykkt Icesave-samninga á að laða að erlent lánsfé. Fjármagn leitar í arðsöm verkefni, við hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi. Íslensk fyrirtæki með gott rekstrarhæfi hafa aðgang að erlendri fjármögnun, eins og dæmin sanna. Það sem helst torveldar aðgang að erlendu lánsfjármagni nú er miklu frekar ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, haftastefnan hérlendis og óvissa efnahagsmála í hagkerfi í djúpri kreppu.

### Álit Moody's og lánshæfimat

Því hefur verið haldið fram að samþykkt samninganna bæti lánshæfimat Íslands. Gott langtíma lánshæfimat Íslands hvílir á traustum efnahag, hóflegri skuldsetningu og áhættu. Lánshæfimatsfyrirtækið Moody's hefur lýst því yfir að höfnun Icesave hafi neikvæð áhrif á lánshæfimat íslenska ríkisins. Úttektin er 2 blaðsíður að lengd og alls ekki fullnægjandi! Ekki er að sjá að fulltrúar fyrirtækisins hafi kynnt sér samninginn með tilhlýðilegum hætti enda er niðurstaðan illa rökstudd. Ekki er rúm til að hrekja alla gallana í röksemdafærslu Moody's en minnt er á að fyrirtækið mat íslensku bankana meðal traustustu skuldara heims rétt áður en þeir hrundu.

### Minni áhætta af dómstólaleið

Sterk rök hafa verið færð fyrir því að Bretar og Hollendingar hafi ekkert mál að byggja á fyrir dómi. Samkvæmt því er líklegast að íslenska ríkið taki ekki á sig neinn kostnað verði samningum hafnað. Ef allt færi hins vegar á versta veg í samræmi við áminningarbréf ESA frá 26. maí 2010, þá felur það í sér minni fjárhagslega áhættu en samningurinn sjálfur, þróist gengi krónunnar örlítið á verri veg. Þar til viðbótar er komið í veg fyrir greiðslufalls-áhættu ríkissjóðs vegna skulda í erlendri mynt. Þess ber einnig að geta að Bretar og Hollendingar fá umtalsvert hærri greiðslur ef þjóðin segir nei en þeir hefðu fengið hefði tilskipun ESB verið látin gilda en ekki neyðarlögin.

### Niðurstaða

Að öllu samanlögðu er það mat okkar að efnahagsleg áhætta Icesave-samningsins sé of mikil og mun meiri en væri honum hafnað. Að segja nei er að okkar mati sú leið sem er bæði sanngjörn og sú sem lágmarkar efnahagslega áhættu Íslands.

Við segjum því NEI við Icesave.

*Birgir Þór Runólfsson,*
*dósent við HÍ og hagfræðingur*
*Jón Helgi Egilsson,*
*verkfræðingur og hagfræðingur*
*Kári Sigurðsson,*
*dósent við HR og hagfræðingur*
*Ólafur Margeirsson, hagfræðingur*
*Ragnar Árnason,*
*prófessor við HÍ og hagfræðingur*
*Sigurgeir Örn Jónsson,*
*framkvæmdastjóri og hagfræðingur*
*Sveinn Valfells,*
*eðlisfræðingur og hagfræðingur*





# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



Græna prentsmiðjan!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 6. apríl 2011 – 6. tölublað – 7. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir





**Stjórnarhættir**
Fyrirtæki til fyrirmyndar 2






**Kynjahlutföll**
Jafnast ekki af sjálfu sér 6-7



**Sprotar**
Fimm atriði um sýningar 8




# N1 í hendur kröfuhafa

Útlit er fyrir að lánardrottnar, skuldabréfaeigendur og fleiri kröfuhafar taki yfir olíuverslunina N1. Stefnt er á að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins ljúki í sumar.



**DÆLT Á BÍLINN** Kröfuhafar eru við það að taka N1 yfir.

Fyrirtækið var í ábyrgð fyrir skuldum eigenda N1, eignarhaldsfélagsins BNT, sem lenti í vanskilum með 9,2 milljarða króna lán sem var á gjalddaga í fyrra.

„Það var enginn valkostur í stöðunni," segir Hermann Guðmundsson, forstjóri N1. Hann útilokar ekki að kröfuhafar félagsins leiti eftir því að skrá fyrirtækið á hlutabréfamarkað þegar fram líða stundir. - jab / Sjá síðu 4

# Mikið drukkið um páska

Rúmlega 1,2 milljónir lítrar af áfengi voru seldir hér á landi í síðasta mánuði, samkvæmt upplýsingum frá Vínbúðinni. Mest rann út af bjór, eða ein milljón lítra. Það sem upp á vantar eru 124 þúsund lítrar af rauðvíni og um 77 þúsund lítrar af hvítvíni.

Vínbúðin segir ekki hægt að bera söluna saman við sama tíma í fyrra þar sem páska hafi þá borið upp í mars og skekkir það tölurnar. - jab

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**MEIRI VANDRÆÐI Í PORTÚGAL**
Fjármálavandræðin í Portúgal versnuðu enn í gær þegar matsfyrirtækið Moody's lækkaði lánshæfismat landsins í annað sinn á innan við mánuði. Moody's gerir fastlega ráð fyrir því að Portúgal sláist í hópinn með Írlandi og Grikklandi og leiti fjárhagsaðstoðar hjá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.



**FJÁRLAGAKREPPA Í BANDARÍKJUNUM**
Demókratar og repúblikanar á Bandaríkjaþingi deila hart um fjárlög ársins, en þurfa að afgreiða þau fyrir vikulokin. Repúblikanar, sem eru með meirihluta á þingi, kynntu í gær fjárlagahugmyndir sínar með miklum niðurskurði. Demókratar tóku illa í þær hugmyndir, svo ekkert samkomulag er í sjónmáli.

**VERBÓLGUÓTTI Í KÍNA**
Seðlabankinn í Kína hefur hækkað helstu vexti í fjórða sinn síðan í október í þeirri von að það dugi til að draga úr verðbólgunni, sem hefur hækkað verulega síðustu vikur og mánuði. Verðbólgan mældist 4,9 prósent í febrúar, og munaði þar mest um matvælaverð sem hækkaði um heil 11 prósent.

# Kvótabreyting gæti skekkt bankakerfið

## Sjávarútvegsfyrirtækin skulduðu þremur bönkum 257 milljarða um áramót. Innköllun aflaheimilda gæti valdið vandræðum.


**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar


Ólíklegt er að stjórnvöld samþykki innköllun aflaheimilda á tuttugu árum. Slíkt getur leitt til gjaldþrots þeirra fyrirtækja í sjávarútvegi sem ráða yfir allt að helmingi af aflaheimildum og haft mjög neikvæð áhrif á bankakerfið.

„Við viljum vekja athygli á því að verðmæti eigna í sjávarútvegi er háð aflahæfi. Í sjálfu sér leggjum við ekki mat á bein áhrif, en þau gætu orðið töluverð," segir Sverrir Örn Þorvaldsson, framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Íslandsbanka. Hann kynnti í gær sérstaka áhættuskýrslu þar sem farið var yfir helstu áhættuþætti í starfsemi bankans.

Markmiðið með skýrslunni er að auka gagnsæi, uppfylla kröfur regluverksins um upplýsingagjöf, gefa betri innsýn í áhættu í rekstri bankans og eiginfjárstöðu hans. Nokkrir erlendir bankar hafa birt skýrslur sem þessar en Íslandsbanki er fyrstur banka hér á landi til þess.

Í skýrslunni vitnar Íslandsbanki til greinargerðar Rannsókna- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri frá maí í fyrra þar sem farið var yfir áhrif innköllunar aflaheimilda á stöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Fram kemur í greinargerðinni, sem unnin var fyrir starfshóp sem skipaður var af sjávarútvegsráðherra til að endurskoða fyrirkomulag fiskveiðistjórnunarinnar, að heildarskuldir sjávarútvegsfyrirtækja hafi numið 465 milljörðum króna í árslok 2008. Þá segir að þau fyrirtæki sem hafi yfir að



**ÁHÆTTUSKÝRSLAN KYNNT** Sverrir Þorvaldsson segir innköllun á aflaheimildum sjávarútvegsfyrirtækja geta haft töluverð áhrif á bankakerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ráða 45 til 50 prósentum af aflaheimildum séu í erfiðri stöðu. Félög með aðeins átta til tólf prósent aflaheimilda voru hins vegar í góðri stöðu.

Skuldir sjávarútvegsfyrirtækja gagnvart viðskiptabönkunum þremur námu 257 milljörðum króna í lok síðasta árs, samkvæmt ársreikningum þeirra. Landsbankinn ber mestar byrðar, 137 milljarða króna. Lánveitingar Íslandsbanka nema 68 milljörðum.

„Við erum með töluvert eigið fé til að takast á við þetta, 142 milljarða, sem samsvarar 26,6 prósenta eiginfjárhlutfalli, langt umfram þau viðmið sem Fjármálaeftirlitið hefur sett. En ef sjávarútvegsfyrirtæki munu í stórum stíl ekki ráða við skuldir sínar þá kemur það við bankakerfið," segir Sverrir.



# Gjaldeyrisþörfin 22% af forða Seðlabankans

Gjaldeyrisþörf Orkuveitu Reykjavíkur næstu sex árin er um 22 prósent af tiltækum gjaldeyrisforða Seðlabankans. Fjallað er um þetta í Markaðspunktum Arion banka.

Áætlanir OR um uppgreiðslu erlendra skulda munu hafa mikil áhrif á gjaldeyrismarkað. Samkvæmt mati Markaðspunkta þarf Orkuveitan að verða sér úti um 100 milljarða króna af gjaldeyri til ársins 2016 og ekki er ólíklegt að Seðlabankinn þurfi að útvega hluta þessa gjaldeyris.



Þrátt fyrir að gjaldeyrisþörfin skerði getu Seðlabankans til forðasöfnunar verður enn nokkurt svigrúm fyrir bankann ef spá um afgang á viðskiptajöfnuði gengur eftir, segir í Markaðspunktum.

# Bankarnir bíða á gulu ljósi

Arion banki telur fjárhagslegt tjón hans geta orðið verulegt, fari svo að Hæstiréttur dæmi ólögmæt gengislán sem verslunin Mótormax tók hjá Landsbankanum. Slík lán voru algengasta form fyrirtækjalána fyrir hrun. Dómurinn gæti haft fordæmisgildi og haft áhrif á öll svipuð lán. Líklegt þykir að dómur falli um miðjan næsta mánuð.

Arion banki hefur látið meta hugsanleg áhrif dómsins á bankann, í samstarfi við Fjármálaeftirlitið. Verði niðurstaðan honum óhagstæð mun eiginfjárhlutfallið þrátt fyrir það verða yfir sextán prósenta eiginfjármörkum.

Íslandsbanki hefur sömuleiðis gert ítarlega úttekt á algengum lánasamningum. Þeir eru ekki taldir efnislega sambærilegir við þá sem komið hafa við sögu í undangengnum úrskurðum og dómum, samkvæmt svari bankans við fyrirspurn frá Fréttablaðinu.

Héraðsdómur úrskurðaði seint í febrúar að lán sem verslunin Mótormax tók hjá Landsbankanum væri ekki í erlendri mynt, heldur í íslenskum krónum með gengistryggingu við erlenda mynt. Landsbankinn taldi hins vegar að lánasamningurinn hefði falið í sér skuldbindingu í erlendri mynt. Verði dóminum óhagstæður Landsbankanum gæti eignastaða hans lækkað um sextán milljarða króna. Bankinn færði sex milljarða króna á varúðarreikning vegna þessa í fyrra.

Verslunin Mótormax seldi mótorhjól og ýmislegt tengt þeim en keyrði í þrot fyrir tæpum tveimur árum. Mótormax var í eigu Magnúsar Kristinssonar, útgerðarmanns í Vestmannaeyjum, og fór í þrot í maí árið 2009. - jab

## BANKABÓKIN

| Samanburður á vaxtatöflum bankanna | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,25%[A] | 11,25% | 11,2% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 1,90% | 11,20% | 11,2% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,15%[B] | 11,20% | 11,20% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 2,00% | 11,15% | 9,50 til 11,15% |
| BYR | PM-reikningur 2,05% | 11,15% | 11,10 til 11,20% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 2,10% [C] | 11,45% | 11,40% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 2,10% | 10,20% | Ekki í boði. |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. [A] Bundinn í tíu daga. [B] Bundinn í sjö daga. [C] Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Fyrirtækin eiga að vera til fyrirmyndar

„Við viljum að góð vinnubrögð skipti máli og viljum vekja athygli á þeim," segir Haraldur Birgisson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Viðskiptaráð gaf um mitt ár 2009 út leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Það hefur nú ýtt úr vör átaki sem gerir fyrirtækjum kleift að láta gera úttekt á því hvort góðir stjórnarhættir hafi verið innleiddir.

Tómas Már Sigurðsson, stjórnarformaður Viðskiptaráðs, kynnti úttektina á Viðskiptaþingi í febrúar og var átakinu ýtt úr vör í mars.

Stjórnendur fyrirtækjanna þurfa sjálfir að eiga frumkvæðið að því að láta gera úttektina. Átakið er unnið í samstarfi við helstu endurskoðendaskrifstofur landsins, þar á meðal KPMG og Deloitte, sem gera ítarlega greiningu á viðkomandi fyrirtæki. Þar á meðal er farið yfir gögn, fundargerðir, starfsfólk boðað í viðtöl og þar fram eftir götunum. Eftir það gefur endurskoðendafyrirtækið út skýrslu sem Rannsóknarmiðstöð um góða stjórnarhætti í Háskóla Íslands fer yfir. Þar er tekið út hvort fyrirtækið geti verið til fyrirmyndar. - jab



**HARALDUR BIRGISSON** Góð vinnubrögð skipta máli að mati Haraldar.

# Tveggja ára megrun senn á lokastigum

## Arion banki hefur lokað fimmtán útibúum á tveimur árum. Sjö þúsund íbúar eru nú á bak við hvert útibú. Það er sambærilegt og hjá bönkum á hinum Norðurlöndunum.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Við höfum fækkað útibúum eftir ákveðnu vinnuplani í tvö ár og stöndumst nú samanburð við það sem best gerist á Norðurlöndunum," segir Hermann Björnsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka.

Bankinn hefur á síðastliðnum tveimur árum lokað fimmtán útibúum, þar af sex sem bankinn tók yfir við fall SPRON í mars 2009. Hermann segir stjórnendur bankans taka undir með þeim sem segi bankakerfið of stórt. Bankinn hefur lagt sitt af mörkum við að sníða það að breyttum aðstæðum, bæði í efnahagslífinu og í viðskiptaháttum.

Í fyrra var bankinn með um fjögur þúsund íbúa að baki hverju útibúi. Nú eru þeir sjö þúsund á höfuðborgarsvæðinu. Það er svipað hlutfall fólks á bak við hvert bankaútibú og á hinum Norðurlöndunum.

Hermann bendir á að ekki hafi þurft að fara í hópuppsagnir í breytingaferlinu. Þess í stað hafi starfsmannaveltan verið nýtt.

„Þróunin hefur verið sú að ákveðinn hópur viðskiptavina fer ekki í útibú nema einu sinni á ári. Við erum að bregðast við þeirri þróun," segir hann og bendir á að langstærsta útibú Arion banka núorðið sé netbankinn. Þá hafa útibú verið sameinuð, þau stækkuð á kjarnasvæðum og þjónustan orðið betri. Horft hefur verið til þess að loka útibúum þar sem hinir bankarnir eru fyrir. „Það skilar litlu fyrir bankana að hafa mörg útibú í fimm þúsund íbúa byggðarlagi," bætir hann við.

Breytingarnar fela í sér að á höfuðborgarsvæðinu verða til fjögur stór útibú og þrjú stór á landsbyggðinni. Utan um stóru útibúin verða sjö rekstrarstjórar og er hlutverk þeirra að samhæfa útibú bankans sem eru 24.

„Við munum ekki stækka öll útibúin úti á landsbyggðinni. Verkefnið á landsvísu er að koma fyrir stórum útibúum í þéttbýliskjörnum sem eru betur í stakk búin til að styðja minni útibúin. Síðan höfum við tengt minni útibú við þau. Útibúin vinna nú þétt-ar saman en áður og sækja minni þjónustu til höfuðstöðvanna," segir Hermann. „Við það erum við að færa umboð og ábyrgð í meira mæli til útibúanna. Völdin hafa í auknum mæli farið frá höfuðstöðvunum til útibússtjóranna, sem hafa meira umboð en áður," segir Hermann.



**HERMANN BJÖRNSSON** „Þróunin hefur verið sú að ákveðin kynslóð fer ekki í útibú nema einu sinni á ári," segir framkvæmdastjóri hjá Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53919 04/2011




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

# 5,2 – 8,1 L/100 KM.
# GERI AÐRIR BETUR!

KANGOO II EXPRESS
VERÐ: **2.790.000** M. VSK.
**1,5 DÍSIL - 86 HÖ - 5,2 L/100 KM***

**NÝR!**



**ÓDÝRARI Í REKSTRI EN METANBÍLL****

TRAFIC
VERÐ FRÁ: **3.990.000** M. VSK.
**2,0 DÍSIL - 115 HÖ - 7,5 L/100 KM***



MASTER MILLILANGUR – VÆNTANLEGUR
VERÐ FRÁ: **4.990.000** M. VSK.
**2,3 DÍSIL - 125 HÖ - 8,1 L/100 KM***

**NÝR!**



www.renault.is

**RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR.** Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir mestu máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi. Þeir vita líka að hagkvæmnin verður að vera í fyrirrúmi hjá þér sem atvinnurekanda. Master býður gríðarstórt flutningarými og er fáanlegur í nær óendanlega mörgum útfærslum, Trafic er þægilegur bíll í millistærð sem léttir starfsdag margra iðnaðarmanna og Kangoo er bíllinn sem er svo miklu stærri en hann sýnist.

RENAULT

*Blandaður akstur. ** Miðast við akstur innanbæjar á nýjum Renault Kangoo 1,5 dísil annars vegar og nýjum VW Caddy 2,0 ECO Fuel (Metan) hins vegar.



**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# Metfjöldi ferðamanna á fyrsta ársfjórðungi

Tæplega 27 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Leifsstöð frá Íslandi í mars síðastliðnum. Það er líklega mesti fjöldi ferðamanna í marsmánuði frá upphafi þó að aukningin frá því á sama tíma í fyrra hafi aðeins verið 0,9 prósent. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Ferðamálastofu.

Brottfarir erlendra ferðamanna eru komnar í 71.735 á fyrsta fjórðungi ársins. Það er 9,6 prósenta aukning frá sama tímabili í fyrra.

Frá áramótum hefur ferðamönnum frá Norður-Ameríku fjölgað mest, en þeir voru um þriðjungi fleiri fyrstu þrjá mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. Ferðamönnum frá Mið- og Suður-Evrópu hefur fjölgað næstmest á þessu tímabili og eru um fimmtungi fleiri nú en í fyrra. Þá hefur ferðamönnum frá Norðurlöndunum fjölgað um sjö prósent. - þeb

# Tíu fyrirtæki á markað á árinu

Nauðsynlegt er að bæta umgjörð hlutabréfamarkaðar hér eftir hrunið, að sögn Páls Harðarsonar, forstjóra Kauphallarinnar.

Páll var með erindi á Kauphallardegi Arion banka í síðustu viku þar sem farið var yfir stöðuna á hlutabréfamarkaði. Hann var almennt bjartsýnn á horfurnar, tíu fyrirtæki kynnu að verða skráð á markað í ár. Gengi allt eftir yrðu sautján fyrirtæki á hlutabréfamarkaði hér um áramót og 27 eftir ár.

Páll sagði nauðsynlegt að afnema gjaldeyrishöft, gera umhverfi fjármálamarkaðarins vistvænna og byggja það fremur upp á almennum leikreglum en sérlausnum. Þá þyrfti að efla hagsmunasamtök fjárfesta og hluthafa. Hluthafar ættu að nýta réttindi sín. Lífeyrissjóðir gegndu þar lykilhlutverki.




**FORSTJÓRINN** Skortsala er ekki neikvæður gjörningur þótt þeir sem hana stundi hagnist á henni þegar aðrir tapa, að sögn Páls Harðarsonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þá benti Páll á nauðsyn þess að efla skortsölu á hlutabréfamarkaði hér. Hann benti á að margir litu skortsölu neikvæðum augum þar sem þeir sem á henni högnuðust gerðu það þegar aðrir töpuðu. Þótt skortsala hefði um árabil tíðkast erlendis hefði hún ekki verið stunduð hér. Páll sagði þvert á móti neytendavernd felast í skortsölunni, hún stuðlaði að aga á hlutabréfamarkaði og því væri í raun um neytendavernd að ræða. - jab




# Kröfuhafar taka hlut Engeyinganna í N1

**Líkur eru á að Arion banki og Íslandsbanki eignist rúm 70 prósent í N1. Eigendur félagsins voru sligaðir af skuldum eftir góðærisárin og komu illa út úr fjármálakreppunni.**

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Það var enginn valkostur í stöðunni,“ segir Hermann Guðmundsson, forstjóri olíuverslunarinnar N1. Drög að samkomulagi á milli eigenda N1 og kröfuhafa fela í sér að helstu lánardrottnar og eigendur skuldabréfa félagsins taka olíuverslunina yfir.

Gangi það eftir eignast Arion banki 38,9 prósent í N1, Íslandsbanki 31,9 prósent, skuldabréfaeigendur 21,3 prósent og aðrir kröfuhafar 7,9 prósent. Á meðal helstu eigenda skuldabréfa N1 eru í kringum sextán af helstu lífeyrissjóðum landsins. Fjárhagsleg endurskipulagning N1 stendur yfir og er stefnt að því að henni ljúki í sumar.

Samkvæmt drögum að samkomulagi breyta lánardrottnar samtals 16,3 milljarða króna skuldum N1, fasteignafélagsins Umtaks og eigenda félaganna, eignarhaldsfélagsins BNT, í hlutafé. Skuldabréfaflokkur N1 upp á 7,1 milljarð króna er á gjalddaga í lok næsta mánaðar. Við bætist 9,2 milljarða króna skuld BNT sem félagið gat ekki greitt af í fyrra. N1 var í ábyrgð fyrir skuldinni. Skuldir BNT og Umtaks, fasteignafélags N1, eru í erlendri mynt. Þær námu um 60 milljörðum króna seint á síðasta ári. Á sama tíma námu heildarskuldir N1 19,3 milljörðum króna í lok júní í fyrra.

Með yfirtökunni lækka skuldir N1 úr 19,3 milljörðum í 8,5 milljarða og fer eiginfjárhlutfall félagsins úr 25 prósentum í 50.

Hermann sagðist í samtali við Fréttablaðið í september í fyrra litlar áhyggjur hafa af skuldabyrði félagsins. Hún sé ekki meira áhyggjuefni en hver önnur endurfjármögnun. Spurður þá að því hvernig N1 geti borið alla þá byrði svaraði hann því til að farið verði að vinna í endurfjármögnun skuldabréfaflokksins þegar nær dragi áramótum. Um skuldir eigendanna sagði hann: „BNT gæti selt N1 og greitt upp skuldir sína. Það er valkostur en hefur ekki verið skoðaður í neinni alvöru.“




**HERMANN** Skuldir N1 lækka verulega með yfirtöku kröfuhafa á félaginu. Eiginfjárhlutfallið verður tvöfalt hærra en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hermann bendir nú á að það hafi öðru fremur verið vandræði helstu eigenda N1 sem valdi því að lánardrottnar taka félagið yfir. „Rekstur N1 hefur ávallt gengið vel. En það er ekki hægt að segja að þetta sé óvænt niðurstaða þótt lengi hafi verið stefnt að öðru. Þetta eru afleiðingar af hruni krónunnar þar sem skuldir félaganna urðu svo háar að við þær varð ekki ráðið. Þá þurfti að vinna úr þeirri stöðu. Þessi leið skilar því að kröfuhafar fá sem mest fyrir sinn snúð,“ segir hann og bendir á að erfitt sé að spá fyrir um endurheimtuhlutfall skuldabréfa, það er raunverulegs verðmætis félagsins. „Það er ekki hægt að átta sig á endanlegu virði félagsins fyrr en menn selja það. Þessi tveir bankar greiddu ekki fullt verð fyrir kröfurnar á sínum tíma og því ættu þeir að komast vel frá þessu,“ segir hann.

Hermann telur líklegt að Samkeppniseftirlitið úrskurði fljótlega í hversu langan tíma bankarnir megi eiga hlut sinn í N1. Þeir muni á næstu mánuðum leita kaupenda að félaginu eða skoða skráningu þess á hlutabréfamarkað. „Það er skráningarhæft, hefur birt uppgjör í Kauphöll í fimm ár og uppfyllir allar kvaðir í þeim efnum.“

## HELSTU EIGENDUR N1 SKULDUM HLAÐNIR

Eignarhaldsfélagið BNT var stofnað í febrúar árið 2006 í tengslum við kaup fjárfesta undir forystu Bílanausts á Olíufélaginu. Kaupverð nam 10,2 milljörðum króna. Fasteignir félagsins voru í kjölfarið færðar inn í félagið Umtak.

Félögin voru sameinuð undir merkjum N1 fyrir fjórum árum.

Bræðurnir Benedikt og Einar Sveinssynir, kenndir við Engeyjarættina, áttu helmingshlut í BNT í gegnum fjárfestingafélögin Mátt og Hafsilfur. Staða félaganna veiktist verulega eftir bankahrunið, ekki síst eftir að Íslandsbanki tók hlut Máttar í Icelandair Group upp í skuldir í maí í hittifyrra.

Bræðurnir tengdust ýmsum viðskiptagjörningum á góðærisárunum, svo sem með Karli og Steingrími Wernerssonum. Máttur og BNT voru jafnframt stórir lántakendur Glitnis með tæplega 100 milljóna evra lán hvor við fall bankans, líkt og fram kemur í rannsóknarskýrslu Alþingis. Það jafngildir samtals 32,5 milljörðum íslenskra króna. Einar Sveinsson var um skeið stjórnarformaður Íslandsbanka á árunum 1991 til 1992 og aftur frá 2004 til 2007.



**EINAR SVEINSSON**

Nokkurn veginn sömu stjórnarmenn eru í BNT og N1. Eina breytingin varð þegar Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og sonur Benedikts Sveinssonar, sagði starfi sínu sem stjórnarformaður BNT og N1 lausu í desember 2008 til að helga sig stjórnmálum. Föðurbróðir hans Einar Sveinsson tók þá sæti hans.

Því til viðbótar hefur Gunnlaugur M. Sigmundsson, faðir Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins, frá upphafi setið í stjórnum beggja félaga.






## *Umboðsmaður fyrir þekkt þýskt framleiðslufyrirtæki óskast*

Fissler sem er þekkt þýskt fjölskyldufyrirtæki, stofnað 1845, óskar eftir umboðsmanni á Íslandi.

Fyrirtækið selur vörur sínar til fleiri en 70 landa. Það framleiðir hágæðapotta úr stáli og áli, pönnur, hraðsuðupotta auk áhalda, hnífa og hnífapara. Framleiðslan fer fram í Þýskalandi. Fyrirtækið er þekkt af gæðum og áreiðanleika.

Leitað er eftir heildsölu eða verslun með beinan innflutning. Vinsamlegast sendið tölvupóst fyrir 27. apríl og látið fylgja upplýsingar um fyrirtækið og grófa viðskiptaáætlun vegna innflutningsins.

Nánari upplýsingar af hálfu Fissler veitir:
sascha.hub@fissler.de, sími: +49 6781 403 203, Fax: +49 6781 403 374.

Auk þess veitir Kristín S. Hjálmtýsdóttir, Þýsk- íslenska viðskiptaráðinu, kristin@chamber.is nánari upplýsingar.

Upplýsingar um fyrirtækið má finna á; www.fissler.com

Fissler. Perfect every time.

# Kynjahlutföllin jafnast ekki *af sjálfu sér*

Einungis fjórðungur stjórnarmanna í íslenskum félögum á aðallista Kauphallar Íslands er konur. Haustið 2013 má hlutfallið ekki vera undir 40 prósentum. *Óli Kristján Ármannsson* komst að því að litlar breytingar hafa orðið á kynjahlutföllum í stjórnum fyrirtækja síðustu ár, en nú eru væntingar um annað.



**KVENNAFRÍDAGURINN Í FYRRA** Margt hefur unnist í réttindabaráttu kvenna hér á landi. Konur frá borði á vinnumarkaði. Enn er að finna kynbundinn launamun og konur eru færri í en karlar í stjó konur létu sig hafa leiðindaveður 25. október síðastliðinn og mótmæltu í miðbæ Reykjavíkur ójafnri frá fyrsta kvennafrídeginum.

Sáralitlar breytingar hafa orðið síðustu ár á hlutföllum karla og kvenna sem sitja í stjórnum íslenskra fyrirtækja. Úr gögnum Hagstofu Íslands má lesa að frá árunum 1999 og 2007 hafi hlutfallið verið 78 prósent karlar á móti 22 prósentum kvenna, að undanskildu árinu 2001 þegar hlutur kvenna rýrnaði aðeins. Þá var hlutfallið 79 prósent á móti 21.

Nýjustu tölur Hagstofunnar eru frá árunum 2008 og 2009 og sýna að þá voru stjórnarmenn fyrirtækja að 77 prósentum karlar og 23 prósentum konur.

Þá gefa tölur Hagstofunnar vitanlega ekki kórrétta mynd af málum, því í sumum stjórnum sitja væntanlega bara karlar, meðan hlutfall kvenna kann að vera hærra í öðrum. Hins vegar má einnig lesa úr tölum Hagstofunnar að kynjahlutfall stjórnarformanna er nær eins á sama tímabili, 78 prósent á móti 22 prósentum 1999 til 2008 og færist svo í 77 prósent á móti 23 árið 2009.



**STJÓRN SVÞ** Konur eru fleiri en karlar í nýrri stjórn Samtaka verslunar og þjónustu. Margrét Kristmannsdóttir, formaður stjórnar SVÞ, er fyrir miðju. Mynd/SVÞ

### TVÖ AF FIMM UPPFYLLA SKILYRÐI NÝRRA LAGA

Þegar horft er til skráðra íslenskra hlutafélaga sést líka að litlar breytingar hafa átt sér stað á milli ára. Af fimm íslenskum félögum á aðallista Kauphallarinnar uppfylla bara Icelandair og Sláturfélag Suðurlands 40 prósenta regluna, með tvær konur á móti þremur körlum í stjórn. Engar breytingar voru þar gerðar á stjórnarsetu milli 2010 og 2011.

Nýherji var í fyrra með þrjá karla í sinni stjórn, en í hana bættist á síðasta aðalfundi Hildur Dungal og hlutfall kvenna þar því orðið 25 prósent. Í stjórn Marels sitja fimm karlar og í stjórn Össurar er Svafa Grönfeldt eina konan á móti fjórum körlum. Þessar stjórnir breyttust ekki heldur á milli ára. Af 24 stjórnarmönnum í íslenskum félögum á aðallista Kauphallarinnar eru því sex konur, eða fjórðungurinn.

Fyrir áramót voru á Alþingi samþykkt lög sem breyta kunna þessari mynd. Þau kveða á um kynjakvóta í stjórnum opinberra hlutafélaga, hlutafélaga þar sem að jafnaði starfa fleiri en 50 manns. Lögin hafa þegar tekið gildi hvað opinber hlutafélög varðar en fyrir 1. september 2013 verða stærri einkahlutafélög að tryggja að hlutur hvors kyns í stjórn fari ekki undir 40 prósenta hlutfall. Eins og sjá má á gögnum Hagstofunnar er það veruleg breyting frá því sem verið hefur. Þá var lögum um einkahlutafélög einnig breytt þannig að félög með tvö eða fleiri stjórnarmenn og yfir 50 starfsmenn skuli ekki vera með hlutfall annars kynsins í stjórn undir 40 prósentum.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra upplýsti í grein í Fréttablaðinu í marsbyrjun að ráðuneyti hans, í samstarfi við efnahags- og viðskiptaráðuneytið, ætli að ýta úr vör sameiginlegu átaki til að vinna að málinu. Kvaðst hann vonast eftir góðu samstarfi við Samtök atvinnulífsins um skjótan árangur.

Ráðuneytin leggjast þá á árar með sérstöku átaki Viðskiptaráðs Íslands, Félagi kvenna í atvinnurekstri og fleiri sem hófu í maí 2009 sérstakt átak að sama marki.

## SÉRSTAKT ÁTAK AÐ VERÐA TVEGGJA ÁRA

Um miðjan maí 2009 skrifuðu FKA-Félag kvenna í atvinnurekstri, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð ásamt Creditinfo og fulltrúum allra flokka á Alþingi undir samstarfssamning í því augnamiði að efla hlut kvenna í íslensku atvinnulífi.

Samkomulagið fól í sér að FKA, SA og VÍ róa að því öllum árum að fjölga konum í forystusveit íslensks viðskiptalífs þannig að hlutfall hvors kyns verði ekki undir 40 prósentum í lok árs 2013. Í fyrra tók löggjafinn hins vegar af skarið og samþykkti að binda breytinguna í lög frá og með 1. september 2013 hvað varðar hlutafélög þar sem að jafnaði starfa fleiri en 50. Ákvæðið hefur raunar þegar tekið gildi hvað opinber hlutafélög varðar.

Fram kemur á vef Viðskiptaráðs um góða stjórnarhætti að fyrirtækið Creditinfo mæli árangur verkefnisins, en meðal þess sem í ljós hefur komið er að blandaðar stjórnir komi betur út með tilliti til hluta á borð við arðsemi eigin fjár fyrirtækja og minni líkur virðast á vanskilum.

### BANKARNIR Í FARARBRODDI

„Við bindum miklar vonir við að viðskiptalífið hafi tekið við sér á síðasta ári þegar umræðan fór í gang um að kynjakvótar færu í lög," segir Hafdís Jónsdóttir, formaður Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA). Sumir þekkja hana frekar sem „Dísu í World Class". Hún segir þróunina hins vegar ekki sjást svart á hvítu fyrr en að lokinni aðalfundahrinu fyrirtækja. FKA hefur hins vegar blásið til ráðstefnu 13. maí næstkomandi þar sem ráða á í stöðuna.

„Þar ætlar Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, líka að fara yfir reynslu bankans, en bankinn hefur innleitt hjá sér 40/60 hlutfall í stjórn, framkvæmdastjórn og í dótturfyrirtækjum," segir Dísa og kveður nokkur önnur stórfyrirtæki, svo sem Íslandsbanka og verkfræðistofuna Mannvit, hafa tekið höndum saman með Viðskiptaráði Íslands í að innleiða góða stjórnarhætti og koma kynjahlutföllum í horf hjá sér.

Á ráðstefnu FKA í maí segir Dísa einnig verða farið yfir reynslu Norðmanna sem voru fyrsta þjóðin til að binda í lög kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja. „Við fáum til okkar tvær norskar konur, en önnur þeirra hefur unnið mikið að því að kynna konur í stjórnum í Noregi og hin hefur unnið að rannsóknum á því hvernig hefur gengið, bæði fyrir og eftir að lögin um kynjakvóta tóku gildi þar." Dísa segir að forvitnilegt verði að vita hvort ótti sem orðaður hefur verið um að til verði „skuggastjórnir" við að lögbinda kynjahlutföll hafi orðið raunin í Noregi. „Við getum ekki áfram farið á mis við þann auð

## STJÓRNARMENN FYRIRTÆKJA EFTIR KYNI 1999-2009






**VERÐLAUNAAFHENDING** FKA veitti viðurkenningar sínar í janúarlok. Þá fékk Íslandsbanki „Gæfusporið" fyrir að auka hlut kvenna í stjórnun bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Norrænu ríkin** gera ekki þá kröfu til íslenskra ríkisborgara að þeir hafi undir höndum vegabréf á ferðum sínum til hinna Norðurlandaríkjanna. Þó þurfa menn að vera viðbúnir því að geta sannað hverjir þeir eru og í þeim efnum er ekkert skjal öruggara en vegabréfið. Ökuskírteinið dugar þó í flestum tilfellum.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473













**Verkfræðingurinn og Útsvarsstjarnan Kristveig Sigurðardóttir leggur land undir fót á hverju sumri.**



# Gengur á fjöll í fríum

Kristveig Sigurðardóttir verkfræðingur var í sigurliði hins vinsæla Útsvarsþáttar í sjónvarpinu og hefur vakið athygli fyrir skemmtilega framgöngu þar. Í lokaþættinum laumaði hún því út úr sér í kynningunni að hún væri stjórnarformaður Vatnajökulsþjóðgarðs og það vekur upp spurningar um áhuga hennar á náttúru Íslands. Í ljós kemur að hún er útivistarkona. „Í sumarferðalögunum undanfarin ár hef ég mest verið fótgangandi. Frá 2003 hef ég verið í gönguhópi sem hefur farið í eina stóra ferð á ári og gengið um Hornstrandir, Tröllaskaga, Lónsöræfi, Öskju og nágrenni og Strandir. Síðasta sumar gengum við frá Langasjó niður í Hólaskjól.“ Hún upplýsir líka að hópurinn hafi farið út fyrir landsteinana og ekki styttra en til Nýja-Sjálands og gengið þar með fyrrum félögum sem fluttir voru út. „Ég hef farið á Hvannadalshnúk líka,“ rifjar hún upp. „Að vísu komst ég ekki á toppinn vegna veðurs og það var dálítið gremjulegt því aðeins um 100 metrar voru eftir. Það þýðir að ég verð að fara aftur.“

Áhugann á náttúrunni segir Kristveig hafa vaknað fyrir alvöru er hún hafi verið landvörður í fjögur sumur í Jökulsárgljúfrum. „Auðvitað hafði ég ferðast áður því pabbi og mamma voru dugleg að fara í ferðalög um landið með okkur krakkana en þá var ég kannski uppteknari af því hvaða spóla var í tækinu en því sem fyrir augun bar,“ viðurkennir hún.

Spurð hvað sé á döfinni í sumar svarar Kristveig því að til standi að ganga um Víkurnar á milli Borgarfjarðar eystri og Loðmundarfjarðar.

*gun@frettabladid.is*






**Skótau** skiptir máli á ferðalögum og þó að það taki pláss í ferðatöskunni er gott að hafa að minnsta kosti tvö pör með í för. Þegar mikið er þrammað á nýjum slóðum er aldrei að vita nema skórnir fari að meiða og þá er gott að eiga til skiptanna.

# Húkka sér bílfar á netinu

**Þótt enn megi sjá stöku ferðalang standa með útréttan þumal við þjóðveginn húkka flestir nútíma puttalingar bílfar á netinu. Á sama tíma sækjast ferðamenn á bílaleigubílum eftir farþegum með sér.**



Það er sumpart rómantískt að húkka sér far með ókunnum og felur í sér óvænta upplifun og margslungin ævintýr, ásamt því að kosta svo miklu minna fyrir létta pyngjuna. NORDICPHOTOS/GETTY

„Puttalingar nútímans skipuleggja ferðir sínar með auglýsingum á netinu og tryggja sér far með ókunnugum fram í tímann, en á sama tíma leita æ fleiri bíleigendur að samferðafólki til lengri ferða, og með góðum árangri,“ segir Birgir Þór Halldórsson eigandi vefsíðunnar samferda.is sem nú er helsti viðkomustaður puttalinga með líflegan húkkmarkað Íslendinga sem og útlendra ferðamanna um sveitir lands.



Birgir Þór Halldórsson

„Eftir að kreppti að í buddum landsmanna 2009 varð sprenging í notkun vefsíðunnar og á þessu ári hafa komið fram nýir toppar sem ég skrifa á ofurhátt eldsneytisverð,“ segir Birgir og bætir við að allir græði á að vera samferða.

„Þetta er hagkvæmt fyrir alla; ekki síst bíleigendur sem annars færu einir í tómum bíl með dýran bensíntank. Flestir ákveða fyrirfram hvað þeir leggja til í bensínkostnað, en samferða kemst fólk mun ódýrar á milli staða.“

Birgir segir hápunkta húkks vera frá miðvikudegi til laugardags, og um jól, páska og á sumrin.

„Þeir sem óska sér farþega fylla oft bíla sína á innan við klukkustund og er ég þá iðulega beðinn um að taka út auglýsingar vegna mikillar eftirspurnar,“ segir Birgir, sem að hvata þýskrar vinkonu sinnar stofnaði samferda.is, en sams konar vefsíður hafa lengi verið ómissandi hluti ferðamennsku þar í landi.

„Viðtökurnar urðu strax góðar en Akureyringar hafa frá upphafi verið duglegastir að nýta sér vefinn árið um kring,“ segir Birgir, en ferðalög innan samferda.is hafa ávallt snúist um lengri ferðir.

„Af og til skapast umræða um samferðir innanbæjar en fólk óttast að innbrotsþjófar fylgist þá grannt með ferðum þess á dagvinnutíma,“ segir Birgir, sem efast ekki um að fólk hafi bundist vina- og jafnvel ástarböndum á ferðum sínum samferða, enda kynnist fólk dável saman í bíl klukkutímum saman.

„Puttalingar eru með opnari hug en þeir sem kjósa að ferðast einir, og sem betur fer búum við enn í öruggu og vinsamlegu samfélagi þar sem fólk óttast ekki að fara í bíl með ókunnum,“ segir Birgir.

Þegar vorar segir Birgir áberandi að útlendingar leiti farþega í bílaleigubíla sína, til að deila bensínkostnaði og upplifun sinni.

„Þá fjölgar alltaf í hópi þeirra sem fer hringinn með því að húkka far, og spennandi að sjá hvernig fer nú þegar dýrtíð og auraleysi hamlar ferðafólki.“

*thordis@frettabladid.is*




Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is


Ný sending af sparifötum
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA
MEÐ TUDOR

Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja
mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · www.skorri.is
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíoíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905


Ungbarnanuddnámskeið fyrir foreldra 1-10 mánaða
Nýtt námskeið hefst fimmtudaginn7. apríl kl. 14.
Skoðaðu Heilsusetur.is eða hringdu í síma 552 1850 eða 896 9653

Lagerhillur
í öllum stærðum
á hagstæðu verði.

Afar auðvelt í uppsetningu
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

ÍSLENSKT KISUNAMMI
Harðfisktöflur sem kisur elska
VINSÆL VARA


Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. 8–17

Smáauglýsingasíminn er 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga 8–17

## BÍLAR & FARATÆKI

BÍLAHÖLLIN HF BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5
www.bilaholllin.is



KIA Sportage KM Diesel, 05/2007 EKinn 81þús. Bsk 6gíra. Ásett Verð 2.390.000.- Möguleiki á allt að 90% láni



Isuzu D-Max AT Diesel, 09/2009 Ekinn 23þús. Ssk, Palllok, Heithúðun á palli. Ásett Verð 4.290.000.-



Peugeot 206 XR Presence, 07/2007 Ekinn 45þús., bsk 5gíra, Ásett Verð 1.490.000.- TILBOÐ 1.290.000.- Áhvílandi lán 947.000.-




VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira.Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

Bílamarkaðurinn



SUZUKI Grand vitara v6. Árgerð 2000, ekinn 178 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 750.000. tilboð 590.000 kr. Rnr.220706.



HYUNDAI Santa fe 4x4. Árgerð 2001, ekinn 168 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 690.000. Rnr.102262.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílabankinn



**100% Visa/Euro lán**
OPEL Astra-g-cc gl ecotec. Árgerð 2002, ekinn 156 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 590.000. Rnr.163972.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



LAND ROVER Range rover sport. Árgerð 2006, ekinn 70 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.890.000. Rnr.203721.



FLEETWOOD Evolution e1. Árgerð 2008, Stór auka geymslukassi framan, tilbúinn í flest. Verð 2.300.000. Rnr.101574.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

LITLA bílasalan
www.litla.is 587 7777



3.500 þús stgr. !!JEEP Grand cherokee srt8. Árgerð 2007, ekinn 40 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. . Rnr.139951. frábær kaup.. engin skipti.

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

100bílar bílasala .is




HJÓLHÝSI, A-HÝSI, FELLIHÝSI, PALLHÝSI!!, Okkur vantar ferðavagna á staðinn og á skrá, Við sérhæfum okkur í ferðavögnum allt seldist upp síðasta sumar, Frábært 5000m2 plan með góðri nágrannavörslu og flottur 750m2 salur þar sem fellhýsin standa uppsett, Við erum ekki staddir í iðnaðarhverfi, Endilega sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, www.100bilar.is




Skráið bílinn frítt hjá okkur!!, Vegna góðrar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá, Komdu á staðinn, sendu okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

Breiðan ehf
821-6292




Kia 2500 diesel, doublecab, 6manna, árgerð 2005, ek. aðeins 51 þús.km., ný dekk, sk.'12, í topplagi, verð kr. 1.250.000,- m.vsk., 100% lánað, 821-6292.




Renault Traffic árg. 2005, diesel, vsk-bíll, lengri gerð, ek. 98 þús.km., einn eigandi, toppþjónusta, sk.'12, verð kr. 1.550.000,- m.vsk., 821-6292.



Hyundai H1 árg.'02, diesel, 4x4, 7 manna, ek. 130þús.km., nýleg tímareim, dráttarkúla, nagladekk, aukadekk, sk.'12, 100% lánað, verð kr. 1.590.000,- 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



CHEVROLET Cavalier ls. Árgerð 2004, ekinn 117 Þ.KM,2,2ltr vél 140hp bensín, sjálfskiptur TILBOÐ 850þ eyðsla 10-11 ltr/100km Ásett verð er 1.250þ Skoðar skipti Rnr.153219. USA bill - Tjónlaus.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.**
**www.hofdabilar.is**

## Bílar til sölu



Renault Megane árg. '00 1,6 vél. Ek. 110 þús. 5 gíra. Góð nagladekk. S. 616 2597.



Til sölu kawasaki 1500 vulcan árg. 2005 ek. 22þús. mílur hjól hlaðið aukahlutum. Verð 1350 þús. ath skipti á bíl. Gsm 868 2352.



Til sölu VW Polo árg. '96 ek. 165þ. Beinsk., 1,4. 3 dyra. Álfelgur og sumardekk. Toppbíll. Sk. '12. V. 245 þús. S. 868 2352.



Bíll til sölu. S. 821 6384.



Toyota Landcruiser GX 120 árg'07, ek. 63 þús. 33" dekk, skyggðar rúður, vindhlífar á rúðum og húddi, prófílbeisli, smurbók. Reyklaus bíll Verð 6.9 milljónir. Uppl. í s. 856 0700 Rúnar



Nissan Almera árg'99 , ssk, ek. 147 þús. V. 330 þús. Uppl. í s. 554 1105 eða 897 2111

Lygilega lág sölulaun :)
Verðbil
0-1.000.000 = 28.900 m/öllu!
567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
Nyja.is • S. 567 2277

## 250-499 þús.



**Góður jepplingur á 320 þús!**
MITSUBISHI PAJERO (stuttur!) 4x4 V-6 3.0 181 hö árg'98 ek.160þús, sjálfskiptur, dráttarkrókur, ásett verð 500 þús TILBOÐ 320 ÞÚS STGR! s. 841 8955.

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Honda Gold Wing Aspanscade GL 1100 '83 fallegt hjól til sölu V. 700 Þ. kr. Uppl. í síma 699 4329.

Kawasaki z750 árgerð 2008 keyrt 3500, verð 1 milljón. Sími . 894-7902

## Fjórhjól



Sportsman 800 árg. '08. Tveggja manna og götuskráð. Tilboð óskast. S. 847 4107.

## Reiðhjól



RAFMAGNS REIÐHJÓL
Samgöngutæki framtíðarinnar.
EL-BIKE.IS v/Kópavogshöfn sími 864 9265
ICEFIN.IS póstverslun sími 820 7746

## Til sölu

# Apríltilboð!
## 15% afsláttur
**15% afsláttur af öllum K&N síum í apríl**

K&N

**K&N loftsíur**
Bíllinn eyðir minna ef notaðar eru K&N síur.

**Mikið úrval!**



**Opnunartími verslunar:**
Alla virka daga frá kl. 8-18.
Vagnhöfði 23 - S: 590 2000
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum




bera þó um margt enn skarðan hlut
rnunarstöðum. Um fimmtíu þúsund
í stöðu kynjanna. Þá voru 35 ár liðin
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hafa náð árangri með kynjakvóta

„Kynjakvótar hafa heppnast vel,“ sagði Øystein Löseth, forstjóri sænska orkufyrirtækisins Vattenfall, á ráðstefnu sem sænska viðskiptaritið Veckans Affärer (va.se) hélt í marsbyrjun um jafnréttismál í viðskiptalífinu. Löseth vísaði til þess að fyrir lagasetningu um kynjakvóta í Noregi hafi hlutur kvenna í stjórnum fyrirtækja þar numið 16 prósentum. „Núna er hlutfallið 34 prósent, sem er hærra hlutfall en í Svíþjóð,“ sagði hann í pallborði á ráðstefnunni.

Hlutfall kvenna í stjórnum sænskra fyrirtækja er ámóta og hér á landi, rétt yfir fimmtungi.

Noregur var árið 2003 fyrsta landið til þess að binda kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja í lög. Í umfjöllun Veckans Affärer í síðasta mánuði kemur fram að síðan hafi Spánn, Ísland og Frakkland fylgt í kjölfarið. Slík lögbinding er umdeild og til umræðu í mörgum löndum Evrópu.

VA.se vísar til lagasetningarinnar hér á landi í fyrra og ákvörðunar stjórnar Zapateros á Spáni árið 2007 um að spænsk fyrirtæki með yfir 250 starfsmenn verði að hafa minnst 40 prósenta hlutfall kvenna í stjórnum sínum.



**TEKIST Á** Hér takast á kvennalandslið Íslands og Noregs í handbolta. Norðmenn hafa náð árangri með kynjakvótum í stjórnum hlutafélaga. Ísland fylgir í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þá er bent á að í janúar síðastliðnum hafi franska þingið ákveðið að skráð fyrirtæki (auk þeirra sem hafi yfir 500 starfsmenn, eða 50 milljóna evru ársveltu) skuli ná 40 prósenta hlutfalli kvenna í stjórn. Fyrirtækin hafa þrjú ár til að ná 20 prósenta markinu og þrjú ár þar á eftir til að komast alla leið.

Í Finnlandi þurfa fyrirtæki sem ekki hafa neina konu í stjórn að gefa á því skýringar í ársreikningi. Sósíaldemókratar í Danmörku þrýsta á um kynjakvóta, en sitjandi ríkisstjórn er því andvíg.

Jafnréttisráðherra Þjóðverja hefur stungið upp á kynjakvótum þar og svipaðar hugmyndir hafa komið frá þingmönnum og fleirum í löndum á borð við Belgíu, Austurríki og Holland, en í því síðastnefnda var lagt fram lagafrumvarp um kvótasetningu sem gekk jafnvel lengra en norsku lögin, að því er va.se greinir frá.

„Og á ráðstefnu norrænna og Eystrasaltsríkja í janúar nefndi David Cameron, forsætisráðherra Breta, Noreg sem fyrirmynd annarra þjóða í auknu aðhaldi í vinnumarkaði. Ef Bretland íhugar að taka upp kynjakvóta þá myndi það þýða að fimm stærstu hagkerfi Evrópu annaðhvort íhugi eða hafi þegar tekið upp slíka kvóta,“ segir í umfjöllun Veckans Affärer.

sem felst í því að sjónarmið beggja kynja fái að koma fram í stjórnum fyrirtækja. Bæði sjónarmið þurfa að fá að njóta sín og það gerir viðskiptalífið bæði auðugra og betra.“

**ENGIN BREYTING ÞRÁTT FYRIR STRÁKAKLÚÐUR**

Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff, fyrrverandi formaður FKA og núverandi formaður Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ), segir væntingar hafa staðið til þess að kynjahlutföll í viðskiptalífinu myndu breytast hraðar en raunin hafi orðið. Einstök fyrirtæki, á borð við Landsbankann og Íslandsbanka, hafi hins vegar staðið sig frábærlega. „Núna höfum við tíma til ársins 2013 að koma þessum málum í lag, en þetta er náttúrulega þróun sem við höfum beðið eftir og talað um í nær fimmtán ár í Félagi kvenna í atvinnurekstri. Menn héldu alltaf að þetta myndi gerast eftir því sem konur menntuðu sig og tækju meiri þátt í viðskiptalífinu,“ segir hún, en sú þróun hafi ekki gengið eftir. FKA hafi síðan sýnt fram á að til væri hópur kvenna sem væri reiðubúinn að takast á við stjórnarsetu, þannig að ekki væri hægt að kenna viljaleysi þeirra til þátttöku um, en samt hafi hlutirnir lítið breyst. „Svo kom hrunið og þá sögðu menn að strákarnir væru búnir að sýna að þeir væru búnir að klúðra málum og kalla þyrfti til konurnar, en það hefur nú ekki alveg gerst heldur.“

Margét segir að ljóst sé orðið að jöfnun kynjahlutfalla í viðskiptalífinu sé ekki þróun sem gerist af sjálfu sér. „Menn verða virkilega að skipa í stjórnir og stjórnendastöður mjög meðvitaðir um þá kröfu sem þjóðfélagið gerir um að fyrirtæki séu rekin jafnt af konum og körlum. Það sýnir sig líka að þegar við vinnum saman þá náum við mestum árangri.“

**STÆRÐ OG SAMSETNING STJÓRNA**

Í leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um góða stjórnarhætti segir í kafla um stærð og samsetningu stjórnar fyrirtækja að hún skuli vera af þeirri stærð og þannig samsett að henni sé kleift að sinna málefnum félagsins af skilvirkni og heilindum.

„Samsetning stjórnar skal vera í samræmi við starfsemi og stefnu fyrirtækisins, þróunarstig þess og aðra viðeigandi þætti í rekstri þess og umhverfi. Stjórnin skal bera með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu,“ segir þar.

Þá segir að í ljósi eftirlitshlutverks stjórna sé æskilegt að setja frekari takmörk við fjölda stjórnenda félagsins í stjórn þess en leiðir af lögum. „Því er æskilegt að einungis einn stjórnarmaður sé á meðal daglegra stjórnenda eða meðlimur í framkvæmdastjórn félagsins eða dótturfélaga þess.“






# Fimm atriði um árangursríkar sýningar

SPROTAR



Ingvar Hjálmarsson
tölvunarfræðingur

Þátttaka í sýningum er dýr fjárfesting. Þær geta verið mikilvægur vettvangur fyrir sprotann þinn til þess að ná markmiðum í sölu eða markaðssetningu. Þessi grein færir fram nokkur atriði sem gott er að hafa í huga þegar taka skal þátt í sýningum.

**1. SETTU ÞÉR MARKMIÐ**

Fimm algengustu ástæður fyrir þátttöku í sýningu eru þær að safna söluábendingum um ný viðskipti, hitta núverandi viðskiptavini, auka meðvitund um vöru eða vörumerki, kynna nýjar vörur, skapa tengslanet eða skoða samkeppnina. Áður en þú ferð af stað skaltu gera þér vel grein fyrir hvaða markmiðum þú hyggst ná með þátttökunni og hvernig þú ætlar að mæla árangurinn. Umfram allt skaltu velja réttu sýningarnar. Ekki er nauðsynlegt að taka þátt í öllum sýningum sem boðið er upp á. Skoðaðu vel hverjir eru þátttakendur, bæði sýnendur og gestir. Gerðu þér grein fyrir í hvaða tilgangi þeir taka þátt og skilgreindu vel hvernig þú tengist sýningunni. Algengast er að nota sýningar til að búa til og safna nýjum söluábendingum.

> Afar mikilvægt er að búa til verkáætlun fyrir sýninguna með góðum fyrirvara

**2. BÚÐU TIL VERKÁÆTLUN**

Afar mikilvægt er að búa til verkáætlun fyrir sýninguna með góðum fyrirvara. Algengt er að áætlun fyrir sýningu sé tilbúin hálfu ári áður en sýningin er haldin. Áætlunin tekur til hluta eins og hverjir fara á sýninguna, hvert hlutverk þeirra er, hvar verður gist, hvaða hlutir verða teknir með, hvernig er hægt að koma þeim á staðinn, hverjir setja upp básinn, hverjir munu hanna básinn og margt fleira. Gott er að skoða tæmandi gátlista sem finnast víða á vefnum. Þú getur þá útbúið þér slíkan lista. Mikilvægt er að búa til góða fjárhagsáætlun um hvaða kostnaður verður til og hverju þú ert tilbúinn að eyða í sýninguna. Þannig nærðu líka að tengja markmið þín og kostnaðinn við sýninguna.

**3. ÁKVEDDU HVERNIG ÞÚ FÆRÐ FÓLK Á BÁSINN**

Þetta mikilvæga atriði skilur á milli þeirra sem ná árangri á sýningum og annarra. Þarna er gott að nota hugarflug um hvernig þú vekur athygli sýningargesta sem ganga um svæðið. Margir setja upp leik sem safnar nafnspjöldum gegn því að draga um verðlaun. Þá nærðu líka upplýsingum um mögulega kaupendur. Einnig er gott að hugsa um hönnunina á básnum og nota eitthvað sem grípur augað. Gott er fyrir ný fyrirtæki að taka fram hvað þau gera með merki fyrirtækisins á básnum. Góð staðsetning á sýningarsvæðinu getur líka tryggt þér marga gesti. Gott er að vera þar sem mikil umferð gesta er, svo sem nálægt inngangi eða matsölusvæðum. Sérstaklega er gott að nota tímann áður en sýningin hefst með því að senda út boð til núverandi og ekki síður mögulegra viðskiptavina um að koma í heimsókn á básinn. Jafnvel auglýsa það að þú verðir með bás á sýningunni. Einnig skiptir máli hvernig þú skráir fyrirtækið á sýninguna því margir sýningarhaldarar leyfa þér að setja inn leitarorð um þitt fyrirtæki sem hluta af skráningunni. Réttu leitarorðin tryggja að áhugasamir kaupendur finna þitt fyrirtæki þegar þeir framkvæma sína leit.

**4. SKIPULEGGÐU HVAÐ ÞÚ GERIR Á BÁSNUM**

Þetta er sérstaklega mikilvægt atriði sem gleymist oft. Margir stilla bara upp bæklingum og bíða svo eftir því að einhver stoppi og fari að spyrja spurninga. Best er að vera mjög opinn, bjóða fólki góðan daginn þegar það gengur framhjá og jafnvel bjóða því inn á básinn að fyrra bragði. Ekki er gott að vera of ágengur en mundu að markmiðið er að fá fólk inn á básinn. Þú skalt skipuleggja vel söluræðuna þína þegar einhver stoppar. Hafðu á hreinu 2-3 setningar sem segja hvað fyrirtækið þitt gerir og hvaða lausnir það býður. Þegar þú hefur rétt útskýrt hvað fyrirtækið gerir skaltu spyrja gestinn að hverju hann sé að leita. Það hjálpar þér við að finna út úr því hvort þú bjóðir lausnir sem viðkomandi er að leita að. Ef þín vara á við þennan gest ertu í betri stöðu til að útskýra í frekari smáatriðum hvað þitt fyrirtæki hefur fram að færa. Markmið þitt er að fá nafnspjald eða upplýsingar um gestinn og fylgja málinu svo eftir þegar sýningunni lýkur. Helst ekki eyða meira en 20-30 mínútum í hvern aðila.

Á básnum gilda líka nokkrar siðareglur. Ekki borða eða drekka á básnum. Engar töskur eða yfirhafnir eiga að vera sýnilegar á básnum. Aldrei timburmenn eða eftirköst drykkju. Mundu líka eftir þægilegum skóm því þetta er mjög mikil vinna. Nóg af vatni þarf að vera til staðar ásamt eyðublöðum til að safna upplýsingum um mögulega viðskiptavini. Mundu að pláss þarf að vera fyrir aukaupplýsingar um viðskiptavinina svo auðveldara verði að fylgja málunum eftir í lok sýningar. Teldu allar söluábendingar í lok hvers dags.

**5. ÞEGAR HEIM ER KOMIÐ**

Gott er að temja sér að taka strax saman skýrslu í kjölfar sýningar, svo sem fjölda söluábendinga sem söfnuðust og fleira. Skilgreindu ábyrgð fyrir þeim málum sem





Greiðslulausnir sniðnar að þinni atvinnugrein.
Þjónusta
Veitingahús
Ferðaþjónusta
Íþrótta- og félagasamtök

opnuðust á sýningunni. Ef nóg af aukaupplýsingum hefur verið skráð með hverri söluábendingu er öruggt að þú manst um hvað hver einasta söluábending fjallaði. Reyndir þátttakendur í sýningum reikna líka út ávinninginn af sýningunni áður en farið er aftur á sambærilega sýningu, svo sem með því að skoða sölutölur úr ábendingum af hverri sýningu og bera saman við kostnaðinn við þátttöku.

Án undirbúnings verður þátttaka í sýningum eingöngu sóun á fjármunum en með góðum undirbúningi og réttri hugsun er líklegt að fjárfesting í sýningum geti skilað sprotanum þínum töluverðum ávinningi.

**GREINARÖÐ UM NÝSKÖPUN**

Markaðurinn birtir röð greina um mikilvæg atriði fyrir sprotafyrirtæki. Ingvar Hjálmarsson hefur tíu ára reynslu úr heimi margs konar fyrirtækja, bæði sprota og stærri fyrirtækjum. Þar hefur hann unnið að rekstri, vöruþróun, vörustýringu, sölu- og markaðsmálum og fleiri þáttum. Hægt er að senda höfundi línu á ingvarh@gmail.com

# Skuldaaðlögun eykur sóknargetu

**ORÐ Í BELG**

**Þröstur Sigurðsson og Guðrún Ögmundsdóttir**
Ráðgjafar hjá Capacent á sviði fjármála

Samkomulagið um skuldaaðlögun lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem undirritað var í desember í fyrra undir nafninu Beina brautin var mikilvægt skref í viðsnúningi íslensks viðskiptalífs.

Skuldsetning fyrirtækja og sú óvissa sem ríkt hefur um skuldaúrlausn hefur legið líkt og mara á atvinnulífinu. Á meðan efnahagsreikningar flestra íslenskra félaga eru í uppnámi er borin von að þau fjárfesti og sæki fram. Biðin er dýr. Hún hamlar hagvexti og hún kemur í veg fyrir sköpun starfa.

Beinu brautinni var ætlað að skera á þennan hnút og koma fjárhagslegri endurskipulagningu flestra fyrirtækja í skipulagðan farveg.

Upprunalega stóð til að áætlunin næði til allt að 7.000 fyrirtækja. Á fundi Viðskiptaráðs um stöðu Beinu brautarinnar, sem haldinn var þriðjudaginn 22. mars, kom fram að nú er stefnt að því að 1.655 fyrirtæki fái úrlausn sinna mála undir formerkjum Beinu brautarinnar. Sá munur sem er á núverandi áætlun og þeirri upprunalegu skýrist að stórum hluta af því að fyrirtæki sem skulda innan við tíu milljónir króna eru ekki talin með.

Líkt og fram kom í máli framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs er hætta á að við framkvæmd samkomulagsins um Beinu brautina togist á ólíkir hagsmunir. Fjármálastofnanir geta við núverandi aðstæður haft hag af háu verðmati fyrirtækja á sama tíma og fyrirtækin hafa hag af lágu verðmati. Þetta má sjá á myndinni hér að neðan. Hvorki fjármálastofnanir né fyrirtæki hafa hag af því til lengri tíma að slík viðmið ráði ferðinni. Við framkvæmd verkefnisins er mikilvægt að byggja upp traust milli málsaðila og þeir þurfa að sýna skilning á aðstæðum og aðferðafræði hvor annars. Báðir aðilar verða að vinna að því að finna eðlilegt heildarvirði rekstrar og meta skuldaþol út frá því. Með þeim hætti byggja fjármálastofnanir upp traustara útlánasafn á sama tíma og fyrirtækjunum verður gert kleift að standa undir skuldbindingum sínum og byggja að nýju upp heilbrigðari efnahagsreikning til framtíðar.

**SKULDASTAÐA FYRIR OG EFTIR ENDURSKIPULAGNINGU**




Það skiptir miklu að fyrirtæki undirbúi sig vel áður en farið er í viðræður við viðskiptabanka. Árangur þeirra viðræðna ræðst ekki síst af því að kynnt sé raunhæf áætlun um rekstur næstu ára. Forsenda niðurfærslu lána er viðskiptaáætlun sem sýnir fram á að áframhaldandi rekstur sé líklegastur til að tryggja best hagsmuni kröfuhafa, starfsmanna og eigenda. Viðskiptaáætlun mun nýtast fyrirtækjunum til markmiðssetningar í rekstri sínum. Skýr markmiðssetning eykur líkur á því að nauðsynlegur árangur náist í rekstri fyrirtækja. Viðskiptaáætlun til fjárhagslegrar endurskipulagningar mun einnig auðvelda samskipti fjármálastofnana og fyrirtækja í eftirfylgni og framtíðarsamskiptum aðila.

Þrátt fyrir að Beina brautin hafi farið hægar af stað en vonir stóðu til í upphafi hefur þegar tekist að leysa úr málum á þriðja hundrað fyrirtækja og mál nær þúsund fyrirtækja til viðbótar eru í vinnslu. Mikilvægt er að fjölga þeim fyrirtækjum sem fá úrlausn sinna mála, þá eykst sóknargeta atvinnulífsins. Það er hagur okkar allra.



GAMLA MYNDIN



Valur Arnþórsson, stjórnarformaður SÍS, kynnir kauptilboð Sambandsins í Útvegsbanka. Tilboðinu var síðar hafnað af viðskiptaráðherra. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

SÍS varpar sprengju:

## Sambandið vildi fá Útvegsbankann

Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) varpaði sannkallaðri sprengju inn í íslenskt stjórnmála- og viðskiptalíf í ágúst 1987 með því að leggja fram kauptilboð í Útvegsbankann.

Bankinn var þá í eigu ríkisins en á blaðamannafundi SÍS þar sem tilboðið var kynnt, sagði Valur Arnþórsson, stjórnarformaður Sambandsins, að stefnt væri að því að sameina Útvegsbankann og Samvinnubankann.

Málið olli miklum deilum á stjórnarheimilinu og lék þar allt á reiðiskjálfi þar til Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra hafnaði endanlega tilboðinu frá SÍS, sem og öðru tilboði sem hópur tengdur Eimskipafélagi Íslands gerði stuttu síðar.

Staða Útvegsbanka hafði verið afar slæm um hríð eftir að Hafskip, einn helsti lántakandi bankans, varð gjaldþrota og það var ljóst að breytingar þurfti að gera í bankamálum á Íslandi.

Það varð svo úr nokkru síðar, í ársbyrjun 1990, þegar Útvegsbankinn, Iðnaðarbankinn, Verslunarbankinn og Alþýðubankinn sameinuðust í Íslandsbanka. - þj

EKKI GERA EKKI NEITT.IS

Öflugur greiðendavefur með hagnýtum upplýsingum s.s.

- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira

motus – leysum málin

Þjónustuver 440 7700 • www.ekkigeraekkineitt.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR Meiri Vísir. vísir

UTAN DAGSKRÁR

# Silkimjúkur sopi frá Japan




Í GLASI MEÐ ÓLA KRISTJÁNI



Ólyginn segir mér að hér á árum áður hafi Japanar heimsótt Skotland til að kynna sér hvernig þeir brugguðu viskí. Þar hafi þeir til dæmis séð hvernig viskíið er látið eldast í tunnum og þótt það heldur óskilvirkt og plássfrekt. Þeir hafi svo „uppfært“ framleiðsluaðferðirnar þegar heim var komið, skellt spíranum í risastórar stáltromlur og kurlað svo nokkrar tunnur og sett þar í. Útkoman hafi svo verið jafngóð eða betri en „orginallinn“ í Skotlandi.

Sagan finnst mér svo góð að ég ætla ekkert að vera að skemma hana með heimildaleit. Það er bara eitthvað svo skondið við að Japanar hafi endurbætt aldagamlar framleiðsluaðferðir og tekist að búa til maltviskí sem unnið hafa til verðlauna um heim allan. Hvað þá ef það er með aðferðum sem fá unnendur hefðbundinna skoskra framleiðsluaðferða til að engjast af vanlíðan yfir helgispjöllunum.

Viskíið sem fyrir valinu varð við smökkun að þessu sinni er einmitt frá Japan. Raunar er það frá brugghúsi Nikka, en fyrirtækið var einmitt fyrst til að framleiða viskí þar í landi. Á vef Nikka kemur fram að stofnandinn, Masataka Taketsuru, stundum kallaður faðir japansks viskís, hafi árið 1918 lagt einn upp í langferð til Skotlands. Þar nam hann leyndardóma viskígerðar og kynntist konunni sem hann gekk síðar að eiga. Taketsuru-fjölskyldan átti fyrir brugghús sem framleiddi japanska hrísgrjónabrennivínið sake (og gerir enn í dag, allt frá árinu 1733).

Nikka Whisky var stofnað árið 1934 og viskíið sem núna varð fyrir valinu kemur úr fyrsta brugghúsi fyrirtækisins, Yoichi, sem er á Hokkaídó. Seinna brugghús fyrirtækisins var stofnað 1969, í Sendai, sem líka er í norðurhluta Japans, og nefnist Miyagikyo.

Nikka-viskíin eru margverðlaunuð. Nikka Yoichi, tíu ára gamalt, varð fyrir valinu og olli ekki vonbrigðum. Af viskíinu er ríkulegur ilmur og bragðið er bæði margslungið og lifir lengi í munninum. Viskíið er vel sterkt en með nokkuð sætum keim og ferskum, svo það er eins og sterkjan komi fram „síðbúin“ á tungunni. Drykkurinn þolir vel dálitla vatnsblöndun. Í lyktinni er ríkjandi karamella og kryddkeimur, en það sem slær mann mest er hvað sopinn er mjúkur, eins og að fá flauel upp í sig. Eftirbragð er fullt og langt, með örlítið súrum keim.

Yoichi-viskíin er svo líka hægt að fá eldri og í sérútgáfum rétt eins og Miyagikyo-viskíin. Segjast verður eins og er að tíu ára gamla Yoichi-ið hvetur mann fremur en letur til að bragða fleiri viskí frá Nikka. Svo er spurning hvort borgar sig að hamstra því ekki er útséð um áhrif náttúruhamfara og kjarnorkuvár á framleiðsluna.

FYRIRTÆKIÐ

# Spennandi nýjungar í gerð hreinsiefna

**Tveir íslenskir frumkvöðlar á markaði fyrir hreinsiefni í matvælaiðnaði. Framleiða vörur fyrir kjöt- og fiskvinnslur. Segja viðtökur góðar og hyggja á að bæta við vörutegundum á næstunni. Þjónustan verði þó að vera í fyrirrúmi.**

Efnalausnir ehf. er eitt af sprotafyrirtækjum seinni ára sem eru nú komin á fulla ferð í framleiðslu og markaðssetningu. Fyrirtækið framleiðir hreinsiefni fyrir matvælafyrirtæki, bæði kvoðuhreinsiefni og sótthreinsiefni, og hefur á skömmum tíma skapað sér sess á markaði og selur vöru sína til fyrirtækja í fisk-, og kjötiðnaði en stefnir einnig á hreinsiefni fyrir mjólkuriðnaðinn.

Aðdragandinn að stofnun fyrirtækisins var stuttur þar sem Haukur Þór Hauksson rekstrarhagfræðingur hafði samband við efnafræðinginn Indriða Björnsson í fyrra. Indriði er efnafræðingur og vann um árabil hjá Frigg, en segir í samtali við Markaðinn að hann hafi verið utan við þennan bransa í tíu ár áður en Haukur Þór hafði samband.

„Haukur viðrar þessa hugmynd við mig síðasta vor og ég sló til. Svo höfum við að prófa okkur áfram með eigin formúlur í húsnæði sem við fengum hjá Nýsköpunarmiðstöðinni.“

Eftir þróunarvinnu og prófanir á efnunum í kjötvinnslu og einum sjö fiskvinnslum, og prófanir hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni var ekkert að vanbúnaði að setja vörurnar á markað í desember síðastliðnum. Indriði segir viðtökurnar vera góðar, en þessu fylgi mikið annríki.




**EFNALAUSNIR** Þeir Indriði og Haukur Þór hafa þróað hreinlætisvörur til nota í matvælaiðnaði og fengið góðar móttökur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



„Við erum raunar aðallega bara tveir að vinna í þessu, og maður er þess vegna að ganga í allt, frá því að blanda vöruna niður í að skúra gólfin, hlaða brúsum á bílinn og keyra út til viðskiptavina,“ segir Indriði í léttum dúr.

Hann segir að nú þegar þjónusti Efnalausnir fyrirtæki vítt og breytt, frá Suðurlandi vestur á Snæfellsnes og allt norður á Dalvík og stefnan sé að fara enn víðar um land.

Efnalausnir senda brátt nýja vöru á markað, klórhreinsi, sem er þróaður á tilraunastofu fyrirtækisins. Indriði segir að með tímanum muni bætast við framleiðsluna hjá þeim.

„Við stefnum að því að bæta við okkur nýjum vörutegundum, hóflega þó, til að viðhalda þjónustustiginu, gæðunum og lágu verði.“

thorgils@frettabladid.is

CREDITINFO

*– forskot í krafti þekkingar*

# Sögulegar upplýsingar um hlutafélög

Viðskiptavinir Creditinfo hafa nú aðgang að mikilvægum upplýsingum um hlutafélög. Upplýsingarnar nýtast þegar kanna þarf sögulegar upplýsingar ásamt breytingum sem hafa átt sér stað.

**Eftirfarandi viðbætur eru nú aðgengilegar í hlutafélagaskrá Creditinfo:**

**Eldri skráningar:** Birtir skráningu félags samkvæmt valinni dagsetningu og sýnir hverjir áttu sæti í stjórn fyrirtækis á ákveðnum tímapunkti.

**Breytingasaga:** Birtir helstu breytingar á skráningu félags í tímaröð.

**Samanburðarskýrsla:** Birtir skráningu félags á tveimur dagsetningum fyrir og eftir breytingu. Skýrslan auðkennir hvaða upplýsingar breyttust á milli daga.

**Nánari upplýsingar fást hjá ráðgjöfum Creditinfo í síma 550 9600, á www.creditinfo.is eða með því að senda tölvupóst á netfangið radgjof@creditinfo.is**

Creditinfo
www.creditinfo.is

Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Sími: +354 550 9600
Fax: +354 550 9601

**125** kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikuna 25. til 31. mars.

**2,3%** verður vöxtur landsframleiðslu á þessu ári samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.

**2,3%** var líka verðbólga nýliðins marsmánaðar.

BANKAHÓLFIÐ

## Herra tölvunörd

Bandaríski tölvunördinn Richard Stallman er væntanlegur hingað til lands í júní. Félagsskapurinn Félag um stafrænt frelsi á Íslandi stendur að komu hans. Heimsóknin mun ekki fastbókuð. Stallman er með merkilegri mönnum innan tölvugeirans sem hingað hafa komið. Hann er upphafsmaður hreyfingarinnar um frjálsan hugbúnað og byrjaði að skrifa GNU-stýrikerfið árið 1985. Það er forveri hins opna heims, svo sem Linux og þeirra stýrikerfa og hugbúnaðar sem gerir tölvu áhugafólki kleift að bæta og laga sjálft búnaðinn. Þetta er önnur heimsókn Stallmans hingað til lands. Síðast kom hann árið 2005 á vegum sama félags og hélt forvitnilegan fyrirlestur í Kennaraháskóla Íslands.



## Wikileaks

Því verður seint haldið fram að stjórn Félags um stafrænt frelsi á Íslandi sé ekki með á nótunum. Skemmst er að minnast þess er félagið bauð Daniel nokkrum Schmitt að halda erindi á ráðstefnu um stafrænt frelsi í desember 2009. Daniel var þá annar tveggja forsvarsmanna lekasíðunnar Wikileaks. Með Schmitt, sem síðar kom á daginn að héti í raun Daniel Domscheit-Berg, var furðulegur fýr, Julian nokkur Assange. Þar fjölluðu þeir félagar um Wikileaks, sem skömmu áður hafði sett afrit af lánabók Kaupþings á netið. Skömmu eftir heimsóknina lak Wikileaks gögnum frá Bandaríkjaher og varð þá fjandinn laus.



## Beðið eftir Högum

Stefnt er að skráningu Haga annað hvort í næsta mánuði eða í nóvember, að sögn Finns Árnasonar, forstjóra félagsins. Finnur fór yfir stöðu félagsins á svokölluðum Kauphallardegi Arion banka í síðustu viku. Lengi hefur verið pælt í örlögum Haga, eða allt frá því Arion banki tók félagið yfir fyrir einu og hálfu ári. Í febrúar seldi bankinn 34 prósenta hlut í Högum til hóps fjárfesta, þar á meðal Árna Haukssonar og Friðriks Hallbjörns Karlsonar, fyrr verandi Húsasmiðjueigenda. Stutt er í maí og líkur á að seinni dagsetningin verði fyrir valinu en sú fyrri.




# ATVINNULEIÐIN ÚT ÚR KREPPUNNI





Vilmundur Jósefsson · Jóhanna Sigurðardóttir · Rannveig Rist



Jóhann Jónasson · Sigríður Margrét Oddsdóttir · Guðmundur Þorbjörnsson · Ingibjörg G. Guðjónsdóttir

Aðalfundur SA 2011 verður haldinn fimmtudaginn 7. apríl á Hilton Reykjavík Nordica og hefst opin dagskrá kl. 14.00.

**OPIN DAGSKRÁ KL. 14-16**

Ávarp **Vilmundar Jósefssonar**, formanns Samtaka atvinnulífsins
Ávarp **Jóhönnu Sigurðardóttur**, forsætisráðherra

**ATVINNULEIÐIN ER FÆR**

**Jóhann Jónasson**, framkvæmdastjóri 3X Technology
**Sigríður Margrét Oddsdóttir**, forstjóri Já
**Guðmundur Þorbjörnsson**, framkvæmdastjóri EFLU verkfræðistofu
**Ingibjörg G. Guðjónsdóttir**, stjórnarformaður Íslenskra fjallaleiðsögumanna

Fundarstjóri er **Rannveig Rist**, forstjóri Alcan á Íslandi.

**Skráning á www.sa.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



SELJUM OG ÞJÓNUSTUM:

OKI Prentara

ACROPRINT Time for Business. Tímaskráningartæki

Datacard Plastkortaprentara

Otto B. Arnar ehf.
Þú þekkir okkur af gæðunum – og lága verðinu!

OBA

Skipholti 17 – 105 Reykjavík · Sími 588 4699 · Fax: 588 4696 · Vefsíða: www.oba.is · Netfang: oba@oba.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ISAAC ASIMOV** (1920-1992) rithöfundur andaðist þennan dag.

*„Trú, sama hversu kjánaleg hún er, laðar alltaf til sín áhangendur sem verja hana með kjafti og klóm.“*



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Sveinsson**

trésmiður

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 3. apríl, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju föstudaginn 8. apríl kl. 13.30.

**Valgerður Jónsdóttir**
**Anna Guðmundsdóttir** **Páll Ingvarsson**
**Jón Árni Guðmundsson** **Hansína Kristjánsdóttir**
**Auðbjörg Guðmundsdóttir** **Þórir Már Þórisson**
**Guðrún Guðmundsdóttir** **Óskar Jón Marelsson**
**Svava Guðmundsdóttir** **Sævar Pálsson**
**barnabörn og langafabörn**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, bróðir, mágur, afi og langafi*

**Sverrir Karlsson**

Bjallavaði 11,

sem lést á deild 11-E á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 28. mars, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 8. apríl kl. 13.00.

**Svanbjörg Clausen**
**Elín Björg** **Björn Kjartansson**
**Guðrún Sigríður** **Bessi A. Sveinsson**
**Karl Jónsson** **Guðfinna Eyvindardóttir**
**Ólöf Ágústa Karlsdóttir** **Sigurjón Jóhannsson**
**Sólveig Jónína Karlsdóttir** **Magnús Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ásgerður Ágústa Pétursdóttir**

Árskógum 8, Reykjavík, síðast til heimilis að Hjúkrunarheimilinu Sóltúni,

lést 29. mars síðastliðinn. Útförin fer fram frá Háteigskirkju 7. apríl kl. 15.00.

**Pétur Vilhjálmsson** **Auður Sjöfn Tryggvadóttir**
**Sigríður Vilhjálmsdóttir**
**Jóhanna Vilhjálmsdóttir** **Örn Guðmarsson**
**Jóhann Sigurfinnur Vilhjálmsson**
**Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðlaug Hallbjörnsdóttir**

til heimilis á Reynimel 84, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Neskirkju 7. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Rauða Kross Íslands.

**Hallbjörn Sævars** **Hrönn Þormóðsdóttir**
**Magnús Þór Vilbergsson** **Harpa Sæþórsdóttir**
**Sigurður Hallbjörnsson** **Guðrún Andrésdóttir**
**Hilmar Kári Hallbjörnsson** **Sjöfn Finnbjörnsdóttir**
**Guðlaug Hallbjörnsdóttir**
**og langömmubörn**

**ÞETTA GERÐIST:** 6. APRÍL 1896

## *Nútíma Ólympíuleikarnir fara fyrst fram*

Fyrstu Ólympíuleikarnir, í þeirri mynd sem við þekkjum í dag, hófust í Aþenu í Grikklandi á þessum degi árið 1896. Fyrirmyndin var Ólympíuleikarnir í Grikklandi til forna en Frakkinn Pierre de Coubertin var hvatamaðurinn að endurvakningu þeirra á 19. öld.

Ólympíuleikarnir sem haldnir voru í Aþenu voru jafnframt fyrstu sumarólympíuleikarnir. Fyrstu vetrarólympíuleikarnir fóru hins vegar fram í Chamonix í Frakklandi töluvert síðar, eða árið 1924. Sumar og vetrarleikarnir voru lengi vel haldnir á sama árinu en frá árinu 1994 hefur ríkt sú hefð að láta tvö ár líða á milli þeirra.

Síðustu sumarólympíuleikar voru haldnir í Peking í Kína í ágúst 2008. Vetrarólympíuleikarnir fóru síðast fram í Vancouver í Kanada í febrúar 2010.



BÍLALEIGAN HERTZ Á ÍSLANDI: FAGNAR FJÖRUTÍU ÁRA AFMÆLI

# BJÖLLURNAR VÖKTU ATHYGLI

Glatt er á hjalla á bílaleigunni Hertz um þessar mundir. Undirbúningur fyrir sumarvertíðina er í fullum gangi og flestir í hátíðarskapi enda á fyrirtækið stórafmæli í ár. Framkvæmdastjórinn Sigfús Bjarni Sigfússon veit allt um málið.

„Við erum ótrúlega stolt yfir því að geta sagt að fjörutíu ár séu nú liðin frá því að kompaníinu var komið á fót, enda státa ekki mörg íslensk fyrirtæki af jafn langri og farsælli sögu,“ segir Sigfús og upplýsir að vaxandi eftirspurn eftir bílaleigubílum á Íslandi, samhliða auknum samgöngum innanlands, hafi orðið til þess að fyrirtækið var stofnað 1. apríl 1971.

„Loftleiðir brugðust við með því að stofna eigin bílaleigu, Bílaleigu Loftleiða, en þá var fyrir önnur bílaleiga í Reykjavík sem annaði ekki eftirspurn,“ segir hann og getur þess að bílafloti fyrirtækisins, 45 eldrauðar Volkswagen-bjöllur, hafi vakið mikla athygli. „Þá var ekkert malbik komið og þetta var gert til að bílarnir sæjust betur á vegum úti.“

Síðan þá hefur fyrirtækið verið í örum vexti og rekur nú tíu starfsstöðvar víðs vegar um landið. Í flotanum eru 1.100 bílar af öllum gerðum og stærðum og fjöldi starfsmanna fer upp í 80 á sumrin þegar mest lætur, en Sigfús segir leitun að jafn reyndum hópi.

Loftleiðanafnið hefur fyrir löngu vikið fyrir alþjóðlegu merki Hertz en eigendurnir eru allir íslenskir; Sigfús og faðir hans Sigfús Ragnar Sigfússon, gjarnan kenndur við Heklu, og frændur þeirra, bræðurnir Sigurður og Hendrik Berndsen. Fjölskyldan tók við rekstrinum fyrir rétt rúmu ári og unir hag sínum vel.

„Allir þekkjum við þennan bransa vel. Sjálfur er ég fæddur og uppalinn í ferðamannabransanum, rak áður Alp-bílaleiguna og er því eiginlega kominn aftur á heimaslóðir,“ segir Sigfús, sem hlakkar til að takast á við sumarið þar sem von er á miklum ferðamannastraumi til landsins. „Svo lengi sem jarðskjálftar og eldgos setja ekki allt í uppnám,“ segir hann og brosir breitt.

En stendur eitthvað sérstakt til í tilefni af afmælinu? „Við starfsmennirnir tókum smá forskot á sæluna um daginn og héldum árshátíð. Svo er ætlunin að gera vel við viðskiptavinina með því að bjóða ýmis tilboð í apríl,“ svarar Sigfús og bætir við að síðan sé stefnt á að slá upp veislu í haust til að loka sumrinu.

roald@frettabladid.is




**STUÐ** Starfsmenn Hertz hafa ástæðu til að gleðjast. Fyrirtækið fagnar fjörutíu ára afmæli um þessar mundir og allt stefnir í gott ferðasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, stjúpmóðir og amma*

**María Björk Skagfjörð**

sem andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans mánudaginn 28. mars, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta krabbameinslækningadeild 11-E njóta, sími 543-1159.

**Hannes Hall**
**Jón Ingi Jónsson** **Jóhanna Sveinsdóttir**
**Ragnheiður Hall**
**Steinunn Hall**
**María Eir Jónsdóttir**
**Anna Sigríður Jónsdóttir**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Helga I. Elíassonar**

fyrrum útibússtjóra.

Starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði færum við þakkir fyrir góða umönnun. Sérstakar þakkir fær sr. Valgeir Ástráðsson fyrir vináttu og hlýhug.

**Finnbogi Helgason** **Elísabeth Snorradóttir**
**Guðbjörg Helgadóttir**
**Helgi Finnbogason** **Sif Ólafsdóttir**
**Guðrún Finnbogadóttir** **Jónas Breki Magnússon**
**Tinna Rós Finnbogadóttir**
**Ólafur Torfason**
**Helgi Torfason**
**Birna Guðmundsdóttir**
**og barnabarnabörn.**




# ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI




## AMD TÖLVUPAKKI

- CoolerMaster Elite midi turn
- Athlon II X260 3,2GHz DualCore AM3
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 750GB SATA III WD diskur
- Geforce N440GT 1GB DDR3 skjákort
- LG 21,5" LCD 1920x1080 skjár
- Logitech S-120 2,0 hátalarar
- CD & DVD drif
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

TÖLVUPAKKI **129.950**

## INTEL TÖLVUPAKKI

- CoolerMaster Elite 335 midi turn
- Intel Core i5 2500 Quad 3.3GHz
- 4GB DDR3 1333MHz Corsair minni
- 1TB SATA III WD diskur
- Geforce N550GTX 1GB GDDR5 skjákort
- Samsung 23" LCD Full HD 1920x1080 skjár
- Logitec S220 2,1 hátalarar
- CD & DVD drif
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

TÖLVUPAKKI **199.950**

## AMD TURN



### AMD turnvél 5

- CoolerMaster HAF 912 turn
- AMD Phenom II SixCore 1055T örgjörvi
- 8GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 1TB SATA 3 WD diskur
- Geforce N470GTX 1280MB GDDR5 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

**179.950**

## AMD TURN



### AMD turnvél 3

- CoolerMaster Elite midi turn
- Athlon II X3 450 örgjörvi
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 750GB SATA 3 WD diskur
- Geforce N440GT 1GB DDR3 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

**99.950**

## 23" LCD SKJÁR




### Samsung 2333T

23" Full HD LCD flatskjár með 1920x1080p uppl., 50.000:1 skerpu, VGA, DVI-I ofl.

**29.950**

## TOSHIBA INTEL FARTÖLVA




### Toshiba Satellite C660-12L

- 2.1GHz Intel Dual-Core T3500
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- 15,6" WXGA LED skjár
- Intel GMA 4500M skjákort
- Kortalesari og vefmyndavél
- DVD og CD-RW skrifari
- Windows 7 Home Premium - 64-BIT

**77.950**

## LEIKJAMÚS



### Logitech MX518

Optical tölvumús með stillanlegri næmni, fjölda Macro takka ofl. Pottþétt í leikina.

**6.950**

## 1TB FLAKKARI



### WD Elements

1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

**11.950**

## SJÓNVARPSFLAKKARI



500GB HDMI 720/1080i

UNITED

### United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 500GB WD diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

**17.950**

## ACER INTEL FARTÖLVA




### Acer Aspire One D255-N55DQkk

- 1.5GHz Intel Atom N550 Dual Core
- 1GB DDR3 1066MHz minni
- 250GB SATA diskur
- 10,1" WXGA TFT skjár
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- Kortalesari og vefmyndavél
- Windows 7 Starter og Android 2.1
- Allt að 8 tíma rafhlöðuending

**57.950**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórdís Þorbergsdóttir**

Víðigerði 15, Grindavík, áður til heimilis að Mávabraut 12d, Keflavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, föstudaginn 1. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Gunnar Páll Guðjónsson**
**Ingibjörg Gunnarsdóttir** **Geir Gunnarsson**
**Guðrún Gunnarsdóttir** **Ólafur E. Ólafsson**
**Þórdís Gunnarsdóttir** **Ómar Ásgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, dóttir og amma*

**Þórdís Hjörvarsdóttir**

leikskólakennari

andaðist fimmtudaginn 31. mars. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 8. apríl kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Guðmundur Kristinn Erlendsson**
**Sigríður Ólöf Guðmundsdóttir** **Árni Geir Valgeirsson**
**Óskar Guðmundsson** **Auður Ævarsdóttir**
**Ólöf Þórðardóttir** **Karl Sölvason**
**Andrea Óskarsdóttir og Óliver Óskarsson**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Árnason**

Goðheimum 9, Reykjavík, áður Vallarbraut 8, Hvolsvelli,

lést þriðjudaginn 22. mars á Landspítala Landakoti. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir til starfsfólks á L 4 Landspítala Landakoti fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Hulda Sigurlásdóttir**
**Margrét Einarsdóttir** **Helgi Kristófersson**
**Árni Einarsson**
**Aðalheiður Einarsdóttir** **Björgvin Sigurðsson**
**afabörn og langafabörn**



*Elsku besti pabbi minn, sonur okkar og bróðir,*

**Bogi Eymundsson**

Vallarási 2, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 30. mars á Karolinska sjúkrahúsinu í Huddinge í Stokkhólmi. Útförin verður auglýst síðar.

**Eymundur Þór Bogason**
**Eymundur Lúthersson** **Margrét Halldórsdóttir**
**Sigurjón Kristinn Bergsson**
**Katrín Eymundsdóttir** **Hannes Skírnisson**
**Eymundur L. Eymundsson**
**Lára Eymundsdóttir** **Hörður Theódórsson**
**Eydís Elva Eymundsdóttir**
**og frændsystkini**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**VIÐ TJÖRNINA** Í seti Tjarnarinnar og Vatnsmýrarinnar er að finna alla gróðursögu Reykjavíkur, að sögn Gísla Más Gíslasonar prófessors. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fróðleiksganga um Vatnsmýrina

Í gönguferð um miðborgina sem Háskólinn og Ferðafélag Íslands standa að síðdegis á morgun verður Tjörnin í forgrunni, lífríki hennar og möguleikar. „Tjörnin hefur breyst mjög mikið í gegnum tíðina, frá því að vera fjörður yfir í salta tjörn og loks ferska eins og hún er í dag,“ segir Gísli Már Gíslason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, sem mun leiða gönguna og bætir við að í seti Tjarnarinnar og Vatnsmýrarinnar sé að finna alla gróðursögu Reykjavíkur.

„Segja má að menn hafi haft horn í síðu Tjarnarinnar frá nítjándu öld og hafi alltaf verið að finna nýjar leiðir til að fylla hana,“ segir Gísli glettinn. Hann segir allan suðurhluta hennar vera öskuhaug og strandlengja hennar sé uppgröftur úr húsum við Tjarnargötu og Fríkirkjuveg. „Svo náði hún næstum að Alþingishúsinu í eina tíð,“ segir Gísli og því ljóst að Tjörnin hefur minnkað mikið í gegnum tíðina.

Hann segir ekki mikla virðingu hafa verið borna fyrir Tjörninni í gegnum tíðina. „Samtímis því sem menn voru að sækja ís á Tjörnina og geyma í frystihúsum til að kæla fisk sem var til útflutnings, voru menn að aka úr kömrum Reykvíkinga og sturta í Tjörnina,“ upplýsir Gísli sem hefur haft áhuga á Tjörninni og náttúru hennar allt frá því að hann var valinn í stýrihóp árið 1990 sem rannsaka átti Tjörnina og áhrif búsetu á hana. Hann hefur nokkrar áhyggjur af framtíð hennar. „Vatnsmýrin sér Tjörninni enn fyrir vatni og ég hef lagt áherslu á að ákveðið svæði frá Öskjuhlíð og að Háskólanum verði friðað fyrir byggingum til að trufla ekki vatnsrennsli til hennar.“

Lagt er af stað í gönguna frá Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands við Sturlugötu klukkan 17. Ekki er nauðsynlegt að skrá sig fyrirfram og þátttaka er ókeypis.

**- gun, sg**

# Rætt við grænlenska höfunda

Höfundakvöld verður haldið í bókasafni Norræna hússins á morgun 14. apríl klukkan 20. Þar ræðir Jórunn Sigurðardóttir, dagskrárgerðarmaður hjá RÚV, við Kristian Olsen Aaju og Mariane Petersen frá Grænlandi.

Kristian Olsen Aaju er í ár tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir bók sína Det tatoverede budskab og Mariane Petersen hefur nýverið gefið út ljóðasafn sitt, Storfangerens Efterkommende. Bæði hafa vakið mikla athygli í sínu heimalandi fyrir verk sín.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



**HORFT TIL GRÆNLANDS** Höfundakvöld með tveimur grænlenskum höfundum í Norræna húsinu 14. apríl.

# Málþing um norræn tjáskipti

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Sendiráð Svíþjóðar, Noregs, Danmerkur og Finnlands ásamt Svensk-Isländska Samarbetsfonden og Dansk-Islandsk Samarbejdsudvalg efna til málþings um norræn tjáskipti í Norræna húsinu fimmtudaginn 7. apríl frá klukkan 14 til 17.

Frú Vigdís Finnbogadóttir mun opna málþingið og því næst mun menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, taka til máls. Meðal annarra framsögumanna má nefna Michael Dal, Charlotte Wärnå, Auði Hauksdóttur og Bodil Aurstad.



**TJÁSKIPTI FRÆNDÞJÓÐANNA** Vigdís Finnbogadóttir er meðal frummælenda á málþingi um norræn tjáskipti í Norræna húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán H. Jónsson**

Hjúkrunarheimilinu Mörk, áður Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut þriðjudaginn 5. apríl.

**Kristín Stefánsdóttir** **Valur Oddsson**
**Sigurjón Stefánsson** **Hjördís Anna Hall**
**barnabörn og langafabörn.**



*Elskulegur faðir, afi, fósturfaðir og tengdafaðir*

**Finnbogi Guðmundsson**

fyrrverandi Landsbókavörður,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð aðfaranótt sunnudagsins 3. apríl. Útförin verður frá Dómkirkjunni mánudaginn 11. apríl kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á hjúkrunarheimilið Holtsbúð.

**Helga Laufey Finnbogadóttir**
**Rósa Trujillo**
**Selma Jónsdóttir**
**Ólafur Vilhjálmsson**



*Okkar ástkæra móðir og systir,*

**Kolbrún Pálsdóttir (Hjaltason)**

fædd á Siglufirði, búsett í Ástralíu,

lést á sjúkrahúsi í Campbelltown, NSW, Ástralíu, föstudaginn 1. apríl. Útförin fer fram í Wollongong 8. apríl.

**Sigríður Knudsen** **Einar Trúmann Einarsson**
**Brynja og fjölskylda**
**Sigurlína og fjölskylda.**



*Elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur, frændi og besti vinur*

**Sigurður Árni Árnason**

andaðist á heimili sínu föstudaginn 1. apríl sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Ásdís M. Sigurðardóttir** **Árni G. Árnason**
**Brynja Árnadóttir** **Kolbeinn Steinþórsson**
**Aron Bachmann Árnason**
**Baldur Þór Kolbeinsson**
**og Nikki.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# BÓNUS RISA PÁSKAEGG 1 KG.

SAMA VERÐ OG Í FYRRA

**1998 KR.STK**

KS FROSNAR LAMBA-LÆRISNEIÐAR
1298 KR.KG.

KJARNAFÆÐI: FROSIÐ SPARHAKK
359 KR.625g

KJARNAFÆÐI: NÝTT KJÖTFARS
259 KR.620g

100% KJÖT: LAMB-NAUT-GRÍS

FERSKT BLANDAÐ HAKK 898 KR.KG
BARILLA SPAGHETTI 1 kg. 259 KR

NÝTT Í BÓNUS
BÓNUS SPELT RÚGBRAUÐ
SJÖ SNEIÐAR
FRÁ GÆÐABAKSTRI

SJÖ SNEIÐAR 280g
159 KR.

ÍTALÍA EXTRA VIRGIN OLÍA
Nú 750ml sama verði
598 KR.750ml

4 flöskur x 1.5 ltr.
COCA COLA
659 KR.6 ltr

Holta

KJÚKLINGAÁLEGG
Léttreykt kjúklingabringa
298 KR.115g

KJÚKLINGAPYLSUR
10 stk. 550g
498 KR.550g

NICKY WC PAPPÍR
12 RÚLLUR
798 KR.

## Góður tilbúinn matur fyrir 3-4 aðeins 998 kr.bakkinn

ÞARF AÐEINS AÐ HITA!

ÓDÝRT -FLJÓTLEGT ÞÆGILEGT

BÓNUS HEILSURÉTTUR

BÓNUS BURRITOS 4 STK

BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE

BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** óskiptu, 6. óhreinindi, 8. sægur, 9. hélt á brott, 11. frú, 12. umstang, 14. afspurn, 16. utan, 17. hljóma, 18. fljótfærni, 20. tvíhljóði, 21. einsöngur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** steypuefni, 3. 950, 4. vegsama, 5. dýrahljóð, 7. formun, 10. rekkja, 13. arinn, 15. hýra, 16. geislahjúpur, 19. ætíð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. öllu, 6. im, 8. mor, 9. för, 11. fr, 12. stúss, 14. umtal, 16. án, 17. óma, 18. ras, 20. au, 21. aría.
**LÓÐRÉTT:** 1. gifs, 3. lm, 4. lofsama, 5. urr, 7. mótunar, 10. rúm, 13. stó, 15. laun, 16. ára, 19. sl.


www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil



FERMING 2011
+ Úrval gjafa á góðu verði

**Puma Animagical fyrir herrann**
Töff og stílhreinn herrailmur frá Puma í fjörugum umbúðum.
*PUMA animagical herra EDT 40 ml*
**2.990 kr.**





**Puma Animagical fyrir dömuna**
Ferskur og nútímalegur dömuilmur frá Puma í flottum umbúðum.
*PUMA animagical dömu EDT 40 ml*
**2.990 kr.**

**Maybelline**
Með kaupum á einu stykki úr Maybelline línunni **fylgir snyrtibudda og augnblýantur – frítt.**



*Tilboðið gildir til 20. apríl.*



**OROBLU**
Fermingartilboð
**20% afsláttur**
af ALL COLORS
*Tilboðið gildir til 20. apríl.*

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 54424 03.2011

**Skrautlegt, skemmtilegt og sívinsælt**
Hárskraut, skart og frábært úrval af öllum þessum gjöfum sem alltaf koma sér vel.



Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík


# Ísland orðið töff á ný

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Ég vildi að ég væri Íslendingur," sagði heimspekingurinn og fjölmiðlamaðurinn Gabriel Albiac í útvarpsþætti einum um síðustu helgi. Ég hafði heyrt af ófáum kanadískum kaupsýslumönnum í svipuðum hugleiðingum svo ég taldi fyrst að skæður Íslandsfaraldur væri kominn á dreif. En síðan áttaði ég mig á því af hverju Gabriel og svo ótal margir Spánverjar öfunda okkur þessa dagana.



**TIL** að útskýra það verð ég að fara til Mekka minninganna, það er að segja til Bíldudals, og rifja upp lítið atvik frá bernskunni. Þá var ég sex eða sjö ára og átti yfir höfði mér bólusetningu sem olli mér gífurlegu hugarangri. Þegar ég er að fara til hjúkkunnar mæti ég Loga vini mínum sem var að koma úr bólusetningu. „Var þetta vont?" spurði ég. „Nei, ekkert rosalega," segir hann mannalega en þar sem ég vissi að hann lifði eftir vestfirska móttóinu „eigi skal haltur ganga meðan báðir fætur eru jafn langir" þá var þetta ekki mikil hughreysting. Þessar fáu mínútur sem ég beið eftir að vera sprautaður voru skelfilegar og mikið öfundaði ég þá Loga, sem var reyndar ekki alveg ósærður en gat þó um frjálst höfuð, eða kannski frekar frjálsan rass, strokið.

**ÖFUND** Spánverja er af svipuðum toga. Þeir eru reyndar komnir á hnén en þeir telja sig eiga hrunið eftir. Og eftir hrun er girt niður um mann og bóluefni við eyðslusemi og töffaraskap er látið vella úr nálinni sem rekin er á kaf í aðra rasskinnina. Í þeirra huga eru Íslendingar ættbálkurinn sem fyrstur fékk þennan skammt. „Var þetta ekki alveg svakalegt?" spyrja þeir mig oft með angistarsvip. Ekki nóg með það heldur tala þeir nú um það að við Íslendingar séum vösk þjóð sem hafi hespað þennan ófögnuð af. „Þeir létu bankana gossa, síðan ráku þeir ríkisstjórnina með pottaglamri og núna eru þeir að klófesta bankamennina," sagði til dæmis Gabriel.

**MEÐ** öðrum orðum, þeir eiga ekki aðeins eftir að finna fyrir nálinni heldur óttast þeir einnig aðfarirnar. Þeir gætu þess vegna lent hjá lækni sem er skjálfhentur og spyr tíðinda meðan hann dundar við að koma nálinni í rassinn. Og þar sem „spænska veikin" þrífst enn þurfa þeir kannski að koma daginn eftir og fá sprautu í hina rasskinnina.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# Tvöföld skemmtun í Tjarnarbíói

Dans ★★★



**Gibbla í Tjarnarbíói**

Darí Darí Dance Company: Guðrún Óskarsdóttir, Inga Maren Rúnarsdóttir og Katla Þórarinsdóttir.

Verk Darí Darí Dance Company er afrakstur samstarfs listamanna úr mismunandi greinum, það er dansi, tónlist og kvikmyndagerð. Listamennirnir sóttu innblástur í sameiginlegt efni – Ask Yggdrasils og örlaganornirnar Urði, Verðandi og Skuld og hvernig örlög okkar eru ráðin í fæðingu þótt lífsþræðir spinnist saman og sundur í gegnum ævina – og fléttuðu síðan listformin saman svo úr varð ein heild. Sýningin var í heild sinni áferðarfalleg og bar vitni um vönduð vinnubrögð. Stemmingin var dulúðug og dramatísk. Tónverkið spilaði þar mikilvægt hlutverk en það skapaði sterkan grunn fyrir bæði dansverkið og myndverkið. Myndverkið var listilega tekið og klippt og það kallaðist oft skemmtilega á við dansverkið. Það tók samt líka frá dansverkinu þannig að í samtali þessara tveggja forma átti myndverkið oftar orðið. Uppsetningin á sviðinu hafði þar eitthvað um að segja því úr sæti undirritaðrar var eins og horft væri á tvo samsíða viðburði. Til að fylgjast með dansverkinu varð að líta af skjánum niður á dansarana og til að fylgjast með myndverkinu varð að líta upp að nýju. Dansverkið var fallegt hvað búninga og hreyfiforða viðkom, ekki síst samdans Ingu Marenar og Kötlu. Dansverkið gaf gott rými fyrir áhorfandann til að sjá myndverkið og endurspeglaði vel það sem var að gerast í því. Í samspili þessara tveggja listforma hefði dansinn þó mátt sýna minni hógværð. Hann hvarf á köflum í skugga myndverksins og fékk því ekki notið sín sem skyldi. Ljóst er af sýningunni Gibbla að hér eru færir listamenn á ferð hverjir í sínu fagi.

**Niðurstaða:** Samstarf listamannanna hefur getið af sér þrjú góð listaverk sem geta staðið hvert fyrir sig en tengjast um leið. Samruni verkanna hefði þó mátt vera betur unninn.

**Steinunn and Brian DO art; How to Be Original í Tjarnarbíói**

Steinunn og Brian

Verk Steinunnar og Brians var af allt öðrum toga. Þar bar að líta þræl kóreógraferað „raunveruleikasjónvarp“ þar sem þau skötuhjú buðu áhorfendum að fylgjast með störfum þeirra sem danshöfundar. Dansverkið var persónulegt – þau nota eigin nöfn og vísa í eigin veruleika – en á sama tíma útpælt og nákvæmlega útfært. Þessi persónulega nálgun sem einkennir dansköpun þeirra er snilldin í því sem þau gera.

Á sama tíma er þessi nálgun það sem gerir verkin á köflum pirrandi. Það er erfitt fyrir listamenn að halda persónulegri og hversdagslegri framsetningu innan faglegrar dansköpunar og það er þessi hárfína lína sem skilur á milli snilldar og pirrings. Dansverkin þeirra minna á uppistand þar sem þau nota sjálf sig og eigið líf í útfærðri mynd til að gera grín að og um leið gagnrýna umhverfi sitt – í þessu tilfelli heim danshöfundarins og náin samskipti fólks – bæði grimmileg, vandræðaleg og tilfinningaþrungin. Þau sækja bæði í smiðju talaðs máls og líkamlegrar tjáningar til að koma skilaboðum sínum til skila og ráða vel við hvort tveggja. Í þessu verki var líkamleg framsetning sérstaklega sterk og gaman að sjá hvað í þeim býr. Lýsingin í verkinu var falleg, búningarnir smart og notkun tónlistarinnar eða réttara sagt þagnarinnar með tónlistarívafi var snilldarleg.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**



**Niðurstaða:** Verkið var fullt af ótrúlega flottum og beittum hugmyndum en hnitmiðaðri framsetning hefði gert gott verk enn betra og beittara.







# Finnst mjög gaman að vera fyrir framan myndavélina

**Magdalena Sara Leifsdóttir bar sigur úr býtum í Elite-fyrirsætukeppninni. Fyrirsætustarfið heillar en hún getur ekki farið í unglingavinnuna í sumar vegna frjókornaofnæmis.**



**ELITE-STÚLKAN 2011** Magdalena Sara Leifsdóttir vann Elite-keppnina um helgina en hún er að klára níunda bekk í Álfhólsskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta var alveg æðislegt upplifun og auðvitað mjög gaman að vinna þessa keppni,“ segir Magdalena Sara Leifsdóttir en hún vann Elite-fyrirsætukeppnina sem fór fram í Hafnarhúsinu um síðustu helgi.

Magdalena er aðeins 14 ára gömul en hefur lengi gengið með fyrirsætudraum í maganum. „Það er ár síðan ég fór á skrá hjá Elite og hef verið að sitja aðeins fyrir. Mér finnst mjög gaman að vera fyrir framan myndavélina,“ segir Magdalena en hún var mjög upptekin um síðustu helgi þar sem hún gekk mörgum sinnum eftir tískupallinum á Reykjavik Fashion Festival fyrir hina ýmsu fatahönnuði ásamt því að taka þátt í Elite-keppninni sjálfri. Keppnin er haldin í annað sinn og tólf stúlkur tóku þátt að þessu sinni.

Magdalenu fannst ekkert mál að ganga tískupallinn í hinum ýmsu múnderingum. „Nei, ég var bara að sýna fötin og þau voru líka mjög flott. Maður stillir sig bara inn á það að ganga flott og þá gengur allt vel.“

Magdalena er að klára níunda bekk í Álfhólsskóla í Kópavogi en segir að keppnin hafi nú ekki vakið mikla athygli hjá skólafélögunum. Verðlaun hennar voru utanlandsferð á alþjóðlegu Elite-keppnina sem haldin verður 11. nóvember og enn þá á eftir að koma í ljós í hvaða landi keppnin verður haldin. „Utanlandsferðin voru aðalverðlaunin en svo fékk ég líka síma, snyrtivörur, iPod og inneign í Topshop sem var frábært,“ segir Magdalena.

Hún hefur ekki enn ákveðið hvað hún ætlar að gera í sumar. „Ég get varla farið í unglingavinnuna þar sem ég er með svo mikið frjókornaofnæmi, en ég ætla að reyna að finna mér eitthvað annað.“

alfrun@frettabladid.is


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| KURTEIST FÓLK | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 – 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| LIMITLESS LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 10.15 | 12 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BIUTIFUL | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| LIMITLESS | KL. 10 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 | 12 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is AUKAKRÓNUR 5%
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| HOPP - ENS TAL | 6, 8 og 10 |
| KURTEIST FÓLK | 6, 8 og 10 |
| NO STRINGS ATTACHED | 8 og 10.10 |



SKANNAÐU SAMbio.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40 | VIP |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tal | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:40 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tal | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 6 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| LIMITLESS | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 16 |
| MARS NEEDS MOMS-3D ísl. Tal | kl. 5.25 | L |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 10.35 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | kl. 8:20 - 10:30 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D ísl. Tal | kl. 6:10 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 | L |
| TRUE GRIT Númeruð sæti | kl. 8 | 16 |



# Þróun rannsóknaáætlunar Evrópusambandsins um rannsóknir og nýsköpun

**Opinn hádegisfundur verður haldinn á Hótel Sögu, Sunnusal, föstudaginn 8. apríl kl. 12.15, um rannsóknir, nýsköpun og framtíðaráherslur í rammaáætlun Evrópusambandsins.**

David Harmon, frá ráðuneyti Máire Geoghegan-Quinn, framkvæmdastjóra rannsókna, nýsköpunar og vísindamála hjá Evrópusambandinu, mun flytja erindi sem ber yfirskriftina **“The future priorities for FP7 from a research and innovation perspective”**.

Að loknu erindinu verður tekið á móti spurningum.

Fundarstjóri er Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís.

**Nánari upplýsingar á www.rannis.is**

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknirannsókna og hefur umsjón með opinberum samkeppnissjóðum s.s. Rannsóknasjóði og Tækniþróunarsjóði. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun og gerir áhrif þeirra á þjóðarhag sýnileg. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:10, 22:30 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLACK SWAN | 17;50, 20:00, 22:10 |
| LOVE AND OTHER DRUGS | 20:10, 22:30 |
| ANOTHER YEAR | 17:40 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

Pssst!
Þú sem ert með GSM eða Internetið hjá Símanum

# Magnaður miðvikudagur fullur af músík!

Á miðvikudögum í apríl færðu aðgang að milljónum laga á Tónlist.is og 80 tónlistarrásum á Bestu lögin fyrir 0 kr. ef þú ert með GSM eða Internetið hjá Símanum



## Bestu lögin

Á bestulogin.is eru 80 tónlistarrásir þar sem leikin er tónlist viðstöðulaust allan sólarhringinn og hefur hver rás sitt þema. Landslið tónlistarspekúlanta velur saman efni á tónlistarrásina og þú getur alltaf fundið rás sem hentar hverju tilefni.

Náðu þér í bestulogin.is í símann með því að skanna QR kóðann.

## Tónlist.is

Það eru meira en 3,5 milljónir laga á Tónlist.is, bæði erlend og svo næstum öll útgefin íslensk tónlist. Þú getur hlustað á einstök lög, heilu plöturnar eða þína eigin lagalista á netinu og í snjallsímanum.

Náðu þér í verðlauna-appið þeirra á Tónlist.is eða með því að skanna QR kóðann.

Prófaðu án skuldbindinga!

siminn.is

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM45322

# sport

sport@frettabladid.is



**KEFLVÍKINGAR** urðu á mánudagkvöldið fyrsta liðið sem nær að vinna þrjá framlengda leiki í einni og sömu úrslitakeppninni. Keflvíkingar hafa enn fremur unnið alla þessa framlengdu leiki þar sem tap hefur þýtt sumarfrí. Þeir unnu 95-90 sigur á ÍR í framlengdum oddaleik í átta liða úrslitunum og hafa síðan unnið tvo síðustu leiki sína á móti KR í framlengingu. Alls höfðu sjö önnur lið náð því að vinna tvo framlengda leiki í einni og sömu úrslitakeppninni.

Fyrri leikur Chelsea og United í Meistaradeildinni:

## Tími fyrir Chelsea-liðið að hefna fyrir Moskvu

**FÓTBOLTI** Það verður stórleikur á Stamford Bridge í kvöld þegar Chelsea tekur á móti Manchester United í fyrri leik liðanna í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Þetta er í fyrsta sinn sem þessi félög mætast í Meistaradeildinni síðan Manchester United vann 6-5 sigur í vítakeppni í úrslitaleik keppninnar í Moskvu 2008.

„Ef mínir leikmenn eru að hugsa um Moskvu-leikinn þá eru þeir augljóslega ekki ánægðir. John Terry (klikkaði á víti) er ekki sáttur sem og aðrir leikmenn og þeir ættu því að mæta klárir í slaginn. Það gætu verið örlögin okkar að Chelsea muni nú loksins gera eitthvað í Meistaradeildinni,“ sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea. Það ætti að hjálpa til að gera Chelsea-menn enn grimmari að United er 11 stigum á undan Chelsea í ensku úrvalsdeildinni þegar aðeins sjö vikur eru eftir af tímabilinu.

Chelsea vann 2-1 sigur í síðsta leik liðanna og hefur aðeins tapað 3 sinnum í síðustu 19 leikjum á móti United. „Við höfum náð góðum úrslitum á móti United, sérstaklega á heimavelli og það mun koma til með að hjálpa okkur. Við verðum í góðum málum ef við náðum góðum úrslitum í kvöld,“ sagði Petr Cech, markvörður Chelsea.

„Þeir hafa forskot á okkur af því að þeir hafa verið að ná betri úrslitum úr leikjum okkar en þetta er meistaradeildin og aðalmarkmið okkar í þessum leik er að ná inn einu marki,“ sagði Nemanja Vidic, fyrirliði Man. United.

Hinn leikur kvöldsins er síðan á milli Barcelona og Shakhtar Donetsk á Camp Nou í Barcelona þar sem enginn býst við öðru en öruggum sigri heimamanna.

- óój








**ÚRSLITIN RÁÐIN** Peter Crouch fær hér sitt annað gula spjald eftir aðeins fimmtán mínútna leik í gær. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# Afgreitt mál í fyrri leik

**Real Madrid og Schalke eru komin með annan fótinn inn í undanúrslit Meistaradeildarinnar eftir örugga sigra í fyrri leik átta liða úrslitanna í gær.**

**FÓTBOLTI** Spennan er að mestu farin úr viðureignum Real Madrid og Tottenham annars vegar og Schalke og Inter Milan hins vegar eftir fyrri leik liðanna í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar í gærkvöldi. Real Madrid og Schalke eru svo gott sem komin áfram eftir frábæra sigra, Real eftir að hafa spilaði manni fleiri í 75 mínútur í 4-0 sigri á Spurs og Schalke eftir 5-2 útisigur á Evrópumeisturum Inter.

Peter Crouch var hetja Tottenham á móti AC Milan í sextán liða úrslitunum en það tók hann aðeins fimmtán mínútur að eyðileggja nær alla möguleika Tottenham á að komast áfram á móti Real Madrid.

Peter Crouch setti nýtt met í Meistaradeildinni með því að fá tvö gul spjöld á fyrstu fimmtán mínútum leiksins, hann fékk sitt annað gula spjald fyrir villta tæklingu á Marcelo en hafði fengið fyrra gula spjaldið sitt á níundu mínútu fyrir brot á Sergio Ramos.

Emmanuel Adebayor reyndist Tottenham-mönnum oft erfiður þegar hann lék með nágrönnum þeirra í Arsenal og ekki gekk Spurs-mönnum betur að ráða við Tógó-manninn í gær. Adebayor skoraði tvö skallamörk í leiknum, eitt í hvorum hálfleik, og kom Real með því í 2-0 í leiknum. Ángel Di María og Cristiano Ronaldo gerðu síðan út um leikinn og líklega einvígið með tveimur frábærum mörkum á síðustu 18 mínútunum.



**KVELUR ENN TOTTENHAM** Emmanuel Adebayor skoraði tvö fyrstu mörk Real Madrid í gærkvöldi. MYND/AP

Jose Mourinho, þjálfari Real Madrid, var ekki tilbúinn til að fagna sæti í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. „Nei við erum ekki komnir áfram. Ég þekki England vel, ég þekki enska hugarfarið og ég þekki White Hart Lane. Á móti öllum öðrum menningarheimum myndi ég segja að við værum komnir áfram en enskir fótboltamenn missa ekki trúna og gefast ekki upp fyrr en á síðustu mínútunni, þannig að þetta er ekki búið,“ sagði Jose Mourinho eftir leikinn.

„Við byrjuðum ellefu á móti ellefu og skoruðum strax mark. Þetta varð vonlaust verkefni fyrir Spurs eftir að þeir urðu tíu inni á vellinum,“ sagði Mourinho.

„Það fór allt úrskeiðis sem gat farið úrskeiðis,“ sagði Harry Redknapp , stjóri Tottenham, eftir leikinn en Tottenham lenti undir eftir fjórar mínútur og missti síðan Peter Crouch af velli með tvö gul spjöld á 15. mínútu.

„Um leið og við vorum að yfirgefa búningsklefann þá sagði Aaron Lennon að hann hefði enga orku eða kraft. Síðan skora þeir snemma og við fáum síðan rauða spjaldið,“ sagði Redknapp en Lennon var með hálsbólgu. „Ég hélt kannski að við gætum hangið í þeim en leikmennirnir höfðu ekki lengur kraft í lokin. Það er erfitt að koma hingað með ellefu menn hvað þá að spila tíu á móti þeim. Þetta var erfiður dagur á móti topp-, toppliði,“ sagði Redknapp.

Evrópumeistarar Internazionale eru í slæmum málum eftir 2-5 tap á heimavelli á móti Schalke. Dejan Stankovic skoraði eftir aðeins 25 sekúndur og Diego Milito kom Inter aftur yfir í 2-1 eftir að Joel Matip hafði jafnað í milltíðinni. Edu skoraði hins vegar sjö mínútum seinna og Þjóðverjarnir gerðu síðan út um leikinn með tveimur mörkum á fyrstu tólf mínútum síðari hálfleiks. Raul skoraði fyrra markið á 53. mínútu og það seinna kom á 57. mínútu og var sjálfsmark Andrea Ranocchia eftir fyrirgjöf frá José Manuel Jurado. Mark Raul var mark númer 70 hjá honum í Meistaradeildinni. Edu bætti síðan við sínu öðru marki eftir að Inter missti Cristian Chivu út af með rautt spjald.

ooj@frettabladid.is




Keflavík vann í Ljónagryfjunni og er 2-0 yfir á móti Njarðvík í úrslitaeinvíginu:

## Keflavík einum sigri frá titlinum

**KÖRFUBOLTI** Keflavík komst í gær í 2-0 úrslitaeinvíginu gegn Njarðvík um Íslandsmeistaratitilinn í kvennakörfunni eftir frábæran sigur, 67-64, í Ljónagryfjunni en leikurinn var virkilega spennandi í lokin.

Njarðvík fékk gott tækifæri til þess að jafna leikinn á síðustu andartökum leiksins en þær komu ekki skoti að körfunni og því fór sem fór. Bryndís Guðmundsdóttir átti frábæran leik fyrir Keflavík en hún gerði 24 stig og tók 7 fráköst. Keflavík getur því orðið Íslandsmeistari á föstudaginn en þá fer þriðji leikur liðanna fram í Toyota-höllinni.

„Að koma í þetta feikisterka hús og vinna þetta frábæra lið er góð tilfinning,“ sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, eftir sigurinn í gær.



**BRYNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR** Skoraði 24 stig í gær þar af 20 þeirra í fyrri hálfleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við komum inn í annan leikhlutann eins og brjálæðingar en það lagði grunninn af þessum sigri. Það er þægilegt fyrir alla að vera 2-0 yfir en þetta er langt frá því að vera búið og við verðum að skrúfa hausinn heldur betur fast á okkur fyrir næsta leik. Njarðvík er með hörkulið eins og allir sáu hér í kvöld og við þurfum bara að spýta í. Þetta eru reynslumiklar stelpur og þær vita að við verðum að koma okkur niður á jörðina til að klára dæmið,“sagði Jón.

„Við þurftum að hafa rosalega mikið fyrir því að koma okkur inn í leikinn,“ sagði Sverrir Sverrisson, þjálfari Njarðvíkur, eftir tapið í gær.

„Við töpuðum allt of mikið af boltum frá okkur sem Keflavík náði að nýta sér. Þegar ég lít yfir leikinn þá voru það þessir tæknilegu mistök af okkar hálfu sem kostuðu okkur þennan sigur. Keflavík kom gríðarlega sterkt inn í annan leikhlutann og eftir það voru þær alltaf skrefinu á undan. Við vorum virkilega nálægt þessu í lokin, en til að vinna lið eins og Keflavík þá verðum við einfaldlega að spila betur. Við þurfum bara einn sigur í Keflavík til þess að fá annan leik á okkar heimavelli og það ætlum við okkur að gera,“ sagði Sverrir.

- sáp


FERÐAÆVINTÝRI
Í FERMINGARGJÖF
Landsins mesta
úrval af bakpokum
Stærri bakpokar
Verð frá: 18.990 kr.
Deuter Futura
Frábæru dagpokarnir
með baki sem andar vel.
Verð frá: 16.990 kr.
Deuter Aircontact 55+10
Margverðlaunaðir bakpokar.
Frábært burðarkerfi, regnvörn
fylgir. Verð áður: 34.990 kr.
Tilboð: 29.990 kr.
TNF Alutian
Vandaður svefnpoki til notkunar
sumar, vor og haust.
Þolmörk: -5°C. Þyngd: 1.546 g.
Verð áður: 19.990 kr.
Tilboð: 17.990 kr.
TNF Hotlum
Vandaður, léttur dúnsvefnpoki, 3 árstíða.
Þolmörk: -10°C. Þyngd: 1.311 g.
Verð áður: 44.990 kr.
Tilboð: 38.990 kr.
Svefnpokar. Verð frá: 14.990 kr.
Úrval af tjöldum.
High Peak Cave 3
Göngutjald. Létt 3 manna braggatjald
2.000 mm vatnsvörn. Þyngd: 3,5 kg.
Verð áður: 23.990 kr.
Tilboð: 18.990 kr.
Silva ferðasjónaukar
10X50 vandaðir, léttir
og handhægir.
Verð: 7.990 kr.
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

## > Simon Pegg

„Chris Martin úr Coldplay er gamall vinur minn og við höfum verið félagar í allnokkur ár. Ég er meira að segja guðfaðir Apple.“

*Simon Pegg leikur alræmdan svikahrapp sem fær frústreraðan kennara til að slást í lið með sér og ætla þeir að verða sér úti um skjótfengið fé með fjárkúgun í hörkuspennandi grínmyndinni Big Nothing sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR BREYTIR UM

# Böl eða blessun?



Eftir að hafa bölsótast út í hálfbilaðan myndlykil heimilisins um langa hríð, afrekaði ég það loks að panta nýjan myndlykil. Sá nýi er fyrir sjónvarp um ADSL eða ljósleiðara sem þýðir að loftnetssnúran sem lafir svo snyrtilega yfir stofuglugganum hefur misst hlutverk sitt. Nýi myndlykillinn hefur ekki bara svipt loftnetið hlutverki sínu heldur breytt sjónvarpsáhorfi heimilisins á þeim stutta tíma sem er liðinn síðan hann kom inn á heimilið. Hann er nefnilega þeirrar náttúru gæddur að í gegnum hann er hægt að nálgast fréttir og sjónvarpsþætti um nokkurt skeið eftir að dagskrárliðirnir hafa verið sýndir. Ég er reyndar fyrir löngu hætt að vera háð útsendingartíma sjónvarpsfrétta, þær eru aðgengilegar á netinu og ekkert auðveldara en að horfa á þær hvenær sem er. Það er hins vegar töluverð breyting að hafa framhaldsþætti aðgengilega hvenær sem er. Í fyrrakvöld horfði ég til dæmis á tvo þætti í röð um dönsku lífverðina. Ég hef horft á hina íslensku Pressu á ýmsum undarlegum tímum og ekki þarf ég að örvænta þó að ég hafi misst af Ívari Guðmunds og Arnari Grant fara á kostum í Kaupmannahöfn, þeir bíða betri tíma í lyklinum góða.

Ég verð að viðurkenna að þessir kostir eru ekki án galla. Það er hugsanlegt til dæmis að ég fari að eyða of miklum tíma fyrir framan sjónvarpið. Allir þættirnir sem ég hefði látið fara framhjá mér eru nú aðgengilegir og það er ansi freistandi að leggjast í sófann og glápa út í eitt. En ég ætla að trúa á viljastyrkinn í bili, glápið hefur til þessa ekki verið meira en vanalega, munurinn hefur aðallega falist í því að núna horfi ég á það sem ég hef áhuga á, ekki bara það sem er í sjónvarpinu þegar mig langar til að horfa á sjónvarpið.

### SJÓNVARPIÐ

**16.10 Slá í gegn - Mjóddin**
**17.20 Reiðskólinn** (2:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (28:42)
**18.30 Fínni kostur** (7:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Læknamiðstöðin** (47:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Góð er gufan** (Miesten vuoro) Finnsk heimildamynd. Allsberir finnskir karlar hreinsa líkama og sál í gufubaði og tala opinskátt um lífið, ástina, vináttuna og dauðann.
**23.40 Icesave - um hvað er kosið?** Umfjöllun um afleiðingar þess að þjóðin samþykki eða felli lögin um ríkisábyrgð vegna Icesave. (e)
**00.10 Icesave - um hvað er kosið?** (e)
**00.40 Landinn**
**01.15 Kastljós** (e)
**01.55 Fréttir** (e)
**02.00 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 Made of Honor**
**10.00 White Men Can't Jump**
**12.00 The Last Mimzy**
**14.00 Made of Honor**
**16.00 White Men Can't Jump**
**18.00 The Last Mimzy**
**20.00 Ask the Dust**
**22.00 The Big Nothing**
**00.00 Man About Town**
**02.00 Yes**
**04.00 The Big Nothing**
**06.00 Fracture**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (10:22)
**11.00 Cold Case** (12:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (23:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Eldsnöggt með Jóa Fel** (9:12)
**13.25 Chuck** (1:19)
**14.15 Gossip Girl** (10:22)
**15.00 iCarly** (7:45)
**15.28 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 The Simpsons** (1:21)
**17.58 Nágrannar**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (3:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (23:23) Stórskemmtilegur gamanþáttur um Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar
**20.10 Hamingjan sanna** (4:8) Ný íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld. Í þáttunum er fylgst með átta Íslendingum sem vinna markvisst að því að auka hamingjuna.
**20.50 Pretty Little Liars** (20:22)
**21.35 Grey's Anatomy** (18:22)
**22.20 Ghost Whisperer** (4:22)
**23.05 Sex and the City** (8:8)
**23.35 NCIS** (8:24)
**00.20 Fringe** (8:22)
**01.05 Life on Mars** (16:17)
**01.50 Illegal Tender**
**03.35 Cold Case** (12:23)
**04.20 Pretty Little Liars** (20:22)
**05.05 Grey's Anatomy** (18:22)
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**08.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**17.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.00 Meistaradeildin - upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Man. Utd.** Bein útsending. Þetta er fyrri leikur liðanna í 8 liða úrslitum. Á sama tíma fer fram leikur Barcelona og Shakhtar Donetsk sem sýndur er beint á Sport 3.
**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**21.05 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Shakhtar** Útsending frá leik Barcelona og Shakhtar Donetsk í Meistaradeild Evrópu. Þetta er fyrri leikur liðanna í 8 liða úrslitum. Leikurinn er sýndur í beinni á Sport 3 kl. 18.30.
**22.55 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Man. Utd.**
**00.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Newcastle - Wolves** Útsending frá leik Newcastle United og Wolverhampton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Birmingham - Bolton** Útsending frá leik Birmingham City og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Ensku mörkin** S
**21.25 Muller** Næstur í röðinni af bestu knattspyrnumönnum samtímans er enginn annar en Gerd Muller.
**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.
**23.10 West Ham - Man. Utd.**

### SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (2:7) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (2:7) (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Dr. Phil**
**17.40 Innlit/útlit** (5:10) (e)
**18.10 Dyngjan** (8:12) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (25:46) (e)
**19.25 Will & Grace** (16:24)
**19.50 Spjallið með Sölva** (8:16)
**20.30 Blue Bloods** (10:22)
**21.20 America's Next Top Model** (2:13) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.10 Rabbit Fall** (2:8) Lögreglukonan Tara Wheaton tekur að sér löggæslu í yfirnáttúrulega smábænum Rabbit Fall. Tara er tekin í gíslingu af hótelgesti sem lent hefur í afkáralegur rifrildi við látna eiginkonu sína.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 Hawaii Five-0** (5:24) (e)
**00.10 Law & Order: Los Angeles** (2:22) (e)
**00.55 Heroes** (3:19) (e)
**01.40 Will & Grace** (16:24) (e)
**02.00 Blue Bloods** (10:22) (e)
**02.45 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Shell Houston Open** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Shell Houston Open** (2:4)
**15.45 Ryder Cup Official Film 1997**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (13:42)
**19.20 LPGA Highlights** (5:20)
**20.40 Champions Tour** (6:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (14:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (13:45)
**23.45 ESPN America**

### EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (21:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Bones** (2:23)
**22.40 Burn Notice** (16:16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda. Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda. Hann reynir því nú að komast að því hverjir lokuðu á hann og af hverju.
**23.25 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir til að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.
**23.55 Falcon Crest** (21:28)
**00.45 The Doctors**
**01.30 Fréttir Stöðvar 2**
**02.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

### ÍNN

**20.00 Björn Bjarnason** Gamli ritstjórinn í fínu formi.
**20.30 Já** Áframfólk er jáarar.
**21.00 Nei** Hallur Hallsson stýrir þætti neiara.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G., Guðmundur og kjarni málsins.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




BÍLDSHÖFÐI TRYGGVAGATA SKIPHOLT HAFNARFJÖRÐUR KÓPAVOGUR

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.25

**Grey's Anatomy**



Það verður mjög óhefðbundinn þáttur af Grey's Anatomy í kvöld. Þátturinn er nokkurs konar söngleikur þar sem leikararnir syngja sig í gegnum þáttinn og verður spennandi að sjá hvernig til tekst.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Sögur af peningum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Jónas Hallgrímsson og íslensk ljóðhefð **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.18** Bak við stjörnurnar **23.08** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**09.25** Deal or No Deal **10.00** EastEnders **10.30** Top Gear **11.25** Keeping Up Appearances **11.55** ‚Allo ‚Allo! **12.30** Fawlty Towers **13.05** Inspector Lynley Mysteries **13.50** Inspector Lynley Mysteries **14.35** Deal or No Deal **15.10** Deal or No Deal **15.45** Keeping Up Appearances **16.20** ‚Allo ‚Allo! **16.50** Fawlty Towers **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** The Catherine Tate Show **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Live at the Apollo **23.00** EastEnders

### DR 1

**11.30** Søren Ryge **12.00** Vores Liv **12.30** Kender du typen **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Skæg med tal **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Smag på Norden **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Pigen der forsvandt **20.50** En splittet familie **21.35** Onsdags Lotto **21.40** OBS **21.45** DR1 Dokumentaren

### NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Ut i naturen **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** NRK nyheter **14.10** Den nordiske smaken **14.40** Tradisjonshandverk **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Vår aktive hjerne **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** FBI **18.15** Folk **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** Lov og orden. London **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nasjonalgalleriet **21.45** Oppdrag Sognefjorden

### SVT 1

**11.05** Som ni behagar **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Grön glädje **14.30** Smartare än en femteklassare **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Borgen **20.00** The Event **20.45** Golf: US Masters - magasin **21.15** Mästarnas mästare **22.15** Skavlan **23.20** Dox **00.45** Rapport **00.50** Golf: US Masters - magasin







## MORGUNMATURINN



*„Ég borða yfirleitt ekki mikið á morgnana annað en að drekka kaffi. Um helgar en hins vegar morgunmaturinn á Prikinu skylda.“*

Atli Freyr Arnarsson, dansari og starfsmaður Eskimo.

# Ásdís Rán selur kjóla og snyrtivörur í Búlgaríu

„Þetta er alveg frábært. Ég bjóst ekki við að ná að negla þetta svona vel,“ segir fyrirsætan og athafnakonan Ásdís Rán Gunnarsdóttir.

Ásdís hefur samið við búlgörsku verslanakeðjurnar Piccadilly og Hot Spot um sölu á Icequeen-snyrtivöru- og kjólalínum sínum. Ásdís var stödd í Búlgaríu þegar Fréttablaðið náð í hana og var að vonum kampakát með samningana. „Ég er búin að vera hérna í tvær vikur að ganga frá framleiðslu á Icequeen-kjólunum. Mér tókst í leiðinni að semja við tvær af stærstu búðunum,“ segir hún og bætir við að ferlið hafi ekki verið auðvelt. „Það tók mig marga mánuði að ná sambandi við þetta fólk. Búlgaría er svo hræðilega stór, þetta er ekkert grín. Ég bjóst ekki við að þetta myndi ganga upp, en ég er vön að reyna allt.“

Ásdís segir Piccadilly-verslanirnar vera svipaðar Hagkaupsverslunum íslensku, en snyrtivörurnar verða seldar þar. Kjólalínan verður seld í Hot Spot, sem er tískuverslanakeðja með um 60 verslanir í Búlgaríu. „Að vísu byrja vörurnar í stærstu búðunum og svo byggist þetta smám saman upp,“ segir Ásdís og bætir við að sala á kjólunum hefjist eftir rúman mánuð. Stuttu seinna hefst sala á Íslandi. „Svo er spurning hvort fólk kaupir vörurnar. Ég hef engar áhyggjur af því. Stelpur um allan heim eru eins inn við beinið – við viljum allar vera sætar og kaupa farða og fín föt.“

Og verðurðu moldrík af þessu?

„Þegar ég verð búin að víkka veldið út til Rúmeníu og Tyrklands þá kaupi ég mér risahús á Íslandi,“ segir Ásdís að lokum og hlær. **- afb**



**STÓR Í BÚLGARÍU** Sala á förðunar- og kjólalínum Ásdísar Ránar hefjast bráðlega í stórum verslunum í Búlgaríu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Reykjavík Fashion Festival var haldið í Hafnarhúsinu um liðna helgi. Hátíðin þótti ágætlega heppnuð og var vel sótt af sístækkandi hópi fólks í tískuheiminum hérlendis. Meðal gesta var Svava Johansen ásamt manni sínum Birni Sveinbjörnssyni, kærustuparið **María Birta Bjarnadóttir** og Aron Bergmann og grínistinn Steindi Jr. sem passaði ekki alveg inn í tískuelítuna. Steindi mun enda hafa hvíslað því að einhverjum að hann hafi mætt sem fylgdarmaður kærustunnar, sem vildi ólm fara. Annar sem skar sig úr hópnum var rithöfundurinn Bjarni Bjarnason, tilvonandi eiginmaður Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra, en þau sátu saman á fremsta bekk.



Af öðrum gestum má nefna Hrafnhildi Hólmgeirsdóttur fatahönnuð, Önnu Margréti Björnsson, kynningarstjóra Hörpunnar, Sóleyju Kristjánsdóttur, sjónvarpskokkinn Hrefnu Rósu Sætran, fatahönnuðinn **Ernu Bergmann** og framleiðandann Hrefnu Björk Sverrisdóttur.



Forsetafrúin **Dorrit Moussaieff** var á meðal gesta á laugardagskvöldinu. Erlendir gestir máttu vart á sér heilum taka þegar forsetafrúin mætti á svæðið, svo glæsileg var innkoman. Að sögn viðstaddra valsaði Dorrit inn í salinn með tilþrifum, fleygði frá sér yfirhöfn sinni og stal senunni á augabragði.

**- hdm**



ARNÓR DAN ARNARSON: VONA AÐ ÉG NÁI AÐ KÍKJA TIL MÖMMU Í MAT

# HLJÓMSVEITIN AGENT FRESCO KEMUR FRAM Á HRÓARSKELDU

„Hróarskelda er búin að vera í uppáhaldi ógeðslega lengi. Ég hef farið fimm eða sex sinnum á hátíðina,“ segir Arnór Dan Arnarson, söngvari hljómsveitarinnar Agent Fresco.

Agent Fresco kemur fram á Hróarskelduhátíðinni sem fer fram í Danmörku 30. júní til 3. júlí. Hljómsveitin er enn sem komið er sú eina frá Íslandi sem hefur verið bókuð á hátíðina í ár, en í fyrra komu hljómsveitirnar FM Belfast og Sólstafir þar fram og árið þar áður voru Hjaltalín og Kira Kira fulltrúar íslensku þjóðarinnar á þessari stærstu tónlistarhátíð Danmerkur.

Arnór segir að hátíðin verði mikilvægur hlekkur í skipulagi Agent Fresco í sumar, en hljómsveitin stefnir á að vera á tónleikaferðalagi um Evrópu stærstan hluta sumarsins. „Við byggjum túrinn þá í kringum hátíðina,“ segir Arnór. „Þetta er svo frábær hátíð og það hjálpar nú þegar við erum að stíga fyrstu skrefin í Evrópu að koma þar fram – við ætlum að láta í okkur heyra í fyrsta skipti í Þýskalandi, Póllandi, Austurríki og Sviss.“

Fulltrúi Hróarskeldu mætti á Iceland Airwaves í október á síðasta ári og sendi strákunum í Agent Fresco póst eftir hátíðina. Þeir komu til hans plötu í gegnum vin Arnórs í Danmörku og skömmu síðar fengu þeir annan póst með boði um að koma fram á Hróarskeldu. Agent Fresco kemur fram í Pavilion Junior-tjaldinu, en á vefsíðu hátíðarinnar er talað um að hljómsveitir framtíðarinnar komi þar fram. „Vonandi opnar þetta dyrnar að einhverju stærra,“ segir Arnór. „Það komast margir í þetta tjald og það er alltaf vel mætt. Það yrði tryllt að fá marga áhorfendur.“



**TIL EVRÓPU** Strákarnir í Agent Fresco eru á leiðinni til Evrópu í sumar og ætla meðal annars að koma fram í Þýskalandi, Póllandi, í Sviss og að sjálfsögðu á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku. MYND/NITIN VADUKUL

Strákarnir í Agent Fresco eru allir miklir áhugamenn um Hróarskelduhátíðina og Arnór segir þá ætla að vera eins lengi og þeir geta á hátíðinni. „Við skoðuðum strax hvort það sé séns að vera aðeins lengur á hátíðinni – að minnsta kosti í einn dag,“ segir Arnór. „Það versta við að vera í hljómsveit er að maður fær engan tíma til að sjá hinar hljómsveitirnar. Vonum að það reddist. Ég vona líka að ég nái að kíkja til mömmu í mat.“

atlifannar@frettabladid.is

### MYNDAÐIR AF NITIN VADUKUL



Ljósmyndarinn Nitin Vadukul var staddur hér á landi á dögunum að vinna verkefni og tók myndir af Agent Fresco í leiðinni. Hann hefur tekið myndir af listamönnum á borð við Snoop Dogg, Dr. Dre, Eminem og hljómsveitinni Radiohead.

„Ég hitti hann í myndatöku og sagði í djóki að það væri gamn að fá að bóka hann næst - vitandi að hann kostar fáránlega mikið,“ segir Arnór. Vadukul tók hann á orðinu og bókaði Agent Fresco í myndatöku klukkan átta næsta morgun. Hluta af afrakstrinum má sjá hér fyrir ofan.




# Björk hafnar Glee

Ryan Murphy, skapari sjónvarpsþáttanna Glee, reyndi að fá að nota tónlist Bjarkar Guðmundsdóttur í þáttunum. Björk hafnaði beiðninni. Þetta kemur fram á vef Hollywood Reporter.

„Hún las handrit atriðisins og fannst það ekki passa við lagið sitt,“ segir Murphy. „Ég sagði henni að það væri í góðu lagi og hún sagði mér endilega að tala við sig síðar. Við lendum daglega í þessu.“

Björk bætist þar með í hóp með hljómsveitunum Foo Fighters og Kings of Leon sem eru á móti því að krakkarnir í Glee flytji tónlist þeirra. Ryan Murphy hefur verið gagnrýndur fyrir að taka óstinnt því upp þegar hljómsveitir hafna beiðnum hans um að nota tónlist þeirra og Dave Grohl, forsprakki Foo Fighters, jós yfir hann svívirðingum í viðtali nýlega.

Þessar deilur hafa vakið mikla athygli, enda er Glee á meðal vinsælustu sjónvarpsþátta Bandaríkjanna, en um tíu til þrettán milljónir manna horfa að jafnaði á hvern þátt. Elton John tjáði sig um málið á dögunum og sagði drengjunum í Kings of Leon að slaka á, enda ættu þeir að líta á beiðnina frá Glee sem hrós.

**- afb**



**BJÖRK Í GÓÐUM HÓPI** Björk, Kings of Leon og Foo Fighters vilja ekki heyra lögin sín í þáttunum Glee.


HVAÐ GETUM VIÐ GERT FYRIR ÞIG?
Þú ...
... getur gefið draum sem rætist
**Framtíðarsjóður** er rétta gjöfin fyrir fermingarbarn með framtíðardrauma.
Með því að leggja reglulega fyrir geta draumarnir ræst.
Hafðu samband og fáðu persónulega þjónustu.
Hvað getum við gert fyrir þig?
Sími 575 4000 I byr@byr.is I www.byr.is
BYR
Dynamo Reykjavík

# FRÉTTABLAÐIÐ

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR | PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík

LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík

logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stjörnulögmaður á fast

Hæstaréttarlögmaðurinn **Sveinn Andri Sveinsson** og fyrirsætan **Kristrún Ösp Barkardóttir** hafa nú opinberað ást sína. Sveinn Andri (47 ára) hefur verið titlaður sem einn af eftirsóttustu piparsveinum landsins og Kristrún Ösp (20 ára) komst í fréttir þegar hún átti í ástarsambandi við fótboltakempuna Dwight Yorke. „Afbrýðisemi er ein birtingarmynd öryggisleysis. Óöryggi í sambandi er eins og forsendubrestur í samningi :),“ segir stjörnulögmaðurinn á Facebook-síðu sinni þegar spurt er hvers vegna Kristrún sé enn með myndir af sér og fyrrverandi kærasta sínum á Facebook. Sveinn Andri fékk 22 „læk“ á það.



### Kári vinnur með Rice

Umboðsmaðurinn og tónleikahaldarinn **Kári Sturluson** hefur gengið til liðs við írska tónlistarmanninn Damien Rice og er orðinn hluti af umboðsteymi hans. Kári og Rice hafa starfað saman við ýmis verkefni undanfarin ár, en sá íslenski var hinum írska til að mynda innan handar þegar hann frumflutti og tók upp nýtt efni hér á landi í nóvember árið 2009. Ný plata er löngu orðin tímabær frá Damien Rice – hann gaf síðast út O árið 2006, þannig að Kári og félagar hafa eflaust í nógu að snúast í kringum söngvarann. **- sv, afb**



### Mest lesið | vísir

1. Þurftu að flýja með litla drenginn vegna hótana
2. Taldir hafa misnotað lítinn dreng gróflega
3. Hamingjusamasta kassadama Íslands
4. Icesave-fréttaskýring 6.hluti: ESA telur skyldur Íslendinga skýra..
5. A-fólk hefur hærri laun en B-fólkið





